



Á R S S K Ý R S L A

1996

REYKJAVÍK 1997

*Prentun:*  
*ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA HF.*

*Bókband:*  
*BÓKAVIRKIÐ HF.*

Gefið út af Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.  
Sími 569 9600, símbref 569 9605. Netfang: sedlabanki@centbk.is



## EFNISYFIRLIT

Bls.	
5	<i>I. Inngangur</i>
11	<i>II. Þróun efnahagsmála</i>
11	1. Alþjóðleg efnahags- og peningamál
14	2. Innlend hagþróun
22	3. Opinber fjármál
29	<i>III. Peningamál, gengismál og vaxtaþróun</i>
29	1. Stefnan í peningamálum
30	2. Aðgerðir í peningamálum
33	3. Gjaldeyrisviðskipti
35	4. Gengisþróun
36	5. Vaxtaþróun
41	<i>IV. Peninga- og fjármagnsmarkaðir</i>
41	1. Lánakerfið
45	2. Bankakerfið
50	3. Aðrar fjármálastofnanir
54	4. Greiðslu- og verðbréfamíðlun
60	5. Hlutfjármarkaður
63	<i>V. Greiðslujöfnuður og erlendar skuldir</i>
63	1. Greiðslujöfnuður við útlönd
68	2. Erlend skuldastaða
71	<i>VI. Erlend lánamál ríkissjóðs</i>
77	<i>VII. Eftirlit með fjármálamarkaðnum og afkoma fjármálastofnana</i>
77	1. Stofnanir og fyrirtæki sem eftirlit er haft með
78	2. Breytingar á lögum, reglum og reglugerðum
78	3. Afkoma fjármálastofnana
81	<i>VIII. Alþjóðastofnanir, ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar</i>
81	1. Alþjóðastofnanir
84	2. Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar
87	<i>IX. Afkoma Seðlabankans</i>
91	<i>X. Annáll peningamála 1996</i>
95	Fréttir Seðlabanka Íslands árið 1996
97	Töfluviðauki (sjá yfirlit á næstu síðu)
123	Ársreikningur Seðlabanka Íslands fyrir árið 1996
132	Stjórn bankans og starfslið

## TÖFLUVIÐAUKI

Bls.		
99	1. tafla	Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun
100	2. tafla	Fjármunamyndun
101	3. tafla	Vísitölur verðlags
102	4. tafla	Greiðslujöfnuður við útlönd
103	5. tafla	Greiðslujöfnuður við útlönd - ársfjórðungyfirlit
103	6. tafla	Löng erlend lán
104	7. tafla	Staða þjóðarbúsins út á við
104	8. tafla	Erlend staða Seðlabankans og erlend skammtífastaða innlánsstofnana
104	9. tafla	Fjármunaeign
105	10. tafla	Verðvísitölur og vöruviðskiptakjör
105	11. tafla	Opinber gengisvísitala og vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar
106	12. tafla	Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs
107	13. tafla	Fjármál hins opinbera
108	14. tafla	Sala ríkisverðbréfa
108	15. tafla	Skuldir ríkissjóðs
109	16. tafla	Seðlar og mynt
109	17. tafla	Skipting seðla og myntar eftir stærðum í árslok
110	18. tafla	Ávísanavelta
110	19. tafla	Úr reikningum Seðlabankans
111	20. tafla	Úr reikningum innlánsstofnana
111	21. tafla	Úr reikningum bankakerfisins
112	22. tafla	Innlán og útlán innlánsstofnana
113	23. tafla	Lánaflokkun innlánsstofnana
113	24. tafla	Efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða
114	25. tafla	Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða
114	26. tafla	Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða
115	27. tafla	Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða
115	28. tafla	Lánakerfið
116	29. tafla	Eignir lífeyrissjóða
116	30. tafla	Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabanka Íslands
117	31. tafla	Helstu meðalnafnvextir hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum
118	32. tafla	Helstu vextir skv. A- og B- tilkynningum Seðlabanka Íslands
119	33. tafla	Almennir inn- og útlánsvextir við Seðlabanka Íslands
119	34. tafla	Ávöxtun á peninga- og skuldabréfamarkaði
119	35. tafla	Lausafjár- og bindiskylduhlutföll
120	36. tafla	Efnahagsreikningur Seðlabankans
122	37. tafla	Meðalávöxtun á uppboðum ríkistryggðra verðbréfa


## INNGANGUR

# I


Árið 1994 hófst uppsveifla í efnahagslífinu eftir nokkurra ára stöðnun. Hún náði nýjum krafti á árinu 1996 þegar hagvöxtur varð rúmlega 5½%. Til samanburðar má minna á að hagvöxtur varð rúmlega 1% árið 1995 og 3½% árið 1994. Hagvöxtur á árinu 1996 varð mun meiri en í öðrum iðnríkjum. Áætlað er að hagvöxtur í löndum Evrópusambandsins hafi orðið um 1½% á árinu 1996, 2½% í Bandaríkjunum og 3½% í Japan. Margt bendir til þess að með miklum hagvexti hér á landi hafi sá slaki, sem verið hafði í hagkerfinu á undanförunum árum, horfið að verulegu leyti og Ísland þannig nálgast mörk fullrar framleiðslugetu. Þótt útflutningur vöru og þjónustu hafi vaxið um nærri 10% var það innlend eftirspurn, einkum einkaneysla, sem var meginþráttur hagvaxtar á árinu. Einkaneysla jókst um 6½%. Fjármunamyndun lagði einnig drjúgt til hagvaxtar, enda jókst hún um 23½%. Stækkun álversins í Straumsvík á þar mikinn þátt, en einnig varð umtalsverð aukning í ýmissi annarri atvinnuvegafjárfestingu.

Útflutningur vöru og þjónustu jókst um nærri 10% að raungildi, og má vel við það una. Þrátt fyrir það snerist viðskiptaafgangur undanfarinna ára í viðskiptahalla sem nam um 9 ma.kr. eða sem svarar 1,9% af landsframleiðslu. Ástæðurnar eru einkum tvær. Mikil raunaukning varð á innflutningi vöru og þjónustu eða um 16%. Einnig rýrnuðu viðskiptakjör í heild um rúm 3,5%. Lakari viðskiptajöfnuður á sér að hluta eðlilegar orsakir í tímabundinni aukningu innflutnings vegna álversframkvæmda og aðlögun einkaneyslu og eignar á varanlegum neyslugæðum að herra tekjustigi. Viðskiptahallinn er engu að síður áhyggjuefni, m.a. í ljósi mikilla erlendra skulda þjóðarinnar og þarfar hennar á að byggja upp eignir á meðan aldurssamsetning hennar er tiltölulega hagstæð.

Afkoma í atvinnurekstri var í heild allgöð á árinu, og mikillar bjartsýni gætti um framtíðarhorfur eins og sjá má m.a. af mikilli hækkun á verði hlutabréfa, en hún varð um 60% á árinu. Ástand á vinnumarkaði batnaði, og atvinnuleysi minnkaði í 4,3% að meðaltali. Árið 1995 náði atvinnuleysi 5% sem er hið mesta á eftirstríðsárunum. Að baki minna



atvinnuleysi lá meiri aukning atvinnu en á nokkru ári frá 1987 eða sem svarar nærri 3.000 störfum. Á móti kom að framboð vinnuafis jókst um 1,7% eða um 2.200 manns. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst verulega árið 1996 eða um 4½% í kjölfar 3½% vaxtar 1995. Þessi mikla tekjuaukning á tveimur árum átti drjúgan þátt í aukinni einkaneyslu 1996.




Verðbólga var hófleg á árinu, 2,3% á milli ára og 2% yfir árið. Á síðasta ársfjórðungi varð verðbólguhraðinn aðeins 0,6%, en þá er verðbreytingin frá þriðja til fjórða ársfjórðungs umreiknuð til árs. Þetta bendir ekki til verðbólguþrýstings þrátt fyrir mikinn hagvöxt og minnkandi atvinnuleysi. Tiltölulega lítið launaskrið á seinni helmingi ársins og lítil hækkun fasteignaverðs bendir í sömu átt. Ástæður þess að verðbólga hélt hófleg eru m.a. þær að aukin innlend eftirspurn beindist í ríkum mæli að innfluttri vöru og þjónustu fremur en innlendum framleiðsluþáttum og að nokkur slaki var enn í hagkerfinu í byrjun ársins.

Gengi íslensku krónunnar var mjög stöðugt 1996 og hefur reyndar verið svo frá miðju ári 1993. Gengi krónunnar styrktist heldur á árinu í heild eða um 0,59%, og var gengisvísitalan í árslok 0,5% yfir miðgengi sem ákveðið var í júní 1993. Nokkrar gengissveiflur urðu á árinu. Styrking gengisins kom einkum fram á tveimur síðustu mánuðum ársins, en þá varð verulegt innstreymi gjaldeyris. Engu að síður var raungengi krónunnar enn í sögulegu lágmarki, og hefur það m.a. átt þátt í að efla samkeppnis- og útflutningsiðnað sem geta nýtt sér lágt raungengi.

Eitt megináhyggjuefnið um árabíl í íslenskum efnahagsmálum hefur verið halli ríkissjóðs og tilsvarendi skuldaföfnun. Hallinn minnkaði verulega á árinu 1996 ef horft er framhjá vaxtagreiðslum vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina. Varð hallinn um 2 ma.kr. samanborið við nær 9 ma.kr. árið áður og 4 ma.kr. í fjárlögum ársins. Þetta verður að teljast nokkur árangur þótt mestan hluta batans megi rekja til áhrifa aukins hagvaxtar á tekjur ríkissjóðs. Áhyggjuefni er að útgjöld ríkissjóðs urðu verulega meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Tekjur ríkissjóðs jukust um nær 8% að raungildi miðað við verðlag þjóðarútgjalda, en útgjöld jukust að raungildi um rúmt 1½%, og stafar það einkum af auknum framlögum til mennta- og heilbrigðismála. Afkoma hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, á rekstrargrunni batnaði einnig á árinu, og varð halli þess um 1,8% af landsframleiðslu miðað við 3,0% árið áður. Þetta er þó ekki meira en þökkalegur árangur í ljósi mikils hagvaxtar. Útkoman var hins vegar góð á alþjóðlegan kvarða. Vegna öflugs hagvaxtar og tiltölulega lítills halla lækkuðu skuldir hins opinbera úr 59% af landsframleiðslu 1995 í 55½% árið 1996.

Eins og undanfarin ár var stöðugt verðlag markmið stefnu Seðlabankans í peningamálum. Stöðugt verðlag er mikilvæg forsenda hagvaxtar og bættra lífshjálara. Þessi stefna nýtur nú alþjóðlegrar viðurkenningar og er eitt aðalstefnumið seðlabanka víða um heim. Hér á landi er góð sátt um mikilvægi stöðugs verðlags. Í opnu hagkerfi eins og hinu íslenska er stöðugt gengi mikilvægt fyrir verðlagsþróunina.








Meðal annars af þeim sökum hefur stöðugt gengi verið millimarkmið stefnunnar í peningamálum. Í því felst að bankinn beitir stjórnækjum sínum til að halda gengi krónunnar innan tilskilinna marka. Vextir á peningamarkaði eru helsta stjórnækki bankans, og munur þeirra og sambærilegra vaxta í helstu viðskiptalöndum hefur áhrif á skammtíma-hreyfingar gjaldeyris til og frá landinu og þar með á framboð og eftirspurn eftir gjaldeyri og á gjaldeyrisforða Seðlabankans.

Aðgerðir Seðlabankans í peningamálum miðuðu að því að halda gengi krónunnar stöðugu og vel innan þeirra vikmarka sem ákveðin voru í september 1995. Á fyrsta ársfjórðungi varð töluvert innstreymi gjaldeyris, og gætti þá áhrifa af hækkun vaxta á peningamarkaði sem bankinn beitti sér fyrir í desember 1995. Í apríl taldi Seðlabankinn sér fært að lækka ávöxtun í viðskiptum sínum með ríkisvixla á peningamarkaði. Gjaldreyrisviðskipti voru síðan í jafnvægi fram eftir sumri, en þegar leið að hausti hófst útstreymi. Óvissan í kjaramálum og aukin eftirspurn í þjóðfélaginu réðu vafalaust miklu þar um. Seðlabankinn beitti sér fyrir hækkun vaxta á peningamarkaði í síðari hluta september og hækkaði jafnframt lausafjárhlutfall innlánsstofnana. Aðgerðir bankans skiluðu verulegum árangri á gjaldreyrismarkaði. Enn er ótímabært að meta áhrif aðgerðanna á útlánþróun, en þær beindust m.a. að því að hægja á vexti útlána í bankakerfinu.

Seðlabankinn hafði um nokkurt árabíl haft til athugunar að hverfa sem mest af langtímamarkaði fyrir skuldabréf, en frá árinu 1986 hafði hann verið viðskiptavaki fyrir spariskírteini ríkissjóðs. Í flestum iðnríkjum hafa seðlabankar litla möguleika til beinna áhrifa á ávöxtun á langtímamarkaði. Þeir hafa því víðast dregið sig út af honum. Á fyrri hluta árs 1995 reyndi Seðlabankinn að hverfa af langtímamarkaðinum, en sú tilraun bar ekki árangur þar sem aðrir voru ekki reiðubúnir til að taka að sér hlutverk viðskiptavaka. Bankinn bauð þá út meðal banka og verðbréfafyrirtækja fjárvörslu og hlutverk viðskiptavaka fyrir ríkisskuldabréf. Í febrúar gerði Seðlabankinn samninga við þrjú verðbréfafyrirtæki, og fólu þeir í sér að bankinn afhenti þeim hluta af verðbréfasafni sínu sem þau skyldu nota til að fjármagna og stunda eftirmarkaðsviðskipti með langtímabréf ríkissjóðs. Um leið hætti Seðlabankinn að gegna hlutverki viðskiptavaka með spariskírteini, hús-næðisbréf og ríkisbréf önnur en þau sem voru á gjalddaga 1996. Reynslan af þessum samningum var góð, og eftirmarkaðsviðskipti eflust. Það var ánægjuefni að langtímamarkaðurinn var orðinn svo þróaður að ekki var lengur þörf fyrir dagleg afskipti Seðlabankans af honum.

Undanfarin tvö ár hafa vextir í helstu viðskiptalöndum Íslands farið lækkandi, og gildir það bæði um vexti á löngum og stuttum skuldbindingum. Ástæðan er m.a. sú að vegna tiltölulega lítils hagvaxtar var slakað á í peningamálum. Hér á landi hefur raunin orðið önnur á peningamarkaði því að vextir fóru hækkandi, og munur þeirra og vegins meðaltals erlendra vaxta jókst. Aðstæður hafa verið aðrar hér á landi en í helstu viðskiptalöndum, ekki síst vegna vaxtar í efnahagslífinu sem






hefur kallað á aukid aðhald í peningamálum. Þá skortir enn nokkuð á að fullnægjandi trú ríki á framhald stöðugleika í verðlagi, og kemur það m.a. fram í vaxtamun hér og í öðrum löndum. Síðla árs 1996 bættist svo við óvissa um niðurstöðu kjaraviðræðna sem kallaði m.a. á hert aðhald í peningamálum. Í byrjun árs 1995 voru vextir á peningamarkaði hér á landi nær hinir sömu og meðaltal erlendra peningamarkaðsvaxta. Þess ber þá að minnast að fram til ársins 1995 var ekki mikil þörf á því að huga að vaxtamun á peningamarkaði hér og erlendis þar sem hömlur voru á streymi skammtímafjármagns milli Íslands og annarra landa. Í ársbyrjun 1995 var öllum hömlum létt af þessum fjármagnshreyfingum, og þá urðu peningamarkaðsvextir eitt mikilvægasta stjórnþækið til að hafa áhrif á þessa strauma. Í lok árs 1995 var vaxtamunur 2,1 prósentustig, jókst enn á árinu 1996 og var 2,8 prósentustig í lok ársins, en nokkrar sveiflur urðu á árinu.

Ávöxtun á verðtryggðum bréfum á skuldabréfamarkaði var nokkuð stöðug á árinu 1996. Nokkur lækkun varð þó um mitt ár, en hún gekk að verulegu leyti til baka. Víða um heim fer nú fram umræða um verðtryggingu fjárskuldbindinga, og virðist sem notkun hennar sé að fá aukinn byr. Tímamót urðu í þeim efnum í janúar 1997 þegar stærsti útgefandi ríkisskuldabréfa í heiminum, Bandaríkin, hélt fyrsta uppboð sitt á verðtryggðum 10 ára skuldabréfum. Hér á landi hefur verðtrygging lengi verið notuð, og er hlutdeild verðtryggðra skuldabréfa á fjármagnsmarkaði hvergi meiri en hér á landi. Stærsti markaður verðtryggðra bréfa er í Bretlandi, en þar í landi hafa verðtryggð bréf verið gefin út um nokkurt árabíl. Það sem hvetur til verðtryggingar er sú staðreynd að hún stuðlar að lægri raunávöxtun þar sem óvissan um verðbólgu langt fram í tímann veldur því að fjárfestar ætla sér óvissuálag á vexti.

Hér á landi var byrjað að selja óverðtryggð fimm ára ríkisbréf í október 1995. Í upphafi árs 1996 var ávöxtun þeirra 10,6% á eftirmarkaði, og í árslok var hún 9,4% samanborið við 5,8% ávöxtun verðtryggðra spariskírteina með sama líftíma.

Vextir banka og sparisjóða breyttust sjaldan á árinu 1996, og þegar árið er skoðað í heild hækkuðu vextir verðtryggðra innlána milli árána 1995 og 1996, og er það m.a. til marks um harða samkeppni um sparifé. Bankar og sparisjóðir virðast leitast við að bjóða sambærileg innlánskör og boðin eru á spariskírteinum. Útlánsvextir hækkðu talsvert umfram innlánsvexti á árinu, og raunvextir bankalána hækkðu einnig.

Í ársskýrslu Seðlabankans og öðrum ritum bankans hefur á undanförunum árum verið gerð grein fyrir þeim miklu breytingum sem orðið hafa á öllu umhverfi fjármagnsmarkaða. Ákvarðanir um vexti voru gefnar frjálssar, stofnað var Verðbréfaþing Íslands, og í kjölfarið komu verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir. Hömlum var að mestu létt af beinni fjárfestingu erlendra aðila og að fullu af flutningi fjármagns að og frá landinu. Gjaldeyrismarkaður var stofnaður, og peningamarkaður myndaðist eftir að ríkissjóður tók að mæta fjárþörf sinni á markaði í stað yfirdráttar í Seðlabankanum. Þetta eru nokkrar vörður á þeirri leið sem farin hefur verið á tiltölulega fáum árum. Allt hefur þetta gjörbreytt





starfsumhverfi og starfsaðferðum Seðlabankans. Í stað einhliða ákvarðana á ýmsum sviðum í miðstýrðu peningakerfi hefur bankinn nú fyrst og fremst áhrif með markaðsaðgerðum á peninga- og gjaldeyrismarkaði. Það krefst þess að stöðugt sé vakað yfir mörkuðunum og bankinn sé reiðubúinn að grípa inn í hvenær sem þörf er á. Jafnframt krefst það mikillar rannsóknarvinnu til að styðja og undirbyggja þær ákvarðanir bankans. Þessar áherslubreytingar leggja að mörgu leyti meiri kröfur á starfslíð bankans en áður og hafa jafnframt haft í för með sér breytingu á samsetningu starfslíðsins. Segja má að þessi þróun sé enn í fullum gangi og enginn vafi leiki á að hún muni halda áfram á næstu árum.

Mikilvægt og vaxandi verkefni Seðlabankans er að treysta öryggi í starfsemi fjármálastofnana. Þær öru breytingar, sem orðið hafa á löggjöf um lánastofnanir og verðbréfamarkaði á undanförunum árum, ásamt nær óheftu frelsi í fjármagnsflutningum gera auknar kröfur til opinbers eftirlits með þeim aðilum sem starfa á fjármagnsmarkaði. Kröfurnar koma ekki einungis frá opinberum aðilum, heldur einnig frá einstaklingum og fyrirtækjum sem skipta við þessar stofnanir. Auk þess hafa stjórnvöld með samningnum um hið evrópska efnahagssvæði gengist undir þær skyldur sem á aðildarríkin eru lagðar um að halda uppi opinberu eftirliti með fjármálastofnunum og fjármagnsmarkaði með þeim hætti sem greinir í tilskipunum Evrópusambandsins. Seðlabankanum hefur auk þess verið falið eftirlit með stofnunum sem falla utan gildandi tilskipana Evrópusambandsins, svo sem eftirlit með ársreikningum og endurskoðun líffeyrissjóða og eftirlit með húsbrefadeild Byggingarsjóðs ríkisins. Yfir 180 stofnanir falla nú undir eftirlitssvið bankaeftirlits Seðlabankans. Allt bendir til að umsvif bankaeftirlits muni enn aukast.

Þess er áður getið að Seðlabankinn annast ýmiss konar rannsóknarstarfsemi sem tengist gagnert aðgerðum hans á sviði peningamála eða áhrifum þeirra á verðlag, atvinnu og hagvöxt. Bankinn telur sér jafnframt skylt að annast rannsóknir á ýmsum þáttum sem tengjast ekki beint daglegum ákvörðunum, en eru til þess ætlaðar að skyggjast inn í framtíðina og gera bankanum og reyndar öðrum stofnunum þjóðfélagsins betur kleift að ganga á vit nýrra tíma og mæta nýjum aðstæðum. Hér skal gerð stutt grein fyrir tveimur slíkum verkefnum.

Í Maastricht-sáttmálanum frá 1992 er kveðið á um stofnun Myntbandalags Evrópu. Síðan hefur verið unnið að undirbúningi þess að tekin verði upp sameiginleg mynt þeirra Evrópusambandsríkja sem kjósa aðild að Myntbandalaginu og uppfylla skilyrði Maastricht-sáttmálans. Allur undirbúningur hefur miðað að því að hin nýja mynt, evró, verði tekin upp 1. janúar 1999. Þá verður Seðlabanki Evrópu búinn að taka við hlutverki Peningamálastofnunar Evrópu (EMI). Skilyrði aðildar að Myntbandalaginu er að ríki sé í Evrópusambandinu. Af þeirri ástæðu er ljóst að Ísland verður þar ekki með. Þetta breytir þó á ýmsan hátt stöðu Íslands og mun hafa áhrif hér þótt ekki verði séð að afdrifaríkar afleiðingar hljótt af. Seðlabankinn hefur talið nauðsynlegt

að gera sér grein fyrir því hver verði hugsanleg áhrif af þessum breytingum í peningamálum í Evrópu og hefur í því skyni stofnað til reglulegra funda með fulltrúum Peningamálastofnunar Evrópu. Þá var sérstökum starfshópi innan bankans falið að huga á breiðum grundvelli að áhrifum af breytingum í peningamálum í Evrópu á íslensk efnahags- og peningamál, starfsemi Seðlabanka Íslands og framtíðartengslum íslensks fjármálamarkaðar við hinn evrópska. Að þessu verkefni hefur verið unnið frá hausti 1996, og verður sérstaklega gerð grein fyrir því snemma árs 1997.

Hitt verkefnið, sem hér verður gert að umtalfefni, er athugun á greiðslumiðlunar- og uppgjörskerfum sem fram hefur farið innan Seðlabankans. Á undanförunum árum hafa orðið mjög órar breytingar á aðferðum við að koma greiðslum á milli aðila, hvort sem er innan sama hagkerfis eða milli landa. Aukið frjálsræði í viðskiptum, vöxtur alþjóðlegra viðskipta og miklar breytingar í samskiptatækni hafa valdið gagngerrri breytingu í þessum eignum. Að undanförunu hefur athygli verið beint í auknum mæli að greiðslumiðlunarkerfum og þá ekki síst til að kanna hvaða áhættur þeim eru samfara og hvernig tryggja megi öryggi þeirra. Á vettvangi seðlabanka, m.a. á Norðurlöndum, hefur þetta efni orðið æ fyrirferðarmeira. Þá má nefna að meðal verkefna, sem hvíla á Peningamálastofnun Evrópu, er að hanna greiðslumiðlunarkerfi sem notað verður a.m.k. innan Myntbandalags Evrópu.

Í Seðlabankanum var talið nauðsynlegt að huga frekar að þessum málum en gert hefur verið. Á vegum bankans hafa verið samdar tvær skýrslur um þessi efni. Í september 1996 kom út skýrsla um rafrænar greiðslur sem nú ryðja sér mjög til rúms og eiga vafalaust eftir að verða fyrirferðarmeiri þegar fram líða stundir. Snemma árs 1997 kom út á vegum bankans sérstök greinargerð um greiðslumiðlun sem bendir til þess að gera þurfi breytingar á greiðslumiðlunarkerfum hér á landi, ekki síst til að auka öryggi þeirra og samræma þau alþjóðlegum kerfum, t.d. því sem nú er í undirbúningi á vegum Peningamálastofnunar Evrópu. Þetta er meðal verkefna sem augljóslega verður að leggja aukna áherslu á í náninni framtíð.




## ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

# II

### 1. ALÞJÓÐLEG EFNAHAGS- OG PENINGAMÁL

Efnahagsástand í helstu iðnríkjum heims batnaði á heildina litið á árinu 1996. Í Bandaríkjunum var nokkuð öflugur hagvöxtur á árinu og framleiðslugeta talin nálægt því að vera nýtt að fullu. Hagvöxtur í Evrópu var aftur á móti fremur dræmur, en fór þó heldur vaxandi síðari hluta ársins. Verðbólga var lítil í nágrannalöndunum og reyndar í flestum ríkjum heims. Hvað varðar þróun á vinnumarkaði skipti hins vegar nokkuð í tvö horn. Atvinnuleysi var með minnsta móti í Bandaríkjunum, en fór vaxandi víða í Evrópu. Í Þýskalandi og Frakklandi varð atvinnuleysi hið

Hagvöxtur og magnvöxtur heimsverslunar  
% breytingar á milli ára



Tafla II.1. Alþjóðleg hagþróun

Hagvöxtur, % á ári <sup>1</sup>	Áætlun				
	1992	1993	1994	1995	1996
Heimsframleiðsla .....	2,0	2,5	3,7	3,4	3,7
Evrópusambandið.....	0,9	-0,5	2,9	2,5	1,6
Bandaríkin.....	2,7	2,3	3,5	2,0	2,4
Japan.....	1,1	0,1	0,5	0,9	3,6
Þróunarlönd.....	6,4	6,3	6,6	5,9	6,3
A-Evrópa og fyrrv. Sovétríki.....	-15,2	-9,1	-8,8	-1,4	0,6
Magnvöxtur heimsverslunar, % á ári	6,1	3,9	8,8	8,4	6,6
Verðbólga <sup>2</sup>					
Evrópusambandið.....	4,5	3,5	3,0	3,1	2,6
Bandaríkin.....	3,0	3,0	2,6	2,8	2,9
Atvinnuleysi <sup>3</sup>					
Evrópusambandið.....	9,4	10,9	11,4	11,0	11,4
Bandaríkin.....	7,5	6,9	6,0	5,5	5,4
Opinber jöfnuður <sup>4</sup>					
Evrópusambandið.....	-5,2	-6,5	-5,7	-5,2	-4,6
Bandaríkin.....	-4,4	-3,6	-2,3	-2,0	-1,6

1. Raunbreyting landsframleiðslu á milli ára. Vöxtur heimsframleiðslu og landsframleiðslu þróunar- og umskiptaríkja (A-Evrópu og fyrrv. Sovétríkja) er samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í september 1996. 2. Verðbólga ársins 1996 er skv. *Consensus Forecast* janúar 1997 (Bandaríkin) og *European Economy* (Evrópa), en verðbólga fyrri ára samkvæmt *OECD Economic Outlook*, desember 1996. 3. Skilgreining OECD/ILO. 4. Tekjujöfnuður hins opinbera; ríkis, sveitarfélaga og almanna-trygginga.

mesta frá lokum heimskreppunnar á fjórða áratug aldarinnar. Ríkisfjármál helstu ríkja heims árið 1996 einkenndust af viðleitni til aukins aðhalds, sem í Evrópu tengist hinum efnahagslegu skilyrðum fyrir þátttöku í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (EMU). Í Japan hafa stjórnvöld einnig verið að draga úr hallarekstri ríkissjóðs sem beitt var gagnert til þess að örva hagvöxt á síðustu árum.

### Verðlagsþróun

Í Evrópu var verðbólga á árinu 1996 hin minnsta í áratugi. Lítil verðbólga skýrist meðal annars af töluverðri vunnýtri framleiðslugetu í flestum Evrópuríkjum og hægum hagvexti á árinu. Neysluverð í ríkjum Evrópusambandsins hækkaði um 2,6% milli árana 1995 og 1996. Í Þýskalandi nam hækkun neysluverðs 1,5% og 2% í Frakklandi. Sé litið á breytingu neysluverðs yfir árið, var verðbólga undir 2% í fjórum ríkjum Evrópusambandsins. Samkvæmt Maastricht-samningnum má verðbólga í þeim ríkjum, sem taka vilja þátt í Efnahags- og myntbandalaginu frá upphafi, ekki vera meira en 1,5% umfram verðbólgu í þeim þremur löndum sem búa við hagstæðasta verðlagsþróun miðað við samhæfða vísitölu neysluverðs. Samkvæmt útreikningum Peningastofnunar Evrópu var verðbólga að meðaltali 1,1% í þeim þremur Evrópusambandsríkjum (Finnlandi, Hollandi og Þýskalandi) sem bjuggu við lægsta verðbólgu í október 1996. Miðað við verðbólgu ársins 1996 þýddi þetta að verðbólga yrði að vera innan við 2,6%. Munur á verðbólgu í löndum Evrópusambandsins hefur minnkað greinilega. Verulega dró úr verðbólgu í ýmsum Suður-Evrópuríkjum, einkum Ítalíu, og eygja þau nú möguleika á að uppfylla skilyrði Maastricht-sáttmálans um verðlagsþróun áður en ákvörðun verður tekin um aðild árið 1998.

Í Bandaríkjunum, þar sem framleiðslugeta var líklega því sem næst fullnýtt, hélst verðbólga einnig innan hóflegra marka árið 1996. Í ljósi þess að atvinnuleysi á árinu 1996 var minna en það hefur verið um árabíl vöruðu ýmsir aðilar, m.a. alþjóðastofnanir, við hættu á aukinni verðbólgu. Bandaríski seðlabankinn hélt hins vegar að sér höndum á árinu og hækkaði ekki vexti þrátt fyrir áskoranir um slíkt. Þá ákvörðun virðist bankinn hafa byggt á því að hækkun langtímafaxta, sem varð um miðbik ársins, hafi falið í sér nægilegt sjálfvirkt aðhald. Jafnframt virðist bankinn álíta að það atvinnuleysisstig sem samræmist óbreyttri verðbólgu kunni að hafa lækkað frá því sem áður var eða áður var talið. Hér kann einnig að skipta máli hve hratt framleiðsla og atvinnustig nálgast þau mörk sem samræmast verðlagsstöðugleika til lengri tíma. Aðrir hafa þó talið að þróun launa á árinu 1996 sýni ótvíræða tilhneingingu til hækkunar, sem gefi vísbendingu um undirliggjandi þrýsting á verðlag.

Í Japan hefur verðbólga verið nálægt núlli um árabíl, og svo var einnig á árinu 1996. Þótt verulega rættist úr hagvexti, einkum í byrjun ársins, hömluðu aðgerðir til þess að draga úr hallarekstri hins opinbera gegn aukinni eftirspurn síðar á árinu.

*Jöfnuður hins opinbera  
sem % af VLF*

	1993	1995	1996
Bandaríkin	-3,6	-2,0	-1,7
Japan	-1,6	-3,3	-4,1
Þýskaland	-3,5	-3,6	-4,1
Frakkland	-6,1	-4,8	-4,2
Ítalía	-9,6	-7,1	-6,7
Bretland	-7,8	-5,7	-4,8
Kanada	-7,3	-4,1	-2,7
Svíþjóð	-13,4	-8,1	-4,2
Ísland <sup>1</sup>	-4,5	-3,3	-1,8
Evrópu- sambandið	-6,5	-5,2	-4,7

1. Án áfallinna lífeyrisskuldbindinga.  
Heimildir: OECD, Seðlabanki Íslands.



## Opinber fjármál

Ástand opinberra fjármála í Evrópu markast sem fyrr segir mjög af þeim skilyrðum sem sett eru í Maastricht-sáttmálanum fyrir þátttöku í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Samkvæmt sáttmálanum skal halli hins opinbera ekki vera meiri en sem nemur 3% af landsframleiðslu og skuldir hins opinbera vera innan við 60% eða ört minnkandi. Ljóst er að flest ríkin eiga í miklum erfiðleikum með að ná þessu markmiði. Hægur hagvöxtur olli því að tekjur uxu ekki nægilega hratt til þess að mæta útgjöldum eins og áætlað var, og ekki bætti úr skák að aukið aðhald flestra Evrópuríkja í ríkisfjármálum lagðist á sömu sveif og hægði enn frekar á hagvexti. Það er því við ramman reip að draga. Á árinu 1996 fullnægði Lúxemborg, eitt landa Evrópusambandsins, öllum skilyrðum Maastricht-sáttmálans. Segja má að þá hafi baráttu Evrópusambandsríkja við að uppfylla Maastricht-skilyrðin hafist fyrir alvöru. Jafnvel lönd sem hingað til hafa verið talin fjarri því að eiga möguleika á þátttöku í Myntbandalaginu frá upphafi, t.d. Ítalía og Spánn, stefna að því að uppfylla skilyrðin árið 1997, en miðað verður við efnahagslegan árangur væntanlegra aðildarríkja það ár þegar ákvörðun verður tekin um hvaða lönd geta gerst aðilar að Myntbandalaginu frá upphafi, 1. janúar 1999. Áætlað er að hlutfall halla hins opinbera á móti landsframleiðslu hafi árið 1996 verið 4,2% í Þýskalandi og í Frakklandi og 6,7% á Ítalíu.


Halli hins opinbera í Bandaríkjunum var töluvert minni en í flestum Evrópuríkjum eða 1,7% af landsframleiðslu. Í Japan er áætlað að halli hins opinbera hafi numið 4,1% af landsframleiðslu árið 1996, sem er aukning frá árinu áður. Tímabundin skattalækkun, er gripið var til í örvunarskyni árið 1994, gekk þó til baka síðari hluta ársins sem fyrr segir. Ef afgangur sem er á rekstri almannatrygginga er ekki með í dæminu var halli hins opinbera í Japan mun meiri eða um 7%.

## Vaxta og gengisþróun

Langtímvextir í helstu ríkjum heims hækkuðu nokkuð á fyrri hluta ársins 1996, en tóku að lækka á ný á þriðja ársfjórðungi og voru víða orðnir lægri eða svipaðir í lok ársins og við upphaf þess. Fyrri hluta ársins varð vaxtahækkunin einna mest í Bandaríkjunum, og átti það sinn þátt í því, sem fyrr segir, að bandaríski seðlabankinn ákvað að stuðla ekki að hækkun skammtímvaxta, þrátt fyrir að hagvöxtur væri um skeið umfram metna hagvaxtargetu til lengri tíma. Langtímvextir í Bandaríkjunum hækkuðu úr 5,6% að meðaltali í janúar í tæp 7% um mitt sumar, en voru 6,3% í desember. Vaxtaþróun í Þýskalandi og Frakklandi fylgdi svipaðri meginstefnu, en langtímvextir í þessum löndum voru við lok ársins u.þ.b. ½% lægri en í Bandaríkjunum. Athyglisvert er að vaxtamunur á milli þýskra og franskra langtímabréfa nánast hvarf á árinu, og endurspeglar það líklega væntingar um að myntsamruni muni eiga sér stað milli þessara ríkja í fyrirsjánnlegri framtíð. Munur langtímvaxta meðal Evrópusambandsríkja minnkaði almennt á árinu, og kom það fram með hvað gleggstum hætti á Spáni og á Ítalíu, þar sem meðalmunur á ítölskum og þýskum langtímvöxtum








lækkaði úr 4,3% í janúar í 1,7% í desember. Undantekning frá hinni almennu tilhneigingu til minni munar langtímavaxta í Evrópu var vaxtaþróunin í Bretlandi, en munur á breskum og þýskum langtímavöxtum jókst lítillega á árinu.

Ólíkt langtímavöxtum urðu fremur litlar hreyfingar á skammtímavöxtum í stærstu efnahagsveldunum, Bandaríkjunum, Þýskalandi og Japan. Í desember voru skammtímavextir (3ja mánaða) í Bandaríkjunum 5,4%, dálítið hærri en ársbyrjun, í Þýskalandi 3,3%, dálítið lægri en í ársbyrjun, og í Japan 0,4%, örlítið lægri en í ársbyrjun. Veruleg lækking skammtímavaxta varð hins vegar í þeim Evrópusambandsríkjum, öðrum en Þýskalandi, sem hafa sett sér það markmið að taka þátt í Efnahags- og myntbandalagi Evrópu og hafa af þeim sökum orðið að grípa til aukins aðhalds í ríkisfjármálum. Þannig voru skammtímavextir á Ítalíu, sem voru að meðaltali tæp 10% í febrúar og mars 1996, komnir niður í 6% í desember.

Japanska jenið, sem á árinu 1995 reis mun hærra en talið var samræmast undirliggjandi efnahagsaðstæðum, hélt áfram að veikjast gagnvart Bandaríkjadal. Í árslok 1996 hafði jenið lækkað um 30% frá hámarkinu 1995, þar af rúm 10% á árinu. Þýska markið hélt einnig áfram að veikjast gagnvart dalnum og lækkaði um tæp 8% gagnvart honum frá upphafi til loka árs. Flestir evrópskir gjaldmiðlar fylgdu þróun þýska marksins eftir. Helstu undantekningar frá því er umtalsverð styrking sterlingspundsins, ítölsku lírunnar og sænsku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal og þýsku marki. Eftir að hafa veikst lítillega í byrjun ársins reis pundið hratt á seinni hluta ársins og hafði á tímabilinu frá maí til ársloka hækkað um 10% gagnvart Bandaríkjadal. Ítalska líran styrktist í kjölfar áforma og aðgerða á sviði ríkisfjármála, og í nóvember var tekin ákvörðun um að tengja líruna gengissamstarfi Evrópuríkja (ERM) á ný eftir rúmlega þriggja ára flot. Finnska markið tengdist einnig gengissamstarfinu á árinu.



## 2. INNLEND HAGÞRÓUN

Sú efnahagslega uppsveifla sem hófst árið 1994 náði nýjum krafti á árinu 1996 þar sem hagvöxtur varð 5,7%. Margt bendir til að með þessum mikla hagvexti hafi sá slaki sem verið hafði í hagkerfinu á undanförmum árum minnkað verulega og það hafi komist nálægt mörkum fullrar nýtingar á framleiðslugetu. Hagvöxturinn var drifinn áfram af aukinni einkaneyslu og stóraukinni fjárfestingu, en annað árið í röð varð framlag utanríkisviðskipta neikvætt þar sem innflutningur jókst langt umfram aukningu útflutnings og viðskiptakjör versnuðu. Áhrif þessarar þróunar urðu þau að viðskiptaafgangur næstu þriggja ára á undan snerist í viðskiptahalla. Afkoma í atvinnurekstri varð á heildina lítið tiltölulega góð, og bjartsýni gætti um framtíðarhorfur eins og m.a. má sjá af mikilli hækkun á verði hlutabréfa. Ástand á vinnumarkaði batnaði á árinu, þar sem störfum fjölgaði meira en gerst

hafði síðan á árinu 1987 og atvinnuleysi minnkaði. Mikil aukning varð á atvinnutekjum og ráðstöfunartekjum heimilanna, og átti það drjúgan þátt í mikilli aukningu einkaneyslu á árinu. Verðbólga hélst hófleg á árinu. Hún varð 2,3% milli ára og 2% yfir árið. Á síðasta ársfjórðungi var verðbólguhraðinn aðeins um 0,6%. Þetta bendir til þess að verðbólguþrýstingur hafi ekki verið mikill á árinu, þrátt fyrir mikinn hagvöxt og minnkandi atvinnuleysi. Tiltölulega lítið launaskrið á seinni helmingi ársins og lítil hækkun á fasteignaverði bendir í sömu átt. Ástæður þess að verðbólga hélst hófleg eru m.a. þær að aukin innlend eftirspurn beindist í ríkum mæli að innflutningi fremur en innlendum framleiðsluþáttum og að nokkur slaki var enn til staðar í byrjun ársins.


### Ytri skilyrði og samkeppnisstaða

Ytri skilyrði þjóðarbúsins voru í heildina hagstæð á árinu, og má að mestu leyti þakka það góðum sjávarafli. Viðskiptakjör rýrnuðu þó um 3,7% í heildina og nærri 5% í vöruviðskiptum. Meginástæður þessarar óhagstæðu viðskiptakjarapróunar voru óhagstæð verðþróun sjávarafurða og mikil hækkun á verði innflutts eldsneytis.


Árið 1996 reyndist mesta aflaár Íslandssögunnar ef miðað er við afla mældan í tonnum. Heildarafli á árinu nam rúmlega 2 milljónum tonna sem er 27% aukning frá árinu áður. Stóran hluta aukningarinnar má rekja til 65% aukningar loðnuafli. Nokkur aukning varð í þorskafla á árinu eftir margra ára samdrátt þó svo þorskafla af fjarmiðum hafi dregist nokkuð saman. Síldarafllinn varð hins vegar minni en árið á undan, en meiri hluti hans fór í verðmætari vinnslu. Nokkur aukning varð einnig í rækjuafli sem eingöngu má rekja til aukins afli utan kvóta. Sökum þess að loðnuafli er ekki eins verðmætur og ýmis annar afli var aukning heildarverðmætis aflans á föstu verði nokkru minni en aukning í tonnum gefur til kynna eða 6,7%. Aflaverðmæti ársins 1996 var hið mesta í fimm ár eða svipað og 1990.

Verðlagsþróun sjávarafurða var á hinn bóginn heldur óhagstæð á árinu. Meðalútflutningsverð árið 1996 var 2,4% lægra en árið áður. Verðlag fór lækkandi framan af árinu, sem að hluta má skýra með árstíðabundinni sveiflu, en hækkaði heldur síðari hluta ársins. Verðlag í erlendri mynt var við árslok 3% lægra en í ársbyrjun. Meðfylgjandi mynd bregður upp tvenns konar mælikvarða á hversu hagstætt eða óhagstætt verðlag útfluttra sjávarafurða var á árinu 1996. Gildari ferillinn sýnir útflutningsverðlag sjávarafurða í krónum staðvirt með verðvísitölu þjóðarútgjalda. Á þennan mælikvarða er það verð sem fæst fyrir útfluttar sjávarafurðir nokkuð undir meðallagi síðustu ára miðað við innlenda verðmætarádstöfun. Grennri ferillinn sýnir hins vegar hvernig verð sjávarafurða í erlendri mynt hefur þróast miðað við erlent neysluverðlag. Á þann mælikvarða mælt var verðlag sjávarafurða hið lægsta um langt árabil. Það er því fyrst og fremst hið lága raungengi sem náðist fram með gengislækkunum árána 1992 og 1993 sem veldur því að sjávarútvegurinn býr við þokkaleg ytri skilyrði.

Þjóðartekjur, útflutningstekjur og sjávarafurðaframleiðsla




Verðmæti heildarafla og verð sjávarafurða 1990=100






### Raungengi krónunnar Ársfjórðungslegt



### Útflutningsframleiðsla og þjónustutekjur Magnbreytingar frá fyrra ári



### Útanríkisviðskipti

Þrátt fyrir góðan vöxt útflutnings á árinu 1996, einkum vöruútflutnings, snerist viðskiptaafgangur undanfarinna ára í viðskiptahalla sem nam 9,1 ma.kr. eða sem svarar 1,9% af landsframleiðslu. Viðskiptajöfnuður versnaði um 2,7 ma.kr. milli árana 1995 og 1996 og má að u.þ.b. 1/3 rekja það til rýrnunar viðskiptakjara, sem varð rúmlega 3/2% á heildina litið. Aðalástæða viðskiptahallans, sem skýrir 2/3 breytingarinnar, var þó mjög mikil aukning innflutnings eða sem nam 16% að raungildi.

Þessa miklu innflutningsaukningu má að hluta rekja til tímabundinnar aukningar innflutnings vegna álversframkvæmda og tengdrar fjárfestingar, en að mestu skýrist hún þó af mikilli aukningu almenns innflutnings, einkum á fjárfestingar- og rekstrarvöru. Þannig skýrast rúm 55% af aukningunni af fjárfestingar- og rekstrarvörum án stóriðju, tæp 9% af fjárfestingar- og rekstrarvörum fyrir stóriðju, tæp 11% af innflutningi eldsneytis og rúm 24% af neysluvarningi, þ.m.t. fólksbifreiðum. Innflutningur neysluvöru jókst um 13% að raungildi, en sú tala felur í sér rúmlega 40% aukningu á innflutningi bifreiða sem þó átti aðeins rúmlega 9% hlut í innflutningsaukningunni þar sem bifreiðainnflutningur er aðeins um 5% af vöruinnflutningi. Innflutningur á fjárfestingarvöru, annarri en skipum og flugvélum, jókst um fjórðung, en tæp 30% ef allt er talið. Verðmæti innfluttrar þjónustu á árinu 1996 jókst hlutfallslega álíka mikið eða meira en vöruinnflutningurinn eða sem svarar rúmum 16% að raunvirði. Útgjöld vegna ferðalaga jukust um 13%.

Alls jókst útflutningur um tæp 10% að raungildi, og var aukningin svipuð í þjónustu- og vöruútflutningi. Mestu skiptir að útflutningur sjávarafurða jókst um 13% að magni. Aukning útflutningsframleiðslu sjávarafurða var hins vegar nokkru minni eða tæp 9% sökum töluverðrar söfnunar útflutningsvörubirgða árið 1995. Aukning gjaldeyrisverðmætis útflutnings frá árinu áður skýrðist að 90% af auknum útflutningi sjávarafurða en afgangurinn skýrðist af landbúnaðarvörum og svokölluðum öðrum vörum sem telja þó ekki iðnvarning. Stóriðjuútflutningur stóð hins vegar í stað, og útflutningur annarrar iðnaðarvöru dróst nokkuð saman eftir mikinn vöxt síðastliðin tvö ár. Verðlagsþróun sjávarafurða var óhagstæð á árinu eins og fyrr var getið, og lækkaði verðlag þeirra um 2,4% að meðaltali, en verðlag vöruútflutningsins í heild um 1,4%. Verðmæti útfluttrar þjónustu árið 1996 jókst um 13%, og er magnþáttur þeirrar aukningar áætlaður um 10%. Mest verðmætaaukning varð í samgöngulið útfluttrar þjónustu eða sem nemur rúmlega 5 milljörðum, sem er 30% aukning að nafnvirði. Nokkur aukning varð á komum erlendra ferðamanna til landsins, sem skýrir að hluta þá aukningu sem varð á samgönguliðnum. Að miklu leyti verður hins vegar að skýra hana með meiri umsvifum samgöngufyrirtækja annars vegar og breytingum á rekstrarformi þeirra hins vegar, sem m.a. birtist í auknum tekjum og um leið útgjöldum vegna leigu samgöngutækja. Vöxtur þess háttar rekstrar kemur því fram á báðum hliðum þjónustujafnaðar, en leggur ekki að sama skapi til viðskiptajafnaðar og þjóðartekna. Þó svo fleiri ferðamenn hafi komið til landsins drógust tekjur af erlendum ferðamönnum saman

um 5% að nafnvirði, sem felur í sér að dregið hefur úr eyðslu hvers ferðamanns. Ýmis önnur útflutt þjónusta jókst um 5%.

### Hagvöxtur og þjóðarútgjöld

Efnahagsuppsveiflan sem hófst árið 1994 sótti í sig veðrið á árinu 1996, og varð hagvöxtur á árinu 1996 hinn mesti síðan 1987. Áætlað er að verg landsframleiðsla hafi aukist um 5,7% á árinu. Mikil aukning varð bæði í einkaneyslu og fjármunamyndun, eins og ljóst má vera af þeim innflutningstölum sem þegar hefur verið fjallað um. Áætlað er að einkaneyslan hafi aukist um 6,5%, en fjárfesting um 23,5%. Samneyslan jókst hins vegar töluvert minna en landsframleiðslan eða um 2,5%.


Aukna fjárfestingu á árinu verður að skoða í ljósi þróunar fjárfestingar síðasta áratuginn. Undanfarin fjögur ár hafði fjárfesting verið í mikilli lægð, sem samkvæmt nýjasta endurmati á þjóðhagsreikningum náði ekki botni fyrir en árið 1995, en ekki 1994 eins og áður var talið. Þrátt fyrir hina miklu uppsveiflu árið 1996 var raunvirði fjárfestingar á árinu þó lægra en það var á árunum 1987-1991. Þegar tillit er tekið til þess að í aukningu ársins 1996 er fjárfesting vegna stækkunar álversins í Straumsvík, verður að draga þá ályktun að fjárfesting á árinu hafi ekki verið meiri en telja má eðlilegt í meðalárferði. Í heild nam fjármunamyndun um 17,4% af landsframleiðslu samanborið við 14,6% árið áður, sem var sögulegt lágmark eftirstriðsáranna. Til samanburðar má geta þess að fjármunamyndun var að meðaltali 21,5% af landsframleiðslu á níunda áratugnum. Að stóriðju slepptri varð einna mest aukning fjármunamyndunar í sjávarútvegi, en hún þrefaldaðist í veiðum og jókst um 23% í vinnslu sjávarafurða. Fjárfesting í iðnaði án stóriðju jókst um 14%. Í heild jókst atvinnuvegafjárfesting án ál og fjárfestinga Landsvirkjunar um 12,4%. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst um 4% eftir nær 10% samdrátt árið áður og var því minni en á árinu 1994. Fjárfesting á vegum hins opinbera dróst saman þriðja árið í röð, nú um 1,4%.

Með aukningu einkaneyslu um 6,5% hefur sú lækkun einkaneyslu sem átti sér stað á árunum 1992-1994 að verulegu leyti gengið til baka. Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu varð 61,5% sem er svipað hlutfall og var að meðaltali á árunum 1980-1995, en á árinu 1994 fór hlutfallið niður fyrir 60%. Einkaneysla á mann varð rúmlega 2% hærri


Tafla II.2. Helstu þjóðhagsstærðir  
Árlegar breytingar í %

	1992	1993	1994	1995	1996
Einkaneysla	-4,4	-4,5	1,8	4,6	6,5
Samneysla	-0,8	2,3	3,7	1,3	2,5
Fjármunamyndun	-11,1	-11,5	-1,1	-2,8	23,5
Þjóðarútgjöld	-5,3	-4,1	1,5	3,4	7,4
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,7	6,6	9,8	-2,3	9,9
Innflutningur vöru og þjónustu	-7,8	-8,7	4,1	3,8	16,0
Landsframleiðsla	-3,3	0,8	3,5	1,2	5,7
Þjóðartekjur	-4,3	-0,9	3,5	2,1	4,4
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-3,0	0,1	1,9	0,8	-1,9


### Hlutdeild í hagvexti



### Fjármunamyndun Magnþróun, 1990 = 100







en 1990 og var við það að ná toppinum 1991. Neysluaukningu ársins má að verulegu leyti skýra með auknum ráðstöfunartekjum heimilanna, en talið er að þær hafi í heild aukist um 5,5% að raungildi. Það sem á vantar að raunaukning ráðstöfunartekna samsvari raunaukningu einkaneyslu er nokkurn veginn í samræmi við aukningu raunverðmætis fólksbifreiðaeignar, sem þannig virðist að mestu leyti hafa verið fjármögnuð með lánsfé. Áætlað er að skuldir heimilanna hafi aukist að raungildi um 8½%, eða um rúma 27 ma.kr. Auknum skuldum virðist að mestu hafa verið varið til eignaaukningar bæði í fasteignum, bifreiðum og fjáreignum. Eigiðfjárhlutfall heimilanna að frátöldum eignum þeirra í lífeyrissjóðum breyttist því ekki og varð rétt tæp 60% eins og árið áður. Í þetta hlutfall vantar hins vegar hlutfjáreign heimilanna sem jókst líklega umtalsvert á árinu, eins og kemur fram síðar í þessari skýrslu. Skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum jukust úr 128% 1995 í rétt tæp 130% 1996. Þótt fjárfesting heimilanna í íbúðarhúsnæði ykist á árinu 1996 leiddi sú aukning ekki til hækkunar fasteignaverðs, a.m.k. ekki á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fermetraverð íbúða í fjöl- býlishúsi stóð nokkurn veginn í stað, eftir lækkan á undan.

Verrí viðskiptajöfnuður samanborið við árið á undan á eins og fram er komið að nokkru leyti skýringar annars vegar í tímabundinni fjárfestingu vegna stóriðjuframkvæmda og hins vegar í aukinni einkaneyslu og eign á varanlegum neyslugæðum sem stafar af hjartari horfum um framtíðartekjur. Þegar stóriðju fjárfesting fer að skila sér í auknum útflutningstekjum og eign á varanlegum neyslugæðum hefur náð nýrri kjörstöðu má búast við að viðskiptajöfnuður batni á ný. Einnig má binda nokkrar vonir við að rýrnun viðskiptakjara á árinu sé í einhverjum mæli tímabundin. Á móti kemur að undirstöður útflutnings eru ekki allar jafn traustar. Stóran hluta uppsveiflunnar í útflutningi sjávarafurða má t.d. rekja til aukins loðnuaflla og verðmætari vinnslu hans, en veiðanlegur stofn loðnu og gæði hans til verðmætrar vinnslu er hvorttveggja afar breytilegt. Veiðar á fjarriðum hafa að miklu leyti grundvallast á óheftri veiði, t.d. á rækju á Flæmingjagrunni sem verið er að koma stjórn á, og alls óvíst er því um hversu miklar útflutningstekjur af þeim verða til frambúðar.

Það er hins vegar áhyggjuefni að viðskiptahalli skuli myndast við fjárfestingarstig sem er, þrátt fyrir aukningu fjárfestingar á árinu, tiltölulega lágt í sögulegu samhengi, sérstaklega þegar horft er til mikilla erlendra skulda þjóðarbúsins og þess að þörf er á að eignastáða þess batni á komandi árum vegna tiltölulega hagstæðrar aldurssamsetningar þjóðarinnar um þessar mundir. Þjóðhagslegur sparnaður er því of lítill.

### Framleiðsla og afkoma helstu atvinnuvega

Afkoma fyrirtækja virðist hafa á heildina litið verið nokkuð góð á árinu eins og reyndar næstu tvö ár á undan. Hlutfall vergs rekstrarafgangs af þáttatekjum er góð vísbending um heildarafkomu fyrirtækjanna í þjóðarbúinu. Á árunum 1985-89 nam þetta hlutfall að meðaltali 34,8%. Hlutfallið hefur farið nokkuð hækkandi frá 1990 og var 36,5% að



meðaltali á árabílinu 1990-95, en var tæplega 35% árið 1996, 2% lægra en árið áður. Í upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um hreinan hagnað fyrirtækja af reglulegri starfsemi, sem birtast í ársreikningaskýrslum stofnunarinnar, kemur fram að hagnaður af reglulegri starfsemi fyrirtækja fyrir skatta hafi farið vaxandi á undanförunum árum. Þannig nam hagnaðurinn 3,2% árið 1994 og 3,4% árið 1995. Endanlegar tölur vegna ársins 1996 liggja enn ekki fyrir, en áætlun Þjóðhagsstofnunar um hagnað fyrirtækja 1996 bendir til um 3% hagnaðar.

Þróun hlutabréfaverðs skráðra fyrirtækja gefur vísbendingu um stöðu atvinnugreina og fyrirtækja. Frá árinu 1994 hefur verið á hlutabréfum verið á stöðugri uppleið. Þannig hækkaði hlutabréfavísitalan á Verðbréfaþingi Íslands um 60% á árinu 1996 og hafði þá hækkað frá byrjun árs 1994 til ársloka 1996 um rúmlega 116%. Þessi þróun endurspeglar góða afkomu skráðra fyrirtækja og jákvæðar væntingar um framtíðargengi atvinnuveganna.


Uppgjörsgögn þeirra sjávarútvegsfyrirtækja, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ) og á Opna tilboðsmarkaðnum (OTM), gefa vísbendingu um afkomuna í sjávarútveginum. Ársreikningar fyrir 1996 liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað, en teknar hafa verið saman niðurstöður úr árshlutauppgjöri þeirra átta sjávarútvegsfyrirtækja sem eru á VÞÍ og 14 fyrirtækja á OTM. Í árshlutauppgjöri (fyrir fyrstu 8 mánuði ársins 1996) þeirra 8 sjávarútvegsfyrirtækja sem eru á VÞÍ, kemur fram að hreinn hagnaður er tæplega 11,5% af tekjum. Hagnaður 13 sjávarútvegsfyrirtækja sem eru á OTM, einnig m.v. 8 mánaða uppgjör 1996, er rúmlega 6½%. Samanlögð afkoma úr samræmdum 8 mánaða uppgjörum ofangreindra fyrirtækja sem eru á hlutabréfamörkuðum sýnir 9% hreinan hagnað. Velta þessara fyrirtækja er 40-45% af heildarútlutningsveltu í sjávarútvegi. Þess skal sérstaklega getið að hér er um að ræða flest af traustustu, stærstu og arðsömustu sjávarútvegsfyrirtækjunum og afkoma þeirra því fyrir ofan meðallag. Á hitt er að líta, að þetta eru leiðandi fyrirtæki í sjávarútveginum þannig að afkoma þeirra á að gefa glögga vísbendingu um afkomumöguleika í atvinnugreininni í heild.

Á árinu 1996 varð nokkur samdráttur í útflutningi á iðnaðarvörum eða um rúmlega 2%. Iðnaðarframleiðsla önnur en fiskiðnaður jókst um 13% að magni milli tímabilanna janúar-október 1995 og 1996. Af öðrum atvinnugreinum er það að segja, að veltan í verslunar-, veitinga- og hótélrekstri virðist hafa aukist um 7,4% að magni til milli fyrstu 10 mánaða 1995 og 1996 og starfsemi fyrirtækja alls telst hafa vaxið um 9,1% milli þessara tímabila.


### Vinnumarkaður

Uppsveiflan í hagkerfinu á árinu 1996 birtist einnig á vinnumarkaði. Eftirspurn eftir vinnuafli jókst um 2,4% samanborið við 1,5% árið áður. Atvinna jókst því um 3 þúsund ársverk, og er þetta mesta aukning atvinnu síðan á árinu 1987. Heildarframboð vinnuafls jókst um 1,7% á árinu 1996 sem er svipuð aukning og árið á undan. Að meðaltali voru


Hreinn hagnaður  
atvinnurekstrar  
% af heildarveltu



Verð hlutabréfa 1990-96  
Mánaðarlökagildi,  
jan. 1993=1000



### Yfirlit um vinnumarkað 1986-1996



Tafla II.3. Mannafli og atvinnustig

	1991	1992	1993	1994	1995	1996 <sup>1</sup>
Mannafli, þúsundir	126,7	126,9	127,7	128,9	131,0	133,2
Atvinna, þúsundir ársverka	124,8	123,0	122,1	122,6	124,5	127,5
Atvinnuleysi, ársverk	1.901	3.868	5.603	6.209	6.538	5.790
Atvinnuleysi, % af mannafla	1,5	3,0	4,4	4,8	5,0	4,3

1. Bráðabirgðatölur.

Heimildir: Þjóðhagsstofnun, Vinnuáskrifstofa félagsmálaráðuneytisins.

5.790 einstaklingar atvinnulausir á árinu sem jafngildir 4,3% af mannafla, og er það lægra hlutfall en undanfarin 2 ár.

Þótt dregið hafi úr atvinnuleysi alls staðar á landinu, batnaði atvinnuástand mun meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallslega dró mest úr atvinnuleysi á Vestfjörðum, og þar var það minnst eða 1,3%. Atvinnuleysi var mest á höfuðborgarsvæðinu eða 4,9%, og þar minnkaði atvinnuleysi einnig minnst. Þrátt fyrir verra atvinnuástand á höfuðborgarsvæðinu hélt fólk áfram að flytjast þangað af landsbyggðinni. Hlutfallsleg fólksfækkun var mest á Vestfjörðum, en þar var atvinnuástand best. Vinnuáflsskortur á landsbyggðinni var að nokkru mætt með innflutningi vinnuáfls, sem kemur fram í veitingu fleiri tímabundinna atvinnuleyfa og framlengingu eldri atvinnuleyfa. Alls voru veitt 1.206 atvinnuleyfi á árinu, heldur fleiri en árið áður.

Vinnuáflseftirspurn þróaðist einnig nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum. Á sama tíma og störfum á sviði heilbrigðismála fækkar, hefur t.d. reynt erfitt að fá fiskverkafélög og iðnaðarmenn í ákveðnum greinum til starfa, eins og töluverð fjölgun tímabundinna atvinnuleyfa í fiskverkun og járnsmíði er til marks um. Aukinn munur á atvinnuleysi kynjanna endurspeglar einnig að nokkru leyti mismunandi þróun eftir atvinnugreinum, því að samdráttur hefur orðið í greinum þar sem konur eru fjölmennar, t.d. heilbrigðisgreinum og bankastarfsemi. Aukin atvinnuþátttaka kvenna á þó einnig hlut að máli. Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist meira en atvinnuþátttaka karla nær óslitið frá upphafi áratugarins, en mest á árinu 1994. Atvinnuleysi meðal kvenna var 5,8% árið 1996, en atvinnuleysi karla 3,2%, og jókst munurinn um

Tafla II.4. Tekjuþróun  
Árlegar breytingar í %

	1993	1994	1995	1996 <sup>1</sup>
Kaupmáttur m.v. launavísitölu Hagstofu	-2,5	-0,3	2,8	4,1
kaupmáttur á almennum markaði	-3,1	-0,6	2,5	2,9
kaupmáttur opinb. starfsm. og bankamanna	-1,9	0,3	3,0	5,8
Kaupmáttur meðallauna				
opinberra starfsmanna ríkis og borgar	-2,1	1,4	3,4	6,0 <sup>2</sup>
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-6,0	0,0	3,5	4,5
Kaupmáttur atvinnutekna á mann	-3,8	0,8	4,2	7,0
Þjóðartekjur á mann	-2,0	2,7	2,5	2,8

1. Bráðabirgðatölur. 2. Fyrstu tveir ársfjórðungar 1996.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun, Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.



0,5 prósentustig frá árinu áður. Þrátt fyrir minna atvinnuleysi á árinu minnkaði langtímaatvinnuleysi ekki. Að meðaltali voru álíka margir án vinnu í 6 mánuði eða lengur árin 1996 og 1995, en þeim fjölgaði sem verið hafa atvinnulausir í meira en 1 ár, úr 804 árið 1995 í 921 árið 1996.

Hversu lítið atvinnuleysi getur orðið án þess að verðbólga aukist ræðst annars vegar af þeim sveigjanleika sem vinnumarkaðurinn býr yfir og hins vegar hversu hratt atvinnuleysi nálgast mörk fullrar atvinnu. Misdreifing atvinnuleysis milli landshluta, starfsstétta og kynja og aukið langtímaatvinnuleysi, sem varð vart á árinu, gerir frekari lækkun atvinnuleysis án aukinnar verðbólgu erfiðari. Í sumum landshlutum og atvinnugreinum var atvinnuleysi orðið svo lítið á árinu 1996 að staðbundins launaþrýstings kann að vera farið að gæta. Verði hagvöxtur áfram mikill gæti launaþrýstingur breiðst út til annarra landshluta og atvinnugreina sem búa nú við meira atvinnuleysi. Aukinn sveigjanleiki á vinnumarkaði gæti dregið úr þessari hættu, auk þess sem máli skiptir hversu hratt eftirspurn eftir vinnuafli eykst, eins og áður er fram komið.


Laun samkvæmt almennum kjarasamningum hækkuðu um 3,2% í byrjun árs, og héldust kauptaxtar svo óbreyttir það sem eftir var ársins. Kaupmáttur launa samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar jókst um 4,1% 1996 (milli ársmeðaltala) samanborið við 2,8% aukningu árið á undan. Þar af jókst kaupmáttur á almennum markaði um 2,9% sem er heldur hærra en árið á undan. Laun opinberra starfsmanna og bankamanna hækkuðu um 8,2% á árinu 1996 sem jafngildir um 5,8% kaupmáttaraukningu, sem er meiri kaupmáttaraukning en árið á undan. Áætlun um launaskrið á almennum vinnumarkaði bendir til að það hafi orðið nærri 1,5% á árinu, sem er heldur meira en næstu tvö ár á undan, þegar það var tæpt 1%. Mest var launaskriðið á fyrsta ársfjórðungi, en dró aðeins úr því þegar líða tók á árið. Atvinnutekjur jukust í heild um rúm 10% eða um 8% að kaupmætti. Kaupmáttur atvinnutekna á mann hækkaði því um 7% samanborið við 4,2% árið áður. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækkaði um 4,5%, en hækkaði árið á undan um 3,5%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur því aukist um rúm 8% á tveim árum, sem er mikið í alþjóðlegu samhengi, og er við það að ná toppinum 1991.

### Verðlagsþróun


Ætla mætti að jafn mikil aukning eftirspurnar og vart varð á árinu kæmi að einhverju leyti fram í aukinni verðbólgu. Þess sást þó lítil merki á árinu, þrátt fyrir mikinn hagvöxt og minnkandi atvinnuleysi. Neysluverð hækkaði reyndar nokkru meira en árin tvö á undan eða um 2,3% milli ára og 2% yfir árið, en nánari athugun gefur til kynna að jafnvel þessi hóflega aukning verðbólgu gefi ýkta mynd af raunverulegum undirliggjandi verðlagsþrýstingi. Að frátöldum liðum í neysluverðsvísitölu, sem lúta opinberum verðlagsákvörðunum eða hækkuðu mikið vegna erlendra verðlagsáhrifa, hækkaði neysluverð einungis um 1,5% yfir árið, sem er svipuð verðbólga og árin tvö á undan. Einnig fór verðbólga minnkandi undir lok ársins, og á síðasta fjórðungi ársins var verðbólgu-

Vísitala neysluverðs

12 og 3 mánaða %  
breyting á árs kvarða



Vísitala neysluverðs eftir eðli og uppruna 12 mánaða breyting



hraðinn aðeins um 0,6%. Tiltölulega lítið launaskrið á seinni helmingi ársins og lítil hækkun á fasteignaverði gefur einnig til kynna að verðbólguþrýstings hafi lítið verið farið að gæta á árinu.

Það voru einkum fjórir þættir í vísitölu neysluverðs sem ollu hækkun vísitölunnar á árinu. Þessir þættir eru verð búvöru sem háð er opinberum verðákvörðunum, bifreiðakostnaður (m.a. bensín), húsnæðiskostnaður og verð vöru og þjónustu sem háð er opinberum verðákvörðunum. Til samans stóðu þessir þættir á bakvið 1,4% af 2% heildarhækkun vísitölunnar frá janúar 1996 til janúar 1997. Mest hækkuðu búvörur sem háðar eru opinberum verðákvörðunum eða um 6,6%. Vörur og þjónusta háðar opinberum verðákvörðunum hækkuðu um 3,8%. Þótt húsnæðiskostnaður hækkaði nokkru minna yfir árið en framangreindir tveir þættir eða um 2,6%, þá hafði sá kostnaðarþáttur, sökum mikils vægis í vísitölunni, mest áhrif til hækkunar (0,4%).

Ástæður þess að verðbólga hélst innan hóflegra marka eru m.a. þær að aukin innlend eftirspurn beindist í ríkum mæli að innflutningi fremur en innlendum framleiðsluþáttum og að nokkur slaki var enn til staðar í hagkerfinu í byrjun ársins. Þó svo að þrýstingur á verðlag hafi ekki komið fram með beinum hætti á árinu 1996, er ekki þar með sagt að sú mikla aukning eftirspurnar sem átti sér stað á árinu gæti ekki falið í sér ógn við verðstöðugleika. Miðlun eftirspurnaráhrifanna á sér hins vegar fyrst og fremst stað í gegn um gengis- og launabreytingum. Á meðan launabreytingum er stillt í hof og gengisstöðugleika ekki ógnað er ekki að búast við miklum verðhækkunum í jafn opnu hagkerfi og því íslenska. Þetta hefur hins vegar í för með sér að grípa verður til aðhaldsaðgerða í raun áður en bein merki um verðlagsþrýsting koma fram, einkum í ljósi þess að miðlunartími aðhaldsaðgerða í peningamálum getur verið nokkuð langur.


### 3. OPINBER FJÁRMÁL

Halli ríkissjóðs minnkaði verulega frá árinu áður, ef horft er framhjá vaxtagreiðslum vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina. Þetta verður að teljast nokkur árangur, þótt meginhluta þessa bata megi rekja til áhrifa aukins hagvaxtar á tekjur ríkissjóðs. Bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs fóru langt fram úr fjárlögum. Afkoma sveitarfélaga virðist hafa batnað lítillega en mikið átak var gert í fjármálum þeirra á árinu 1995. Afkoma hins opinbera batnaði einnig á árinu, og skuldir þess lækkuðu sem hlutfall af landsframleiðslu.

#### Stefnumið fjárlaga

Með fjárlögum fyrir 1996 var stefnt að því að lækka halla ríkissjóðs úr 8,9 ma.kr. á árinu 1995 í 4 ma.kr. á greiðslugrunni, eða úr 2,0% af landsframleiðslu í 0,8%. Þessi lækking á halla ríkissjóðs var liður í þeirri stefnu sem mörkuð var af ríkisstjórninni vorið 1995, að halla ríkissjóðs á greiðslugrunni skyldi eytt í áföngum á árunum 1996 og 1997. Fjárlög

Tekjur og gjöld ríkissjóðs  
Greiðslugrunnur,  
% af landsframleiðslu





Tafla II.5. Fjármál ríkissjóðs

Greiddslugrunnur, ma.kr.	1993	1994	1995	Fjárlög	Útkoma <sup>1</sup>
				1996	1996
Tekjur	103,2	109,6	114,4	120,9	127,7
Gjöld	112,9	117,0	123,3	124,8	129,6
Tekjuafgangur	-9,6	-7,4	-8,9	-4,0	-1,9
Hrein lánsfjárþörf	10,7	14,8	18,6	4,1	2,6
Hrein innlend lántaka	8,1	3,6	2,2	.	-4,6
Hrein erlend lántaka	4,0	11,2	15,6	.	7,3
Greiddsluafgangur	1,4	0,0	-0,8	.	0,0
<i>Hlutfall af landsframleiðslu (%)</i>					
Tekjur	25,1	25,2	25,3	24,8	26,3
Gjöld	27,5	26,9	27,3	25,6	26,7
Tekjuafgangur	-2,3	-1,7	-2,0	-0,8	-0,4
Hrein lánsfjárþörf	2,6	3,4	4,1	0,8	0,5
Hrein innlend lántaka	2,0	0,8	0,5	.	-1,0
Hrein erlend lántaka	1,0	2,6	3,4	.	1,5
Greiddsluafgangur	0,3	0,0	-0,2	.	0,0

1. Vaxtagreiðslur vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina teljast sem afborgun.


fyrir 1996 gerðu ráð fyrir því að fyrirhugaðri lækkun hallans yrði náð með því að draga saman útgjöld um nærri 2½% að raunvirði miðað við verðvísitölu landsframleiðslu, að mestu með útgjaldalækkun í vega- og heilbrigðismálum. Samkvæmt þessu var stefnt að því að útgjöld ríkissjóðs lækkuðu úr 27,3% af landsframleiðslu 1995 í rúmlega 25½% 1996. Hins vegar var gert ráð fyrir að tekjur hækkuðu um nær 2% að raungildi, sem var þó heldur minna en sá hagvöxtur sem búist var við, eða 3,2%, og því áttu tekjur að lækka um 0,3% af landsframleiðslu á milli ára og verða 24,8%.

### Þróun tekna og gjalda á árinu

Þróun ríkisfjármála á árinu einkenndist af mikilli aukningu bæði tekna og gjalda umfram fjárlög. Tekjur urðu alls 6,8 ma.kr. umfram fjárlög, og stafaði það aðallega af því að hagvöxtur og velta urðu mun meiri en gert var ráð fyrir við samþykkt þeirra. Útgjöld ríkissjóðs urðu á heildina litið 14,9 ma.kr. umfram fjárlög, en þar af stafa um 10 ma.kr. af þeirri bókhaldsaðferð að telja þegar áfallna vexti af innkölluðum spariskírteinum til vaxta fremur en afborgana. Hér á eftir í þessum kafla verður litið á þessa vexti sem afborgun, þar sem það felur í sér niðurstöðu sem er nær réttum rekstrargrunni og gerir samanburð við fyrra ár og fjárlög eðlilegri. Samkvæmt þessu fóru útgjöld 4,9 ma.kr. fram úr fjárlögum. Halli ríkissjóðs á árinu varð því um 2 ma.kr. eða um helmingi minni en stefnt var að í fjárlögum.

Tekjur jukust um rúmlega 11½% milli ára, eða um nær 9,5% að raungildi m.v. verðlag landsframleiðslu, sem hækkaði fremur lítið m.a. vegna rýrnunar viðskiptakjara, eða um 1,9%, og skeykir það samanburð við fjárlög og fyrra ár. Nær er í þessu tilfelli að miða við verðlag þjóðarútgjalda, sem hækkaði um 3,4%, og verður það gert við raunvirðingu hér eftir í kaflanum nema annað sé tekið fram. Miðað við þenn-

### Tekjuafgangur ríkissjóðs



an mælikvarða varð raunaukning tekna ríkissjóðs nær 8%, sem er svipað raunaukningu innlendrar eftirspurnar á árinu. Af 6,8 ma.kr. tekjum umfram fjárlög skýrast 4,1 ma.kr af tekjuskatti einstaklinga, 1,9 ma.kr. af sköttum á vöru og þjónustu og um 0,7 ma.kr. af tryggingargjöldum. Einna mest aukning varð á tekjusköttum einstaklinga, eða rúmlega 23% að raungildi. Í fyrsta lagi er talið að atvinnutekjur í heild hafi aukist að raungildi um 8% m.v. vísitölu neysluverðs, bæði vegna aukins kaupmáttar og meiri atvinnu. Í öðru lagi er tekjuskatts- og bótakerfið þann veg upp byggt að skatttekjur aukast hlutfallslega meira en skattstofninn í uppsveiflu, þar sem áhrif frádráttarliða hverfa og tekjutenging bóta eykur hreinar skatttekjur. Í þriðja lagi virðast skattskil hafa batnað og innheimta eftirstöðva fyrri ára hefur gengið betur en áður. Tekjuskattar fyrirtækja urðu hins vegar 400 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, þrátt fyrir veltuaukningu og tiltölulega góða afkomu fyrirtækja á árinu 1995. Svo virðist sem þetta megi að hluta skýra með aukinni nýtingu á yfirfæranlegu tapi frá fyrri árum og meiri nýtingu á heimild til flýtifyrninga en gert var ráð fyrir. Tryggingargjald og launaskattur skiludu rúmlega 14,5% meiri tekjum að raungildi en árið áður, og stafar það annars vegar af auknum atvinnutekjum og hins vegar af ½ prósentustigs hækkun gjaldsins í upphafi ársins. Skattar á vörur og þjónustu jukust um tæplega 6% að raungildi sem er minna en nam aukningu þjóðarútgjalda á árinu. Þar af nam aukning innflutnings- og vörugjalda um 15%, sem urðu rúmum 1 ma.kr. umfram fjárlög, en innheimta virðisaukaskatts jókst hins vegar aðeins um 4½% að raungildi og varð rúmum 100 m.kr. minni en í fjárlögum, þrátt fyrir að hagvöxtur og velta hafi orðið mun meiri. Á þessu kunna að vera ýmsar skýringar, m.a. sú að fjárfestingar fyrirtækja jukust mikið á árinu, en það getur valdið tilfærslu í innheimtu virðisaukaskatts. Hins vegar virðist ástæðunnar einnig vera að leita í því að velta á þeim sviðum sem bera engan virðisaukaskatt eða í lægra þrepi hefur aukist meira en skattskyld velta.

Ekki varð af áformaðri raunlækkun ríkisútgjalda samkvæmt fjárlögum. Útgjöld jukust um rúmlega 1,5% að raungildi m.v. verðvísitölu þjóðarútgjalda, og er þá horft fram hjá sérstöku vaxtagjöldum vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina. Rekstrargjöld jukust um 5½% að raungildi frá fyrra ári. Mest munar þar um 1,7 ma.kr. raunaukningu hjá menntamálaráðuneytinu, en hlutfallsleg mest aukning varð hjá umhverfisráðuneyti (18,8%), sjávarútvegsráðuneyti (15,2%) og forsætisráðuneyti (15%). Raunaukning á rekstrarútgjöldum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis varð 1,5%, en þar var áformuð lækkun í fjárlögum, og því urðu útgjöld umfram fjárlög þar mest, eins og oft áður á undanförunum árum. Rekstrartilfærslur jukust aðeins um tæplega 1% að raungildi á milli ára, en fóru hins vegar rúman 1 ma.kr. umfram fjárlög. Þar munar mest um 930 m.kr. umframútgjöld í sjúkratryggingum og 265 m.kr. meiri greiðslur til landbúnaðarmála. Á móti kom að betra efnahagsástand dró úr framlögum til Atvinnuleysistryggingarsjóðs og Ábyrgðasjóðs launa. Viðhald og stofnkostnaður lækkaði um rúmlega 7,5% að raungildi á milli ára, en útgjöld til þessara málaflokka urðu eigi




að síður um 1,2 ma.kr. meiri en í fjárlögum. Hætt er við að lækkun á þessum liðum feli ekki í sér varanlega lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, þar sem viðhalds- og endurbótapörf hleðst upp. Samanlagt námu útgjöld til þessara liða um 2,9% af landsframleiðslu samanborið við 3,6% að meðaltali á árunum 1985-1995. Munurinn þarna á milli er nærri 3½ ma.kr. Minni útgjöld til fjárfestingar lækka hefðbundinn tekjuhalla ríkissjóðs, en ekki framlag hans til þjóðhagslegs sparnaðar. Ætla má að það hafi numið rúmlega 1% af landsframleiðslu á árinu 1996, og er þá miðað við rekstrargrunn en ekki greiðslugrunn eins og í umfjölluninni hér að framan. Þetta er betri útkoma en á árunum 1993-1995, en 1995 var samsvarandi tala 0,4% og 1994 0,9%. Þetta er hins vegar mun minna framlag til þjóðhagslegs sparnaðar en tíðkaðist hér fyrr á árum, en á níunda áratugnum var þetta hlutfall að meðaltali rúm 4% af landsframleiðslu.

### Lánsfjárförf, fjármögnun og ríkisskuldur

Hrein lánsfjárförf ríkissjóðs varð mun minni en árið áður eða 2,6 ma.kr. sem samsvarar um ½% af landsframleiðslu, og er þá litið á vaxtagreiðslur vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina sem afborgun. Þetta er um 1½ ma.kr. minni hrein lánsfjárförf en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Samkvæmt yfirlitinu í töflu II.5 var þessari lánsfjárförf að fullu mætt með erlendri lántöku og rúmlega það, þar sem innlendar afborganir námu 4,6 ma.kr. umfram innlendar lántökur. Hafa ber hins vegar í huga að þar teljast með sem afborganir vaxtagreiðslur vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina að upphæð 10 ma.kr. Án þessa verða hreinar innlendar lántökur jákvæðar um 5,4 ma.kr. Einnig sýnir tafla II.6 að Seðlabankinn lækkaði hreina eign sína á ríkisskuldabréfum um 7,7 ma.kr. Hrein innlend fjármögnun að frátalinni óbeinni fjármögnun Seðlabankans nam því 3,1 ma.kr., eða 13,1 ma.kr. að meðtöldum sérstökum vaxtagjöldum.


Skuldir ríkisins lækkuðu bæði að raungildi og sem hlutfall af




Tafla II.6. Hrein fjármögnun ríkissjóðs

Ma.kr.	1993	1994	1995	1996
Hrein fjármögnun alls	12,1	14,7	17,8	2,7
Innlend fjármögnun	8,1	3,6	2,2	-4,6
þar af löng lán	7,6	6,6	0,4	-4,0
þar af ríkisvixlar	0,5	-3,0	1,8	-0,6
Fjármögnun Seðlabanka	6,7	10,1	-2,7	-7,7
löng verðbréf	5,9	2,7	2,1	-3,4
ríkisvixlar	0,8	7,4	-4,8	-4,3
Innlend fjármögnun, aðrir	1,4	-6,5	4,9	3,1
löng lán og bréf	1,7	3,8	-1,7	-0,6
ríkisvixlar	-0,3	-10,4	6,6	3,7
Erlend fjármögnun	4,0	11,2	15,6	7,3
Breyting á erlendri stöðu Seðlabankans	-2,4	-13,7	-0,5	16,7

Hreinar skuldir ríkis og sveitarfélaga  
% af landsframleiðslu



Tekjur og gjöld sveitarfélaga  
% af landsframleiðslu



landsframleiðslu í fyrsta skipti um alllangt árabíl. Þær eru taldar hafa numið um 237 ma.kr. í árslok eða nærri 48% af landsframleiðslu, en voru ári fyrr tæpir 233 ma.kr. og tæp 51% af landsframleiðslu. Hreinar skuldir ríkissjóðs, þ.e. skuldir að fráðregnum útistandandi lánveitingum og skammtímakröfum, námu í árslok rúmum 151 ma.kr. og höfðu á árinu hækkað úr tæpum 149 ma.kr. Hlutfall hreinna skulda af landsframleiðslu lækkaði hins vegar úr 32½% í tæp 31%. Þróun ríkisskulda á undanförmum árum er sýnd á mynd hér til hliðar. Þess ber að geta að í skuldatölunum hér eru skuldir vegna lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna ekki teknar með, þótt þær séu færðar í ríkisreikningi. Þessar skuldir voru taldar 81½ ma.kr. í árslok 1995, en ætla má að þær hafi numið nær 90 ma.kr. í árslok 1996. Hins vegar hefur áföllnum ógreiddum vöxtum nú verið bætt við skuldatölurnar.

### Fjárhagur sveitarfélaga

Fjárhagur sveitarfélaganna batnaði verulega á árinu 1995 frá hallarekstri og skuldasöfnun árána 1993-1994, sem stafaði af lægri tekjum og auknum útgjöldum vegna efnahagslegs samdráttar. Þær vísbendingar sem liggja fyrir um afkomu sveitarfélaga á liðnu ári benda til þess að afkoman hafi batnað lítillega og hallinn hafi orðið um 0,2% af landsframleiðslu í stað 0,3% 1995. Fjárhagsáætlanir stærri sveitarfélaga fólu í sér talsverðan samdrátt í framkvæmdum sem einungis virðist hafa gengið eftir að hluta, og rauntekjuaukningu upp á 2-3% hefur í stórum dráttum verið svarað með auknum útgjöldum. Samkvæmt lánaflokkun innlánsstofnana minnkuðu útlán til bæjar- og sveitarfélaga á árinu um rúmar 300 m.kr. eða um 4,2%, samanborið við svipaða aukningu árið áður.

### Búskapur hins opinbera

Þær tölur sem hér hafa verið raktar um búskap ríkisins á liðnu ári lýsa í rauninni greiðslubókhaldi ríkissjóðs. Inn í tekjur og gjöld vantar ýmsa liði sem stofnað er til á árinu, þótt þeir komi ekki til greiðslu fyrr en síðar. Þannig er um skattskil fyrir síðustu mánuði ársins, vaxtagjöld af skuldum milli gjalddaga og hækkun á eftirlaunaskuldbindingum ríkisins umfram það sem veitt er til að standa skil á greiðsluþörfum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Slíkum gjöldum og tekjum er haldið betur til haga í gögnum sem Þjóðhagsstofnun tekur saman á rekstrar-

Tafla II.7. Búskapur hins opinbera<sup>1</sup>

	Milljarðar króna				Hlutfall af landsframleiðslu (%)			
	1993	1994	1995	1996	1993	1994	1995	1996
Tekjur	147,5	153,7	162,7	178,0	35,9	35,4	35,7	36,7
Útgjöld	166,0	174,3	176,2	187,0	40,4	40,1	39,0	38,5
Tekjuafgangur	-18,5	-20,6	-13,4	-8,9	-4,5	-4,7	-3,0	-1,8
Hreinar skuldir	143,1	165,5	172,6	178,2	34,8	38,1	37,9	36,0
Vergar skuldir	220,0	245,0	267,6	275,5	53,6	56,4	58,8	55,6

1. Rekstrargrunnur.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.



grunni um búskap hins opinbera og hluta þess, ríkis, sveitarfélaga og almannatrygginga. Tölurnar um búskap hins opinbera í heild eru einna næst því að vera sambærilegar milli landa, þar sem verkaskipting innan opinbera geirans er mjög mismunandi. Það er hluti af skilyrðunum fyrir þátttöku í fyrirhuguðum myntsamruna Evrópusambandsins að halli hins opinbera sé undir 3% af landsframleiðslu og að heildarskuldir séu undir 60%. Ísland uppfyllti bæði þessi skilyrði á árinu 1996, eins og sést á töflu II.7.

Halli á opinberum búskap varð 1,8% af landsframleiðslu, samanborið við 3% halla árið áður og 4,7% 1994. Þessi lækking hallans ásamt öflugum hagvexti nægði til að lækka hlutfall hreinna skulda hins opinbera af landsframleiðslu úr 38% 1995 í 36% 1996. Á sama tíma lækkuðu heildarskuldir úr 59% af landsframleiðslu í rétt rúmlega 55½%.


### Lánsfjárför opinberra aðila

Lántökur þeirra aðila sem þurfa að sækja lántökuheimildir til Alþingis voru álíka miklar á liðnu ári og því næsta á undan, um 13½ ma.kr. umfram afborganir, eða sem svarar 2,8% af VLF, en þá er litið á vaxtagreiðslur vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina sem afborgun. Að baki þessari þróun liggur hins vegar nokkuð mismunandi þróun einstakra geira. Hreinar lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja urðu minni en árið áður, og á það sérstaklega við um erlendar lántökur, eins og sést á töflu II.8. Hreinar lántökur húsnæðiskerfisins urðu einnig nokkru minni en árið áður. Mikill viðsnúningur varð hins vegar í lántökum annarra opinberra lánastofnana. Munar þar mest um að uppgreiðsla á erlendum lánnum í gegnum fjárfestingarlánasjóðina stöðvaðist, og urðu erlendar lántökur þessara stofnana umfram greiddar afborganir um 1 ma.kr. Í töflu II.8 eru lántökur sýndar eftir upphaflegum lántakanda, nema hvað gamla húsnæðiskerfið er skrifað fyrir öllum lántökum sínum og lántaka ríkissjóðs lækkuð að sama skapi.


Tafla II.8. Lántökur opinberra aðila

	1995			1996		
	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Hreinar lántökur, ma.kr.	5,1	8,8	13,9	4,3	9,1	13,4
Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki	-6,5	13,6	7,1	-4,6	8,3	3,7
Húsnæðiskerfið	11,9	-0,1	11,8	9,6	-0,2	9,4
Aðrar opinberar lánastofnanir	-0,3	-4,7	-5,1	-0,7	1,0	0,3
Hreinar lántökur, % af VLF	1,1	1,9	3,0	0,9	1,9	2,8
Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki	-1,4	3,0	1,6	-0,9	1,7	0,8
Húsnæðiskerfið	2,6	0,0	2,6	2,0	0,0	1,9
Aðrar opinberar lánastofnanir	-0,1	-1,0	-1,1	-0,1	0,2	0,1

### Tekjur og gjöld hins opinbera



### Tekjuafgangur hins opinbera






## 1. STEFNAN Í PENINGAMÁLUM

Stöðugt verðlag var markmið stefnunnar í peningamálum á árinu 1996, en stöðugt gengi íslensku krónunnar var millimarkmið bankans að því marki. Í því felst að bankinn beitir stjórnækjum sínum í því skyni að halda gengi krónunnar innan tilskilinna marka. Vextir á peningamarkaði eru helsta stjórnækki bankans, og munur þeirra og sambærilegra vaxta í helstu viðskiptalöndum hefur áhrif á skammtímahreyfingar gjaldeyris til og frá landinu og hafa því áhrif á framboð og eftirspurn gjaldeyris og gjaldeyrisforða Seðlabankans. Hækkun vaxta á peningamarkaði stuðlar með þessum hætti að því að auka innstreymi gjaldeyris eða draga úr útstreymi og styrkir þannig gengi krónunnar. Hlutfallsleg lækkun vaxta hefur öfug áhrif. Dagleg viðskipti á millibankamarkaðnum fyrir gjaldeyri fela m.a. í sér upplýsingar um væntingar og mat markaðsaðila og eru þannig mikilvægur bakgrunnur aðgerða bankans á gjaldeyris- og peningamarkaði. Gjaldreisisviðskipti bankans bæði á millibankamarkaði og við aðra aðila, fyrst og fremst ríkissjóð, endurspeglast í breytingum á gjaldeyrisforða bankans, og gefur hann bankanum nokkurt svigrúm til að jafna skammtímasveiflur á gjaldreisismarkaðnum og ráðrúm til aðgerða í vaxtamálum.

Þróun peningamála á árinu bar merki um vaxandi eftirspurn eftir lánsfé í samræmi við aukin umsvif í efnahagslífinu. Sú aukning hafði þó ekki umtalsverð áhrif á vaxtastig á langtímamarkaði þar sem verulega dró úr útstreymi vegna fjármagnshreyfinga við útlönd, en það ein-kenndi þróun peningamála árin 1994-1995. Fjármagnsjöfnuður snerist við á árinu 1996, og var hann jákvæður um 17 ma.kr. Þessi umskipti eiga rætur að rekja til þess að vextir erlendis, bæði á langtíma- og skammtímamarkaði, fóru lækkandi árin 1995 og 1996. Jafnframt jók Seðlabankinn aðhald í peningamálum með hækkun vaxta á peningamarkaði. Þessi þróun hófst þegar í febrúar 1995 og hefur leitt til þess að vextir hér á landi eru verulega hærri en víða erlendis. Af þessum sökum beindu innlendir aðilar í vaxandi mæli lántökum sínum að erlendum mörkuðum á árinu 1996, auk þess sem verulega dró úr útstreymi fjár til

Ávöxtun ríkisvísla í kaupboðum Seðlabankans á VPÍ í lok mánaðar



verðbréfaþaupa erlendis. Eigi að síður var gjaldeyrisforði Seðlabankans við neðri mörk þess sem ásættanlegt er mest allt árið 1996 þar sem skiptust á tímabil innstreymis og útstreymis. Á fyrria hluta ársins stuðlaði vaxtahækkun bankans í desember 1995 og stöðugleiki í kjaramálum að gjaldeyrisinnstreymi og olli því að bankinn taldi sér fært að lækka nokkuð skammtímavexti. Er líða tók á seinni helming ársins varð vart óvissu um kjaramál og verðlagsþróun, og taldi bankinn nauðsynlegt að hækka skammtímavexti á ný. Aðgerðir bankans á haustmánuðum stuðluðu að verulegu gjaldeyrisinnstreymi, og var gjaldeyrisforði bankans í árslok röskum 10 ma.kr. meiri en í byrjun ársins.


Innstreymi gjaldeyris á árinu endurspegladist í lækkandi markaðsverðbréfaeign Seðlabankans. Hærri vextir á peningamarkaði, bætt lausafjárstaða banka og sparisjóða og vöxtur peningamarkaðssjóða stuðluðu að því að Seðlabankinn var nettóseljandi ríkisvísla á árinu. Á árinu lækkaði ríkisvíslaeign Seðlabankans um 4,5 ma.kr. og var í árslok um 0,2 ma.kr. Jafnframt lækkaði eign bankans á öðrum markaðsverðbréfum, fyrst og fremst ríkisbréfum og spariskírteinum, um 3,4 ma.kr. en sú lækkun átti fyrst og fremst rætur að rekja til innlausna þessara bréfa fremur en viðskipta á eftirmarkaði. Breytt fyrirkomulag afskipta bankans af skuldabréfamarkaðnum, þ.e. fjárvörslusamningarnir sem vikið verður að hér á eftir, stuðlaði að mun meira jafnvægi í viðskiptum bankans á þeim markaði.

## 2. AÐGERÐIR Í PENINGAMÁLUM

Aðgerðir Seðlabankans í peningamálum miðuðu að því að styðja gengisstefnuna og halda gengi krónunnar innan þeirra vikmarka sem ákveðin voru í september 1995. Í upphafi ársins gætti áhrifa af hækkun vaxta á peningamarkaði sem bankinn beitti sér fyrir í desember 1995, auk þess sem festa í kjaramálum stuðlaði að hóflegum verðbólgu-

Endurhverf ríkisvísلاكaup Seðlabanka 1996

M.kr.	Meðalstaða í mánuði	Staða í lok mánaðar
Janúar	2.427	1.510
Febrúar	1.618	1.450
Mars	839	950
Apríl	863	1.670
Máí	1.104	1.670
Júní	684	450
Júlí	593	0
Ágúst	265	750
September	1.598	2.641
Október	1.864	850
Nóvember	2.656	1.990
Desember	2.369	1.368
Meðaltal	1.407	1.275





væntingum á árinu. Talsvert innstreymi gjaldeyris varð á fyrsta fjórðungi ársins, og leiddi það til þess að Seðlabankinn taldi fært að lækka ávöxtun í viðskiptum sínum með ríkisvixla á peningamarkaði í apríl um 0,75 prósentustig. Peningamarkaðsvextir erlendis höfðu einnig lækkað á þessu tímabili, og hafði sú lækkun haft það í för með sér að hlutfallslegt aðhald stefnunnar í peningamálum jókst þótt peningamarkaðsvextir hér á landi væru óbreyttir. Með lækkun vaxta í apríl var að því stefnt að koma á þeim vaxtamun sem verið hafði milli peningamarkaðsvaxta hér á landi og erlendis að jafnaði á árinu 1995. Gjalddeyrisviðskipti voru síðan í jafnvægi fram eftir sumri, en er leið að hausti gætti vaxandi ójafnvægis sem einkum átti rætur að rekja til tveggja þátta. Annars vegar var vaxandi óvissa framundan um kjara- og verðlagsmál, en kjarasamningar flestra stéttarfélaganna urðu lausir um áramót. Hins vegar gætti vaxandi eftirspurnar í efnahagslífinu og kom það meðal annars fram í þrengri stöðu á vinnumarkaði og versnandi viðskiptajöfnuði. Endurmat þjóðhagsspar sem kom fram á þessum tíma sýndi einnig að hagvöxtur á árinu yrði mun meiri en áður var talið. Bankinn taldi því að efnahagslífið væri að nálgast mörk fullrar nýtingar framleiðsluþátta. Hann beitti sér því fyrir 0,4 prósentustiga hækkun vaxta á peningamarkaði í síðari hluta september, og hafði sú breyting þegar í byrjun október áhrif á bankavexti á óverðtryggðum út- og innlánunum, auk þess sem ávöxtun langra verðtryggðra skuldbindinga á eftirmarkaði hækkaði talsvert eða um 0,1 - 0,5 prósentustig, mest á 5 ára verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Samhliða vaxtahækkun Seðlabankans í september hækkaði bankinn lausafjárhlutfall innlánsstofnana úr 10% í 12% til að hamlar gegn útlánaaukningu innlánsstofnana. Ástæða þessarar breytingar var tvíþætt. Annars vegar vildi bankinn hægja á vexti útlána og hins vegar binda það lausafé sem myndast hafði við sérstaka innlausn ríkisskuldabréfa í júlí sem nánar verður vikið að hér á eftir.


Aðgerðir bankans skiluðu verulegum árangri. Enn er ekki tímaþætt að meta áhrif aðgerðanna á útlánaþróun. Gagnger breyting varð á gjalddeyrisrhreyfingum, og varð gjalddeyrisinnstreymi á millibankamarkaði á síðasta fjórðungi ársins sem nam 8,7 ma.kr. Í lok ársins var gjalddeyrisforði bankans röskir 30 ma.kr., en hafa þó í huga að talsverður hluti aukningarinnar á rætur að rekja til skammtímahreyfinga sem með litlum fyrirvara geta snúist við og beinst aftur út úr landinu.

### Fjárvörslusamningar og viðskiptavakt ríkisskuldabréfa


Seðlabankinn hafði um nokkurt skeið leitað leiða til að draga úr afskiptum sínum á langtímamarkaði, en hann hafði allt frá 1986 verið viðskiptavaki fyrir spariskírteini ríkissjóðs. Í febrúar gerði bankinn fjárvörslusamninga við þrjá aðila að Verðbréfafingni Íslands, Handsal hf., Landsbréf hf. og Verðbréfamarkað Íslandsbanka hf., um að þeir önnuðust fjárvörslu og hlutverk viðskiptavaka ríkisskuldabréfa á grundvelli útboðs Seðlabankans sem fram fór í byrjun desember 1995.


Samningarnir fólu það í sér að Seðlabankinn afhenti verðbréfafyrirtækjunum til fjárvörslu tiltekinn hluta af verðbréfasafni sínu

Nettókaup Seðlabankans á gjaldeyri á millibankamarkaði 1996



Nettóbreyting ríkisvixlæignar Seðlabankans 1996






sem þau skyldu nota til þess að fjármagna og stunda eftirmarkaðsviðskipti með langtímabréf ríkissjóðs. Samningarnir tóku gildi 20. febrúar 1996, og hófu verðbréfafyrirtækin að gegna hlutverki viðskiptavaka á Verðbréfafþingi daginn eftir. Sama dag hætti Seðlabankinn að gegna hlutverki viðskiptavaka með spariskírteini, húsnæðisbréf og ríkisbréf, önnur en þau sem voru á gjalddaga á árinu 1996. Samningarnir giltu til ársloka 1996, en voru uppsegjanlegir af hálfu sammingsaðila með eins mánaðar fyrirvara. Í desember var ákveðið að framlengja samninga til loka febrúar 1997.

Verðbréfafyrirtækin önnuðust hvert um sig hlutverk viðskiptavaka með tvo flokka ríkisskuldabréfa. Samtals var um að ræða 6 skuldabréfaflokka, þar af fjóra flokka spariskírteina og tvo flokka ríkisbréfa, og var að því stefnt að þessir flokkar yrðu viðmiðunarflokkar á Verðbréfafþingi fyrir þessi bréf.

Samkvæmt samningunum bar verðbréfafyrirtækjunum að setja daglega fram kaup- og sölutilboð í ofangreinda flokka, að lágmarki 10 m.kr., og endurnýja þau á 10 mínútna fresti uns viðskipti með hvern flokk hefðu náð 100 m.kr., en þá var þeim heimilt að hætta að setja fram tilboð þann dag. Jafnframt var gert samkomulag um að verðbréfafyrirtækin gegndu hlutverki viðskiptavaka með aðra þá flokka spariskírteina og húsnæðisbréfa sem Seðlabankinn hafði áður sinnt, og skyldu þau setja fram kaup- og söluboð í þá flokka á Verðbréfafþinginu fyrir 3 m.kr. að lágmarki á degi hverjum.

Auk þessa gerði Seðlabankinn breytingar á reglum um fyrirgreiðslu við viðskiptavaka ríkisverðbréfa í því skyni að auðvelda verðbréfafyrirtækjum að gegna þessu hlutverki. Þeirri fyrirgreiðslu er ekki ætlað að ná til þeirra viðmiðunarflokka sem fjárvörslusamningar ná til.

Með þessum samningum hvarf Seðlabankinn af langtímamarkaði sem viðskiptavaki, og var að því stefnt að hann ætti einungis viðskipti með langtímabréf ef hann teldi sérstaka ástæðu til. Forsenda þessarar ákvörðunar var sú að Seðlabankinn taldi markaðinn vera orðinn það þróaðan að ekki væri lengur þörf fyrir dagleg afskipti hans.



### Uppsögn spariskírteina í júlí

Í maí tók fjármálaráðherra ákvörðun um að segja upp og innleysa þrjá flokka spariskírteina sem voru gefin út á árinu 1986, en þessir flokkar voru með uppsagnarheimild. Nafnvextir þessara flokka voru á bilinu 8-9%. Meginástæða þess að ríkissjóður nýtti sér heimild til að innleysa þessa flokka var háir vextir þeirra, en ríkissjóður áætlaði að sparnaður vegna uppsagnar og endurfjármögnunar þessara flokka gæti numið um 2 ma.kr. það sem eftir lifði binditíma þeirra. Fjármálaráðherra hafði á árinu 1993 boðað að þessum flokkum kynni að verða sagt upp eftir þá miklu lækkun sem varð á vöxtum á langtímamarkaði þá um haustið. Bakgrunnur þessarar ákvörðunar var að innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs gekk vel á fyrri hluta ársins 1996 og vextir á langtímabréfum fóru lækkandi. Innlausnarvirði þessara þriggja flokka var röskir 17,3 ma.kr., og komu þeir til innlausnar í byrjun júlí. Eigendum þeirra var boðið að



taka þátt í sérstöku skiptiuppbóði í lok júní vegna endurfjármögnunar auk skiptisölu í fyrrihluta júlímánaðar. Alls seldust spariskírteini fyrir um 12,3 ma.kr. við þessa endurfjármögnun, en um 5 ma.kr. voru greiddir út til eigenda spariskírteina, auk þess sem hluti endurfjármögnunarinnar var á formi ríkisvixla eða um 3,5 ma.kr.

Af þessum sökum leiddi innlausnin til mikillar aukningar lausafjár innlánsstofnana sem olli aftur mikilli eftirspurn eftir ríkisvixlum og öðrum skammtímaverðbréfum. Allt jók þetta væntingar hjá fjárfestum um að ávöxtun á langtímamarkaði færi hækkandi á síðari hluta ársins vegna þarfa ríkissjóðs fyrir langtímafjármagn á innlendum markaði í stað þess sem innleyst hafði verið í júlí. Þannig varð þrýstingur til lækkunar skammtímavaxta og hækkunar langtímavaxta í kjölfar innlausnar, auk þess sem sterk lausafjárstaða innlánsstofnana ýtti undir útlán þeirra. Þegar leið að hausti dró úr þessari spennu með því að langtímavextir hækkðu nokkuð jafnframt því sem aukin óvissa í verðlagsmálum dró úr eftirspurn eftir óverðtryggðum skammtíma-bréfum, en jók eftirspurn eftir stuttum verðtryggðum bréfum á eftirmarkaðnum. Eins og áður segir voru aðgerðir bankans í september að hluta til viðbrögð við þessum aðstæðum.


### 3. GJALDEYRISVIÐSKIPTI

Heildarvelta millibankamarkaðarins árið 1996 var um 81 ma.kr., og er það um 48% veltuaukning frá fyrra ári. Mest urðu viðskipti í desember, rúmlega 12 ma.kr., en meðalviðskipti í hverjum mánuði voru um 6,7 ma.kr. Af heildarveltu fóru 65% fram á formlegum skráningarfundum sem haldnir eru í Seðlabankanum hvern virkan viðskiptadag, en 35% þeirra utan þeirra. Nokkur aukning varð í utanfundaviðskiptum, en hlutfall þeirra á árinu 1995 var um 31%. Ástæða þessa var fyrst og fremst aukning í viðskiptum án aðildar Seðlabankans. Líta má á þetta sem eðlileg þroskamerki markaðarins. Það undirstrikar einnig nauðsyn þess að umrædd viðskipti færist í átt að samfelldum markaði með viðskiptavakt markaðsaðila. Hlutdeild Seðlabankans í heildarveltu lækkaði á árinu 1996 í fyrsta skipti frá stofnun markaðarins, en hún var tæplega 82% á árinu 1996 samanborið við rúmlega 90% á árinu 1995. Þessi lækkun stafar eins og áður segir af aukningu í viðskiptum milli bankanna, sérstaklega á seinni helmingi ársins, en þá hófu bankarnir að gera tvíhliða verðtilboð við ósk um slíkt frá öðrum bönkum. Til Seðlabankans er leitað um viðskipti því aðeins að enginn banki sé tilbúinn að gera slíkt tilboð. Að öðru leyti eru viðskipti Seðlabankans utan formlegs skráningarfundar bundin við bein inngrip bankans á markaðnum.

Veruleg umskipti urðu í hreinum viðskiptum Seðlabankans á millibankamarkaði á árinu 1996, en þau urðu jákvæð um rúma 16 ma.kr., en hrein viðskipti Seðlabankans urðu neikvæð um 3,5 ma.kr. 1995 og um rúma 16 ma.kr. 1994. Umskiptin 1996 má meðal annars skýra með auknum vaxtamun við útlönd á peningamarkaði, enda stafar

Viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri 1996


	Hlutdeild viðskipta í %	
	utan funda	með aðild SÍ
Janúar	35	89
Febrúar	52	94
Mars	40	82
Apríl	26	76
Mái	25	87
Júní	34	80
Júlí	54	94
Ágúst	43	86
September	29	77
Október	31	71
Nóvember	27	69
Desember	29	75
Alls	35	82



*Hrein gjaldeyrisviðskipti  
Seðlabankans*

M.kr.	Utan		Alls
	Á milli- banka- markaði	milli- banka- mark.	
Janúar	-630	1.572	942
Febrúar	2.933	1.483	4.416
Mars	4.085	-1.148	2.937
Apríl	2.240	4.480	6.720
Maí	-400	-6.805	-7.205
Júní	471	-557	-86
Júlí	-339	5.989	5.650
Ágúst	-139	-2.875	-3.014
Sept.	-939	-123	-1.062
Október	2.575	-677	1.898
Nóvember	-464	-1.500	-1.964
Desember	6.620	-1.491	5.129
Alls	16.013	-1.652	14.361

Meðalgjaldeyrisjöfnuður  
banka sem hlutfall af eigin  
fé eftir mánuðum 1996



batinn alfarið af bættum fjármagnsjöfnuði þar sem viðskiptajöfnuður versnaði á árinu.

Viðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði fyrir gjaldeyri voru jákvæð um rösklega 8,6 ma.kr. á fyrsta þriðjungi ársins. Jafnvægi var á markaðnum fram eftir sumri, en síðari hluta ágúst og fyrri hluta september var nokkurt útstreymi, og greip þá bankinn til aðgerða í peningamálum. Verulegt gjaldeyrinnstreymi varð á millibankamarkaðnum á síðasta fjórðungi ársins, sérstaklega þó í desember þegar hreint innstreymi nam 6,6, ma.kr.

Auk viðskipta á millibankamarkaði með gjaldeyri á Seðlabankinn einnig viðskipti á innlendum gjaldeyrismarkaði við aðra aðila, aðallega ríkissjóð, en einnig við ýmsa sjóði og stofnanir í eigu hins opinbera, og tengjast þau aðallega erlendum lánahreyfingum þessara aðila. Þessi viðskipti námu tæplega 92,4 ma.kr. á árinu 1996. Talsverð aukning varð í þessum viðskiptum á árinu 1996, en þau voru rúmlega 71 ma.kr. 1995.

Heildarviðskipti Seðlabankans á innlendum gjaldeyrismarkaði námu því samtals um 157 ma.kr. á árinu 1996, og fóru rúmlega 58% þeirra fram utan millibankamarkaðar. Hrein gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans utan millibankamarkaðar voru á árinu 1996 neikvæð um tæpa 1,7 ma.kr. Hrein innlend gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans voru því jákvæð um 14,4 ma.kr., en á árinu áður voru þau neikvæð um 1,1 ma.kr.

### Gjaldeyrisjöfnuður viðskiptabanka

Seðlabankinn setur þeim aðilum, sem starfa á millibankamarkaði með gjaldeyri, reglur um heildargjaldeyrisjöfnuð, þ.e. hver munur gjaldeyris-eigna og skulda má mestur verða. Heildargjaldeyrisjöfnuður þeirra skal vera innan +/-20% af eigin fé. Í einstökum gjaldmiðlum má gjaldeyrisjöfnuður ekki fara yfir 10% af eigin fé. Meðalgjaldeyrisjöfnuður banka árið 1996 var 10,2%, en tæp 13% á árinu 1995. Lægri gjaldeyrisjöfnuður að meðaltali á árinu 1996 skýrist að líkindum af hærri ávöxtun á innlendum peningamarkaði samanborið við vexti á erlendum mörkuðum ásamt tiltrú á fastgengisstefnuna, en hvort tveggja hvetur til ávöxtunar á innlendum markaði.

### Framvirkir samningar

Framvirkt gengi gjaldmiðla ræðst af núgengi hlutaðeigandi myntar á hverjum tíma, vöxtum sambærilegra fjárfestingarmöguleika hér á landi og í landi myntarinnar ásamt tímalengd samnings. Framvirkir samningar eru langoftast til skemmri tíma en eins árs. Því miðast kjör framvirkra samninga við peningamarkaðsvexti, svo sem ávöxtun ríkisvixla, enda eyðir mótaðili samningsins áhættu sinni með því kaupa slíkar skuldbindingar. Þar sem vaxtastig á peningamarkaði var herra hér á landi en í helstu viðskiptalöndum á síðasta ári var framvirkt gengi herra en gengi hvers tíma og því óhagstætt að kaupa gjaldeyri með framvirkum samningi og að sama skapi hagstætt að selja gjaldeyri með framvirkum samningi. Mat á þessu er þó háð væntingum um gengisþróun á tímabilinu.



Mun betri jöfnuður varð á árinu í framvirkum samningum en 1995. Framvirkar skuldir banka, þ.e. óafgreidd framvirk gjaldeyrissala, voru að meðaltali 1996 um 5,5 ma.kr. eða nánast sama fjárhæð og meðaltal ársins 1995. Hins vegar varð veruleg aukning í framvirkum gjaldeyriseignum banka 1996 miðað við fyrra ár. Framvirkar gjaldeyriseignir banka, þ.e. gjaldeyrir sem bankar hafa keypt en eiga eftir að fá afgreiddan, námu að meðaltali um 4,4 ma.kr., en voru að meðaltali á árinu 1995 um 2,4 ma.kr., og er það um 82% aukning milli ára. Daglegt meðaltal hreinnar stöðu í framvirkum samningum bankanna, þ.e. framvirkar skuldir umfram eignir, var því um 1,1 ma.kr. árið 1996 samanborið við 3,2 ma.kr. á árinu 1995. Hér er því um verulega breytingu að ræða og er að líkindum til marks um aukna trú á stöðugleika krónunnar, auk þess sem vaxtamunur skammtímvaxta hér á landi og erlendis kann að hafa örvað framvirka gjaldeyrissölu.

#### Þróun gjaldeyrisforða


Gjaldeyrisforði Seðlabankans var í upphafi ársins um 20,1 ma.kr., en í árslok um 30,5 ma.kr. og hafði því aukist um rösklega 10 ma.kr. á árinu. Hrein erlend eignastaða bankans var um 13,6 ma.kr. í byrjun ársins, en í desemberlok var hún tæpir 30,5 ma.kr., og var bati hennar um 17 ma.kr., og stafar munur þess bata og aukningar gjaldeyrisforðans af niðurgreiðslu skammtímalána bankans. Hrein erlend eignastaða bankans batnaði verulega fyrstu fjóra mánuði ársins og nam 27,9 ma.kr. í lok apríl, en í gjaldeyrisstöðunni var á þeim tíma erlent lán sem ríkissjóður hafði tekið sem ráðstafa átti til endurgreiðslu erlendra lána ríkissjóðs í máf. Þetta gerði Seðlabankanum kleift að greiða niður erlendar skammtímaskuldir, alls rúmlega 6,5 ma.kr., mest í febrúar um 4 ma.kr. og einnig í marsmánuði um 1,3 ma.kr., og voru þá þau skammtímalán, sem Seðlabankinn tók fyrir áramót vegna gjaldeyrisústreymis, að fullu greidd. Erlendar skammtímaskuldir bankans jukust nokkuð í nóvember og voru þá í mánaðarlok um 2,5 milljarðar. Vegna verulegs innstreymis á millibankamarkaði í desember, sem áður er getið, var hins vegar unnt að greiða niður allar skammtímaskuldir bankans fyrir áramót.

#### 4. GENGISPRÓUN


Vísitala gengisskráningar sýnir stöð: íslensku krónunnar gagnvart vögu meðalgengi erlendra gjaldmiðla. Hækkun vísitölunnar felur í sér að verð erlendra gjaldmiðla hefur hækkað í krónum talið, þ.e. gengi krónunnar hefur lækkað. Lækkun gengisskráningarsvísitölu sýnir hið gagnstæða.

Vísitala gengisskráningar lækkaði um 0,59% á árinu 1996, en hún var í lok ársins 1995 116,31 og 115,62 í lok árs 1996, og því styrktist gengi krónunnar árinu 1996. Innan ársins endurspeglaði þróun gengisins gjaldeyrisviðskiptin á hverjum tíma. Þannig varð fyrstu fjóra mánuði

Meðaltal daglegra útistandandi eigna, skulda og nettóstöðu í framvirkum gjaldeyris-samningum banka



Gjaldeyrisforði og hrein erlend staða Seðlabankans 1996




*Breytingar á gengi nokkurra erlendra mynta gagnvart krónu 1996 í %*

Bandaríkjadalur	2,54
Sterlingspund	12,77
Írskt pund	7,99
Ítölsk líra	6,39
Dönsk króna	-4,28
Finnskt mark	-3,83
Franskur franki	-4,11
Svissneskur franki	-12,49
Þýskt mark	-5,44
Japanskt jen	-9,31
SDR	-0,88

*Gengisskráningargvog 1996 Byggt á viðskiptum 1995*

%	Út- flutn. vog	Inn- flutn. vog	Við- skipta- vog
Bandaríkin	22,9	21,1	22,0
Bretland	13,8	11,8	12,8
Kanada	2,0	1,0	1,5
Danmörk	10,6	11,1	10,8
Noregur	5,6	8,3	7,0
Svíþjóð	2,3	6,2	4,2
Finnland	0,6	1,5	1,1
Frakkland	5,4	4,7	5,1
Belgía	1,6	1,7	1,6
Sviss	2,2	1,1	1,6
Holland	3,1	6,1	4,6
Þýskaland	14,3	14,9	14,6
Ítalía	1,8	2,6	2,2
Austurríki	0,0	0,0	0,0
Portúgal	1,4	0,9	1,2
Spánn	2,9	2,4	2,6
Japan	9,4	4,7	7,1
Grikkland	0,0	0,0	0,0
Írland	0,0	0,0	0,0
Alls			
<i>Vægi landahópa (%):</i>			
N-Ameríka	24,8	22,0	23,4
Evrópa	65,7	73,2	69,5
Japan	9,4	4,7	7,1
Alls	100,0	100,0	100,0



ársins hægfara styrking krónunnar um 0,4% í kjölfar hreins gjaldeyrisinnstreymis, en krónan seig síðan um sama hlutfall frá byrjun maí og út þriðju vikuna í september þegar Seðlabankinn hækkaði vexti á peningamarkaði. Frá þeim tíma og út október styrktist krónan aftur um 0,23%. Í kjölfar nokkurs gjaldeyrisústreymis fyrstu þrjár vikurnar í nóvember lækkaði gengi krónunnar um 0,26%, og var vísitala gengisskráningar þá nánast hin sama og í byrjun ársins. Verulegt innstreymi gjaldeyris síðustu vikuna í nóvember og út desember styrkti krónuna um 0,58%.

Gengisþróun nokkurra gjaldmiðla á árinu 1996 er sýnd í spássfútoflu. Bandaríkjadalur, sterlingspund, írskt pund og ítölsk líra styrktust á móti krónu. Áberandi er styrking breska pundsins eða um 12,8%. Bandaríkjadalur styrktist á árinu um 2,5%, en aðrir gjaldmiðlar í töflunni falla á móti krónu. Áberandi er fall svissnesks franka um 12,5%, en þess má geta að á árinu 1995 steig gengi frankans um nærri 9%. Einnig féll japanskt jen verulega. Hið sama á við um þýska markið sem féll um 5,4%. Af Norðurlandamyntum féllu finnska markið og danska krónan nokkuð, en breytingar á öðrum Norðurlandagjaldmiðlum voru litlar á árinu 1996.

## 5. VAXTAPRÓUN

### Peningamarkaður


Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim stjórnþækjum sem Seðlabankinn hefur yfir að ráða til að ná settu marki í verðlagsmálum. Vextir á peningamarkaði gegna þar mikilvægu hlutverki. Undanfarin tvö ár hafa vextir í helstu viðskiptalöndum Íslands farið lækkandi, og á það við bæði um vexti á löngum og stuttum skuldbindingum. Ástæður þessa eru margvíslegar, og má þar nefna lækkandi verðbólgu, samrunaþróunina í Evrópu og bankakreppu í Japan, auk þess sem minnk-



andi ríkissjóðshalli, hægur hagvöxtur og atvinnuleysi hafa hvatt stjórnvöld til minna aðhalds í peningamálum. Í heild hafa peningamarkaðsvextir hér á landi farið hækkandi á þessu tímabili, og munur þeirra og vegins meðaltals erlendra vaxta hefur farið vaxandi enda hafa aðstæður hér á landi verið aðrar en í nágrannalöndum, ekki síst vegna efnahags-upsveiflunnar.

Í byrjun ársins 1995 voru vextir á peningamarkaði nær því hinir sömu og meðaltal erlendra peningamarkaðsvaxta, vegið með viðskiptavog fyrir Ísland. Í lok árs 1995 var þessi munur um 2,1 prósentustig og jókst enn á árinu 1996 í 2,8 prósentustig. Mestur varð munurinn hins vegar á árinu 1996 um 2,9 prósentustig.

Í byrjun árs 1996 beitti Seðlabankinn sér fyrir hækkun peningamarkaðsvaxta í kjölfar aukinna verðbólguvæntinga. Ávöxtun 90 daga ríkisvixla hækkaði á stuttum tíma um ríflega hálf prósentustig. Ávöxtun þeirra var um 7,6% í lok janúar 1996 og lækkaði síðan lítillega fram til marsloka. Í byrjun apríl beitti bankinn sér fyrir 0,75 prósentustiga lækkingu vaxta á peningamarkaði þar sem jafnvægi var í viðskiptum á gjaldeyrismarkaði og vextir erlendis höfðu lækkað. Ávöxtun 90 daga ríkisvixla hér á landi var síðan um nokkurt skeið á bilinu 6,5-6,8% eða allt þar til bankinn hækkaði ávöxtun á peningamarkaði undir lok septembermánaðar, þ.á.m. forvexti reikningskvóta, ávöxtun í endurhverfum viðskiptum og ávöxtun í tilboðum í ríkisvixla á Verðbréfaþingi þar sem mikið gjaldeyrisústreymi hafði leitt til ójafnvægis á gjaldeyrismarkaði. Munur innlendra og erlendra skammtíma vaxta varð með þessum aðgerðum um 2,8 prósentustig. Vaxtastig á peningamarkaði hélst síðan nær óbreytt fram til áramóta. Ávöxtun 90 daga ríkisvixla var 7,1% í lok ársins 1996, en á sama tíma var ávöxtunin talsvert lægri annars staðar á Norðurlöndum, 3,1-3,7%, og í G5-löndunum (Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Japan og Þýskalandi) frá 0,3% til 6,6%.



*Dæmi um nafnvöxtun á peningamarkaði í árslok í % á ári*

	1995	1996
90. daga ríkisvixlar	7,3	7,1
Bankavixlar	6,3	6,5
Millibankavextir	7,0	8,3
<i>Seðlabankavextir:</i>		
Forvextir		
reikningskvóta	5,6	6,0
Endurhverf ríkisvixlakaup	6,5	6,9
<i>Til samanburðar</i>		
<i>Ávöxtun bankalána:</i>		
Víxillán, 30 daga	12,6	13,6
Almenn skuldabréfalán	12,5	13,2

*Nafnvöxtun ríkisvixla 1996*  
*Mánaðarleg meðaltöl*  
*í % á ári*

	1-3 mán. ríkisvixlar á VPÍ	10 daga endurhverf kaup Seðlabanka <sup>1</sup>
Janúar	7,28	6,50
Febrúar	7,41	6,50
Mars	7,34	6,50
Apríl	6,72	6,50
Mái	6,44	6,50
Júní	6,44	6,50
Júlí	6,36	6,50
Ágúst	6,37	6,50
September	6,70	6,63
Október	7,04	6,90
Nóvember	7,08	6,90
Desember	7,00	6,90
<i>Meðaltal 1996</i>	<i>6,8</i>	<i>6,6</i>
<i>Meðaltal 1995</i>	<i>7,1</i>	<i>6,8</i>

1. Tímavegið meðaltal.



*Meðalávöxtun nokkurra inn- og útlána banka og sparisjóða í % á ári*

*Nafnávöxtun*

Óverðtryggðir liðir:	1995	1996
Alm. sparisjóðsbækur	0,6	0,8
Sérkjarareikningar, óhreyfðar innstæður	3,5	3,2
Víxillán, 30 daga	12,5	13,3
Alm. skuldabréfalán	11,9	12,8


*Raunávöxtun*

*Vísitölubundnir liðir:*


4-5 ára verðtr. innlán	5,4	5,7
Skuldabréfalán	8,7	8,9

**Vextir banka og sparisjóða**

Vextir banka og sparisjóða breyttust sjaldan á árinu 1996. Nokkur hækkun varð í febrúar í kjölfar aukinna verðbólguvæntinga og hækkunar vaxta á peningamarkaði. Almennir skuldabréfavextir hækkuðu þá að meðaltali úr 12,1% í 13,0%, forvextir víxillána úr 11,8% í 12,9%, en vísitölubundinna lána úr 8,8% í 9,0%. Á innlánahlið hækkuðu vextir almennra sparibóka að meðaltali úr 0,6% í 0,9% og vextir spari-reikninga um eitt prósentustig, úr 3-4% í 4-5%. Ennfremur hækkuðu bankarnir vexti verðtryggðra innlána um allt að 0,3 prósentustig og fóru hæst í 5,9% að meðaltali. Á þessum tíma kom til innlausnar stór flokkur spariskírteina, og kepptu bankar og aðrir aðilar á fjármagnsmarkaði um það sparifé sem losnaði. Eigendur spariskírteinaanna endurfjárfestu hins vegar að mestu leyti í nýjum ríkisverðbréfum.



**Meðalraunvextir skuldabréfalána banka og sparisjóða**



Þessar vaxtahækkningar banka og sparisjóða gengu að mestu leyti til baka á vormánuðum. Almennar breytingar á bankavöxtum urðu síðan ekki fyrir en í byrjun októbermánaðar í kjölfar aðhaldsaðgerða Seðlabankans í lok september. Bankar og sparisjóðir fylgdu 0,4 prósentustiga hækkun Seðlabankans eftir á útlánahlið, en minni breytinga gætti á innlánahlið. Fram að áramótum urðu síðan smávægilegar breytingar á vöxtum hjá einstökum lánastofnunum.

Þegar árið 1996 er skoðað í heild kemur í ljós að vextir verðtryggðra innlána í bönkum og sparisjóðum hækkuðu milli árunna 1995 og 1996, og er það meðal annars til marks um harða samkeppni um sparifé. Til dæmis voru vextir 4-5 ára innlána 5,7% að meðaltali 1996 sem er 0,3 prósentustiga hækkun frá fyrra ári. Bankarnir hafa því boðið sambærileg kjör og boðin eru á spariskírteinum. Hins vegar ber þess að geta að vextir bundinna innlána banka og sparisjóða, jafnvel þó um verðtryggð innlán sé að ræða, eru með breytanlegum vaxtakjörum, og vextir þeirra geta því breyst án fyrirvara. Nokkur hækkun varð einnig á


nafnvöxtum almennra sparibóka. Nafnvextir þeirra voru 0,8% að meðaltali 1996, hækkuðu um 0,2 prósentustig frá fyrra ári, en nafnvöxtun óbundinna sparireikninga lækkaði um 0,3 prósentustig frá fyrra ári og var um 3,2% að meðaltali.

Útlánsvextir banka og sparisjóða hækkuðu talsvert umfram innlánsvexti á árinu 1996. Til dæmis hækkuðu forvextir víxillána um 0,9 prósentustig að meðaltali, nafnvextir óverðtryggðra skuldabréfalána um 0,7 prósentustig, en vextir verðtryggðra lána um 0,2 prósentustig. Nokkur hækkun varð því á raunvöxtum útlána á árinu 1996 miðað við fyrra ár, þar eð hækkun vísitölu neysluverðs var aðeins um 0,4 prósentustig umfram hækkun hennar 1995. Raunvöxtun almennra skuldabréfalána, sem hefur ekki verið hærrí síðan 1993, hækkaði um 0,4 prósentustig að meðaltali 1996 miðað við fyrra ár, úr 10,1% í 10,5%, en vextir verðtryggðra lána um 0,2 prósentustig, úr 8,7% í 8,9%. Síðastliðin sjö ár hefur metin raunvöxtun almennra skuldabréfalána verið hærrí en vextir verðtryggðra lána, og ætti það ekki að koma á óvart vegna þeirrar óvissu sem jafnan getur ríkt um verðlagsbreytingar.

### Skuldabréfamarkaður

Veruleg breyting varð á hlutverki Seðlabankans í verðmyndun á skuldabréfamarkaði með fjárvörslusamningum bankans við verðbréfafyrirtæki í febrúar 1996 um viðskiptavakt á sex flokkum ríkisskuldabréfa. Jafnframt fjárvörslusamningunum hætti Seðlabankinn að gegna hlutverki viðskiptavaka fyrir ríkisskuldabréf á Verðbréfaþingi.

Ávöxtun á verðtryggðum bréfum á skuldabréfamarkaði á árinu 1996 var allstöðug, en nokkurrar lækkunar gætti þó um miðbik ársins. Í upphafi ársins var ávöxtun átta ára spariskírteina á Verðbréfaþingi um 5,9% og í lok ársins um 5,8%, en var lægst um 5,3% í júní. Svipuð þróun varð á ávöxtunarkröfu húsbrefa á árinu 1996. Hún var um 5,8%, bæði í upphafi og lok ársins, en fór lægst í um 5,4% í júní. Talsvert meiri breytingar urðu á ávöxtun spariskírteina til 20 ára á árinu 1996. Ávöxt-



### Skuldabréf á VPÍ<sup>1</sup>

Dæmi um ávöxtun í árslok í % á ári

Verðtryggð bréf:	1995	1996
Spariskírteini, 5 ára	5,90	5,81
Spariskírteini, 10 ára	5,90	5,79
Spariskírteini, 20 ára	5,74	5,53
Húsbréf, 25 ára	5,80	5,78

Óverðtryggð bréf:

Ríkisbréf, 3 ára	9,51	8,52
Ríkisbréf, 5 ára	10,59	9,38

1. Árafjöldi gefur til kynna upphaflegan lánstíma.

Heimild: Verðbréfaþing Íslands

### Ávöxtun á skuldabréfamarkaði 1996

Mánaðarleg meðaltöl í % á ári

	Eftirmarkaður	
	Spariskírt. <sup>1</sup>	Húsbréf
Janúar	5,8	5,9
Febrúar	5,8	5,8
Mars	5,7	5,7
Apríl	5,5	5,6
Máj	5,5	5,6
Júní	5,2	5,4
Júlí	5,4	5,6
Ágúst	5,4	5,6
Septembar	5,5	5,6
Október	5,5	5,7
Nóvember	5,5	5,7
Desember	5,5	5,7
Meðaltal 1996	5,5	5,7
Meðaltal 1995	5,6	5,9

1. Spariskírteini til 5 ára eða lengri tíma á VPÍ.

### Verðtryggð ríkisskuldabréf Raunávöxtun í lok árs 1996 í % á ári

	Lánstími er því sem næst:		
	5 ár	10 ár	20 ár
Ísland	5,81	5,78	5,53
Ástralía	.	4,45	4,29
Bretland	3,26	3,41	3,59
Kanada	.	.	4,08
N. -Sjáláand	.	.	4,90
Svíþjóð	4,03	4,05	4,08




Ávöxtun 5 ára óverðtryggðra ríkisbréfa á eftirmarkaði

í % á ári

	Í lok árs 1996	Breyting 1996
Ísland	9,4	-1,2
Danmörk	5,4	-0,8
Finnland	5,1	-1,3
Noregur	5,2	-0,2
Svíþjóð	5,5	-2,5
Bandaríkin	6,1	0,7
Þýskaland	4,5	-0,2
Japan	1,6	-0,1
Bretland	7,3	0,2
Frakkland	4,6	-1,3
Spánn	5,9	-3,5
Portúgal	6,1	-3,6

Vextir fimm ára óverðtryggðra ríkisverðbréfa hér og erlendis 1996



un þeirra var um 5,7% í upphafi ársins, en um 5,5% í lok ársins og lækkaði mest í um 5,2% í maímánuði.

Erlendis fékk verðtrygging við fjármögnun á ríkishalla og skuldum ríkissjóðs byr undir báða vængi á árinu 1996 þegar stærsti útgefandi ríkisskuldabréfa, Bandaríkin, tilkynnti 16. maí að fyrirhugað væri að gefa út verðtryggð ríkisskuldabréf. Fyrsta uppboð verðtryggðra ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum var í janúar 1997 þegar boðin voru tíu ára bréf. Umræða um verðtryggingu fer fram víða, og viðhorf til hennar virðast jákvæð. Hlutdeild verðtryggingar á fjármagnsmarkaði er mest hér á landi, en stærsti markaður verðtryggðra bréfa er hins vegar í Bretlandi. Þar er verulegur áhugi á því að auka hlutdeild verðtryggingar í ríkisskuldum. Á það er bent að sú vernd, sem verðtryggð ríkisskuldabréf veita, ætti að leiða til þess að ríkissjóður geti selt þau á lægri raunvöxtum en hefðbundin óverðtryggð bréf.

Á árinu 1996 varð nokkur lækkun vaxta á verðtryggðum bréfum erlendis. Mest varð lækkunin í Svíþjóð, um eitt prósentustig á 5 og 10 ára bréfum, en 0,6 prósentustig á 20 ára bréfum. Í Kanada nam lækkunin um 0,3 prósentustigum, og annars staðar urðu breytingarnar minni. Undir lok ársins voru vextir verðtryggðra bréfa lægstir í Bretlandi, 3,2-3,6% eftir lánstíma, í Kanada og Svíþjóð rúm 4%, og um 4,3-4,5% í Ástralíu. Nokkru hærri voru síðan þessir vextir í Nýja Sjálandi og Ísrael. Þessar vaxtatölur benda til þess að munur vaxta á verðtryggðum ríkisskuldabréfum hér landi og erlendis sé mismikill eftir löndum. Mestur er hann milli vaxta á ríkisskuldabréfum í Bretlandi og hér á landi, allt að 2,5 prósentustig, eins og greina má nánar í spássíutöflu.


Í upphafi ársins 1996 var ávöxtun fimm ára óverðtryggðra ríkisbréfa 10,6% á eftirmarkaði, og í lok ársins var hún um 9,4%. Þegar byrjað var að selja 5 ára ríkisbréf í október 1995 var um 4 prósentustiga munur á ávöxtun þeirra og viðskiptaveginni ávöxtun sambærilegra ríkisskuldabréfa á erlendum fjármagnsmörkuðum. Verulegar vaxtalækkarnir erlendis síðustu mánuði ársins 1995 leiddu til þess að þessi munur jókst í fimm prósentustig í byrjun ársins 1996. Ávöxtun ríkisbréfa hér á landi lækkaði síðan um tvö prósentustig fyrstu fjóra mánuði ársins 1996 og náði lágmarki við 8,6% um mitt ár. Þá var munur þeirra og erlendra ríkisskuldabréfa orðinn um 2,5 prósentustig. Síðan þá hefur hann aukist vegna áframhaldandi erlendra vaxtalækkana og hækkandi ávöxtunarkröfu ríkisbréfa og var undir lok ársins 1996 um 4,1 prósentustig.



Umtalsverðar breytingar urðu á peninga- og lánamarkaði á árinu 1996. Útlán og verðbréfaeign á lánamarkaði jukust hraðar en á árinu 1995. Mestur hluti aukningarinnar var af innlendum uppruna, en erlendar skuldir, nettó, jukust mun hægar en innlendar skuldir. Athyglisvert er að atvinnuvegir juku skuldir sínar við lánakerfið að nýju á árinu 1996, en bæði árin 1994 og 1995 drógust lántökur atvinnuvega saman. Á móti dró úr útlánavexti lánakerfisins til opinberra aðila. Skuldir heimila við lánakerfið jukust enn. Fjársparnaður, sem skilgreindur er sem breyting á innlendum skuldum lánakerfisins frá upphafi til loka ársins, jókst meira á árinu 1996 en 1995. Eignir í lífeyrissjóðum eru enn sem fyrr stærstur liður í fjársparnaðinum, en verðbréfaeign einkaaðila jókst einnig umtalsvert. Bankakerfið rétti úr kútnum með meiri aukningu peningamagns og útlána á árinu 1996 en 1995. Gróskan náði til fleiri fjármálastofnana, svo sem fjárfestingarlánasjóða, eignarleigna og verðbréfasjóða. Velta á verðbréfamarkaði jókst verulega á árinu 1996, og gildir þá einu hvort litið er til peningamarkaðar eða markaðar með langtímaskuldabréf eða hlutabréf.

### 1. LÁNAKERFIÐ

Áætlað er að innlendar skuldir lánakerfisins hafi numið 650,5 ma.kr. í árslok 1996, og hafa þær vaxið um nær 60 ma.kr. á árinu samanborið við rúmlega 45 ma.kr. á árinu 1995. Allir liðir innlendra skulda lánakerfisins jukust meira á árinu 1996 heldur en 1995. Eignir lífeyrissjóða eru stærsti liður innlendra skulda lánakerfisins, og gert er ráð fyrir að í árslok 1996 hafi þær numið 292,5 ma.kr., en í árslok 1995 voru þær rúmlega 258 ma.kr. Aukning þeirra á árinu var 13,3% eða tæplega einu prósentustigi meiri en 1995. Innlán í innlánsstofnunum jukust á árinu um 9 ma.kr. eða 5,8% samanborið við 3,3 ma.kr. eða 2,2% árið 1995. Undir liðinn verðbréf falla öll innlend og erlend verðbréf sem eru í eigu einkaaðila. Eign einkaaðila í spariskírteinum jókst mun minna á árinu



1996 en næstu tvö ár á undan eða aðeins um tæp 8%, enda minnkaði heildarfjárhæð útistandandi spariskírteina á árinu 1996 vegna mikillar innlausnar. Eign einkaaðila í húsbrefum jókst um 26% á árinu, og er það meiri aukning en árin 1994 og 1995. Heildarfjárhæð útgefna húsbrefa hækkaði um nær 20% á árinu 1996, og var hún í árslok 15 ma.kr. hærrí en heildarfjárhæð útistandandi spariskírteina. Bankabréf, hlutdeildarskírteini verðbrefasjóða og verðbref eignarleigna eru minni stærðir undir þessum lið, en eign einkaaðila í þeim jókst allmikið á árinu.

Ef helstu stærðir innlendra skulda lánakerfisins eru settar í hlutfall við verga landsframleiðslu kemur í ljós að innlán og seðlar hafa allt frá árinu 1990 verið mjög svipað hlutfall eða á bilinu 32-36%. Árið 1996 var hlutfallið ívið lægra en næstu ár þar á undan. Hins vegar hafa eignir lífeyrissjóða verið stöðugt vaxandi og voru á árinu 1996 tæp 60% af landsframleiðslu. Innlendar skuldir í heild uxu stöðugt, og á árinu 1996 voru þær orðnar 133% af landsframleiðslu.

### Útlán og verðbréfaeign

Útlán og verðbréfaeign lánakerfisins jókst á árinu 1996 um 61 ma.kr. eða 7,3% samanborið við 46,5 ma.kr. og 5,9% árið 1995. Hlutfallslega var mest aukning hjá verðbrefasjóðunum eða 60% samanborið við 14% samdrátt árið 1995.

Einnig var mun meiri aukning bæði hjá eignarleigum og tryggingarfélögum heldur en árið 1995, en þess ber að gæta að þessir þrír aðilar eru aðeins lítill hluti lánakerfisins í heild. Útlán og verðbréfaeign bankakerfisins jókst á árinu um nær 20 ma.kr. samanborið við rúmlega 2 ma.kr. á árinu 1995. Nánar verður fjallað um það síðar í þessum kafla. Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuvega sýndu örlítið minni aukningu á árinu 1996 en árið 1995, og sama máli gegnir um íbúðalánasjóðina. Útlán og verðbréfaeign lífeyrissjóða er áætluð hafa aukist um tæp 13% á árinu samanborið við 11,5% 1995. Erlend lán jukust um 8,4% á árinu, en nánar er fjallað um þau í V. kafla.

Tafla IV.1. Lánakerfið

Eignir	Staða í árslok		Hreyfingar 1995		Hreyfingar 1996	
	í ma.kr.		ma.kr.	%	ma.kr.	%
	1995	1996 <sup>1</sup>				
Útlán og verðbréfaeign	831,7	892,7	46,5	5,9	61,1	7,3
Bankakerfi	237,6	257,4	2,2	1,0	19,8	8,3
Fjárfest.lánasj. atv.vega	78,2	80,1	2,4	3,2	1,9	2,5
Íbúðalánasjóðir	184,9	201,9	17,9	10,7	17,0	9,2
Lífeyrissjóðir	235,1	265,3	24,2	11,5	30,2	12,8
Tryggingafélög	25,9	32,0	2,0	8,6	6,2	23,9
Eignarleigur	8,4	11,1	-1,4	-14,1	2,8	32,8
Verðbréfasjóðir	11,5	18,4	-1,9	-13,9	6,9	60,0
Útlönd	271,6	294,3	-0,3	-0,1	22,7	8,4
Lánasjóðir ríkisins	86,0	85,2	10,1	13,4	-0,8	-0,9
Frá dragast innb.viðsk.	-307,5	-353,0	-8,8	-	-45,5	-
<i>Eignir = skuldir</i>	<i>831,7</i>	<i>892,7</i>	<i>46,5</i>	<i>5,9</i>	<i>61,1</i>	<i>7,3</i>
<i>Skuldir</i>						
Innlendar skuldir	590,6	650,5	45,2	8,3	59,9	10,1
Innlán og seðlar	155,5	164,5	3,3	2,2	9,0	5,8
Verðbréf	74,1	86,1	7,8	11,8	12,0	16,2
Tryggingasjóður	26,2	29,9	2,4	9,9	3,8	14,4
Lífeyrissjóðir	258,1	292,5	28,4	12,4	34,4	13,3
Eigið fé lánastofnana	92,4	96,6	2,9	3,3	4,2	4,5
Annað nettó	-15,7	-19,1	0,3	-	-3,4	-
Erlendar skuldir, nettó	241,1	242,3	1,3	0,5	1,2	0,5

1. Áætlun.

Í töflu IV.2. er sýnd útlánaflokkun lánakerfisins. Skuldaaukning ríkisins á árinu er áætluð hafa verið 10,7 ma.kr. og er tæplega helmingur þess erlend lán. Er þetta mun minni aukning en árið 1995.

Útlán til bæjar- og sveitarfélaga stóðu nánast í stað frá árinu 1995. Hins vegar varð 17,4 ma.kr. aukning á útlánnum til fyrirtækja, eða 5,3%. Eru þetta mikil umskipti í útlánnum lánakerfisins til fyrirtækja, en næstu tvö árin á undan höfðu þau dregist saman, um 0,2% árið 1995 og 1,5% árið 1994. Af þessari 17,4 ma.kr. aukningu á árinu 1996 voru 14 ma.kr. lán frá bankakerfinu.


Útlán til heimila voru 349 ma.kr. í árslok 1996. Voru þau þá í

Tafla IV.2. Útlánaflokkun lánakerfisins<sup>1</sup>

	Staða í árslok		Hreyfingar 1995		Hreyfingar 1996	
	í ma.kr.		ma.kr.	%	ma.kr.	%
	1995	1996 <sup>2</sup>				
Ríkissjóður og ríkisstofn.	145,2	156,0	15,7	12,2	10,7	7,4
Bæjar- og sveitarfélög	41,2	41,3	4,3	11,7	0,1	0,2
Atvinnuvegir	329,0	346,4	-0,7	-0,2	17,4	5,3
Heimili	316,2	349,0	27,2	9,4	32,8	10,4
Samtals útlán	831,7	892,7	46,5	5,9	61,1	7,3

1. Útlánaflokkun er áætluð að hluta. 2. Áætlun.





fyrsta skipti orðin meiri en útlán til fyrirtækja, eins og fram kemur í töflu IV.2. Sem dæmi má nefna að árið 1986 voru útlán til fyrirtækja 64,1% af landsframleiðslu, en útlán til heimila helmingi lægra hlutfall eða 32,2%. Fimm árum síðar, 1991, voru hlutföllin 69,7% til fyrirtækja og 51,7% til heimila og í lok árs 1996 70,2% til fyrirtækja og 71,6% til heimila.

Heildaraukning útlána til heimila á árinu 1996 var tæpir 33 ma.kr. eða 10,4%. Mestur hluti þess er útlán íbúðalánasjóða, en útlán þeirra til heimila jukust um 18,5 ma.kr. frá árinu 1995, og er það svipað og árið þar á undan. Hins vegar jukust lán bankakerfisins til heimila mun meira á árinu 1996 en 1995 eða um 12,4% samanborið við 6,9%. Áætlað er að lán lífeyrissjóða hafi aukist álíka mikið og 1995. Námslán jukust ívið meira en árið 1995, sem nemur 0,6 prósentustigum.

Heildarútlán lánakerfisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 1996 er nánast hið sama og árið 1995. Eins og sjá má á myndinni hér fyrir ofan var þetta hlutfall ört vaxandi árin 1987-1993, en síðan hefur það verið nokkuð stöðugt.

### Fjársparnaður

Fjársparnaður er reiknaður sem mismunur stöðutalna innlendra skulda lánakerfisins í upphafi og lok árs sem færðar hafa verið á meðalverðlag viðkomandi árs. Tafla IV.3. sýnir þróun hans undanfarin 5 ár. Þar sést að í áætlun ársins 1996 er gert ráð fyrir meiri sparnaði en var fjögur árin þar á undan eða 47,5 ma.kr. Fjársparnaður í lífeyrissjóðum er langmestur hluti sparnaðarins, og er hann rúmum 5 ma.kr. meiri en á árinu 1995. Sparnaður í innlánsstofnunum hefur ekki verið meiri síðan árið 1991, og ný fjárfesting einkaaðila í verðbréfum hefur aldrei verið meiri. Ef fjársparnaður er settur í hlutfall við verga landsframleiðslu gefur það hlutfallið 9,8% sem er svipað og árið 1994.

Þess ber að geta að árslokatalur 1996 eru að talsverðu leyti áætlaðar og geta því hæglega breyst.

Tafla IV.3. Fjársparnaður  
Ma.kr. á meðalverðlagi hvers árs

	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996
Fjársparnaður, alls	30,7	20,3	43,4	34,2	47,5
Innlán og seðlar	1,2	2,7	2,4	0,3	5,8
Verðbréf	2,1	2,7	8,4	6,5	10,4
Eignir lífeyrissjóða	21,1	18,4	24,0	23,7	29,0
Annað	6,3	-3,5	8,6	3,7	2,4
Fjársparnaður sem hlutfall af landsframleiðslu	7,7	4,9	10,0	7,6	9,8

## 2. BANKAKERFIÐ


### Seðlabankinn


Veruleg umskipti urðu í efnahag Seðlabankans á árinu 1996. Erlendar eignir, nettó, ríflega tvöfölduðust, jukust um nær 16,7 ma.kr. á árinu og náðu 31,1 ma.kr. í árslok 1996. Geta verður þess að nokkur hluti erlendra eigna um áramótin var einungis skamman tíma í fórum Seðlabankans. Þar var m.a. um að ræða andvirði erlends láns sem lagt var inn á gjaldeyrisreikning í Seðlabankanum í desember 1996, en tekið út á fyrstu dögum ársins 1997. Á móti hækkun erlendra eigna Seðlabankans, nettó, lækkuðu innlendar eignir, nettó, um 13 ma.kr., en grunnfé jókst um 3,6 ma.kr. eða um nær 24%.

Staða ríkissjóðs við Seðlabankann batnaði umtalsvert á árinu 1996. Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó, lækkuðu um 8,6 ma.kr. og voru aðeins um 3,7 ma.kr. í lok ársins. Munaði mestu

Tafla IV.4. Úr reikningum Seðlabankans

	Hreyfingar í m.kr.			
	1993	1994	1995	1996
1. Erlendar eignir, nettó	-2.357	-13.684	-1.087	16.652
2. Kröfur á ríkissjóð, nettó	3.185	9.397	-1.362	-8.258
3. Kröfur á ríkisstofnanir, nettó	-293	6	-186	-347
4. Kröfur á fjárfestingarlánasjóði, nettó	-77	3.542	1.915	-827
5. Kröfur á innlánsstofnanir	-23	1.663	-158	-3.475
6. Sjóðir í opinberri vörslu (innstæður = -)	64	221	37	0
7. Annað, nettó	-2.679	-891	104	-108
8. Grunnfé (1+2+3+4+5+6+7=9+10)	-2.181	253	-737	3.637
9. Seðlar og mynt í umferð	313	735	528	273
10. Innstæður innlánsstofnana o.fl.	-2.493	-482	-1.265	3.364
Þ.a. bundnar innstæður v/bindiskyldu	-2.318	133	-218	876
	Hreyfingar í %			
Grunnfé	-12,1	1,6	-4,6	23,6
Seðlar og mynt	8,7	18,8	11,4	5,3
Bundnar innstæður v/bindiskyldu	-25,0	1,9	-3,1	12,8





að ríkisvixlar í eigu Seðlabankans lækkuðu um 4,5 ma.kr., en önnur markaðsskráð ríkisverðbréf, s.s. spariskírteini og óverðtryggð ríkisbréf, lækkuðu um 3,4 ma.kr. Hreyfingar á innstæðum ríkissjóðs og ríkisstofnana voru minni og ollu samtals rúmlega 0,7 ma.kr. bata á stöðu. Ríkisvixlæign Seðlabankans var einungis um 0,3 ma.kr. í lok ársins 1996, en önnur markaðsskráð ríkisverðbréf héldu uppi kröfum Seðlabankans á ríkissjóð með 10,2 ma.kr. stöðu, en ríkið átti verulegar innstæður á móti eða um 6,8 ma.kr.


Kröfur Seðlabankans á fjárfestingarlánasjóði breyttust afar lítið á árinu 1996 og námu um 3,4 ma.kr. í lok ársins. Hér er eingöngu um að ræða húsnæðis- og húsbréf sem Seðlabankinn eignaðist á árinu 1994. Innstæður fjárfestingarlánasjóða jukust um 0,9 ma.kr. á árinu og námu um 2,6 ma.kr. í árslok.

Innlánsstofnanir bættu stöðu sína við Seðlabankann á árinu 1996. Bæði varð mikil lækkan á kröfum Seðlabankans á innlánsstofnanir, um 3,5 ma.kr. eða 65%, og einnig juku innlánsstofnanir innstæður sínar eins og nánar verður vikið að í umfjölluninni um grunnfé Seðlabankans. Undir liðnum „kröfur á innlánsstofnanir“ lækkuðu endurhverf verðbréfa kaup mest eða um 1,7 ma.kr. Lán innan lánakvóta lækkuðu um 0,7 ma.kr. og voru um 0,5 ma.kr. í árslok, en þessi fyrirgreiðsla hefur nú verið aflögð hjá Seðlabankanum, og hurfu því lán innan lánakvóta út af reikningum Seðlabankans á fyrstu dögum janúarmánaðar 1997. Önnur fyrirgreiðsla en hér hefur verið nefnd, þ.e. stutt lán og verðbréf, voru að fullu greidd fyrir áramót 1996, og engin skuld var á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Seðlabankanum í árslok fremur en í ársbyrjun.

Eins og áður greindi jókst grunnfé mjög á árinu 1996, og voru það mikil umskipti frá þeirri þróun, sem átti sér stað á undanförunum árum þegar grunnfé lækkaði eða stóð nánast í stað. Til grunnfjár teljast seðlar og mynt í umferð, svo og innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum. Í auknu grunnfé munaði mest um 3,4 ma.kr. viðbót á innstæðum innlánsstofnana, þar af um 1,5 ma.kr. í óbundnum gjaldreyrisinnstæðum. Um 0,9 ma.kr. hækkun varð á skyldubundnum innstæðum innlánsstofnana, og um 1 ma.kr. aukning varð síðan á óbundnum innstæðum innlánsstofnana í íslenskum krónum. Seðlar og mynt í umferð jukust talsvert minna á árinu 1996 eða um 5,3% samanborið við um 11,4% á árinu 1995.

### Innlánsstofnanir

Útlán innlánsstofnana tóku verulega við sér á árinu 1996. Almenn útlán jukust um 9%, erlend endurlán um nær 29% og markaðsverðbréfaeign um 20%. Samtals hækkuðu þessir liðir um 25 ma.kr. á árinu 1996 eða 11,7% samanborið við 0,8% á árinu 1995. Innlán hækkuðu minna en útlán eða um 5,8%, en verðbréfaútgáfa innlánsstofnana jókst um rúm 29%, og samtals varð tæplega 17 ma.kr. aukning á innstæðum og verðbréfaútgáfu innlánsstofnana á árinu 1996 eða 8,8% samanborið við 2,7% hækkun á árinu 1995.







Tafla IV.5. Úr reikningum innlánsstofnana



	Hreyfingar í m.kr.			
	1993	1994	1995	Brb. 1996
1. Lausafjárstaða	2.682	-8.832	-2.495	9.443
2. Þ.a. ríkisvixlar	1.781	-6.731	2.921	3.209
3. Ýmsar innstæður í Seðlabanka	-2.070	-115	-218	876
4. Lán, endurlán og markaðsverðbréf	13.926	-208	1.783	25.125
5. Þ.a. almenn útlán	12.314	11.791	-9.619	15.208
6. Samtals (1+3+4=7+8+9+10+11)	14.538	-9.155	-930	35.444
7. Innlán	9.785	3.056	3.211	9.653
8. Verðbréfaútgáfa	2.037	-362	1.758	7.088
9. Fyrirgreiðsla Seðlabanka	-1.135	-405	-488	-1.234
10. Erlend lán	-361	-12.369	-5.488	14.047
11. Annað nettó	4.212	928	77	5.890
	Hreyfingar í %			
Lán, endurlán og markaðsverðbréf	7,0	-0,1	0,8	11,7
Innlán	6,5	1,9	2,0	5,8
Verðbréfaútgáfa	9,9	-1,6	7,9	29,4

Þó að vöxtur lána, endurlána og markaðsverðbréfa yrði um 8 ma.kr. umfram vöxt í innlánunum og verðbréfaútgáfu hækkaði lausafjárstaða innlánsstofnana á árinu 1996, en að öðru óbreyttu hefði slík þróun lækkað lausafé innlánsstofnana. Sama er að segja um fyrirgreiðslu Seðlabankans til innlánsstofnana og aðrar innlendar lántökur þeirra á árinu 1996, en samtals lækkuðu þessir liðir í reikningum innlánsstofnana um nær 1,9 ma.kr. Ástæðan fyrir vexti lausafjárstöðu innlánsstofnana er aukin notkun erlends lánsfjár til endurlána sem hækkaði um 14 ma.kr. á árinu 1996 samanborið við um 5,5 ma.kr. samdrátt á árinu 1995. Innan lausafjárstöðu innlánsstofnana batnaði erlend staða þeirra um 1,5 ma.kr., lausafjárstaða gagnvart Seðlabankanum batnaði um 4,7



Lausafjárhlutföll banka og sparisjóða (%)

1995:	Lágmark	Útkoma
Janúar	10,0	12,5
Febrúar	10,0	12,5
Mars	10,0	13,0
Apríl	10,0	12,6
Mái	10,0	13,9
Júní	10,0	13,5
Júlí	10,0	14,6
Ágúst	10,0	15,9
September	10,0	15,6
Október	10,0	12,8
Nóvember	10,0	12,3
Desember	10,0	10,9
1996:	Lágmark	Útkoma
Janúar	10,0	11,3
Febrúar	10,0	12,3
Mars	10,0	12,7
Apríl	10,0	12,5
Mái	10,0	11,9
Júní	10,0	11,1
Júlí	10,0	12,8
Ágúst	10,0	14,2
September	10,0	13,7
Október	12,0	13,1
Nóvember	12,0	13,0
Desember	12,0	11,8



*Millibankalán*  
*Meðalstaða hvers árs*

	M.kr.
1992	1.634
1993	1.938
1994	777
1995	721
1996	975

Tafla. IV.6. Flokkun lána, endurlána og markaðsverðbréfa innlánsstofnana eftir lántakendum

Ríkisvixlar innlánsstofnana ekki meðtaldir

	Staða í m.kr. 31.12.96	Hreyfingar 1995		Hreyfingar 1996	
		M.kr.	%	M.kr.	%
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	19.527	1.012	6,1	1.962	11,2
Sveitarfélög	7.294	301	4,1	-319	-4,2
Lánastofnanir	8.076	-2.286	-29,3	2.557	46,3
Fyrirtæki	137.211	-1.931	-1,5	14.192	11,5
Heimili	68.102	4.694	8,3	6.729	11,0
Samtals	240.210	1.790	0,8	25.121	11,7


ma.kr., og ríkisvixlæign innlánsstofnana jókst um 3,2 ma.kr. Samtals styrktist lausafjárstaðan um 9,4 ma.kr. samanborið við 2,5 ma.kr. samdrátt á árinu 1995.

Mikil umskipti urðu í flokkun lána, endurlána og markaðsverðbréfa innlánsstofnana, sérstaklega hvað varðar lán til fyrirtækja, sem jukust um 14 ma.kr. á árinu 1996 eða 11,5% samanborið við um 2 ma.kr. eða 1,5% samdrátt á árinu 1995. Sams konar umskipti urðu í lánnum til annarra lánastofnana þar sem aukningin varð um 2,6 ma.kr. á árinu 1996 samanborið við 2,3 ma.kr. lækkun á árinu 1995. Ríkissjóður og ríkisstofnanir nutu um 2 ma.kr. aukinna lána frá innlánsstofnunum á árinu 1996 eða 11,2% samanborið við 6,1% aukningu 1995, og heimilin juku einnig lántökur sínar hjá innlánsstofnunum um 11% á árinu 1996 samanborið við um 8% á árinu 1995.

Rétt er að geta þess að nú er gerður greinarmunur á markaðsverðbréfaeign innlánsstofnana og öðrum lánnum og endurlánnum þeirra. Í fyrri hagtölum var markaðsverðbréfaeign innfalin í útlánnum innlánsstofnana. Markaðsverðbréf eru framseljanleg verðbréf sem boðin eru til kaups í flokkum þar sem öll helstu einkenni bréfa eru hin sömu. Athyglisvert er að eign innlánsstofnana í markaðsverðbréfum jókst hraðar en venjubundin lán og endurlán eða um 20% á árinu 1996 á sama tíma og lán þeirra og endurlán jukust um tæp 11%. Ennþá eru þó markaðsverðbréf í eigu innlánsstofnana lítil að vöxtum miðað við önnur útlán þar sem þau námu einungis um 19,5 ma.kr. í árslok 1996.

**Millibankaviðskipti**

Daglánamarkaði með innstæður á viðskiptareikningi bankastofnana í Seðlabanka var komið á laggirnar í byrjun árs 1993. Auk þeirra viðskipta miðlar Sparisjóðabanki millibankalánnum til sparisjóðanna innbyrðis. Nokkur umskipti urðu í þessum lánveitingum á árinu 1996 eftir lítil viðskipti 1994 og 1995. Millibankalán voru um 975 m.kr. að meðaltali 1996 sem er ríflega 35% aukning frá fyrra ári. Ólík lausafjárstaða bankastofnana á árinu 1996 kann að hafa ýtt undir aukin viðskipti á þessum markaði.



### Bankakerfið

Þróun talna úr reikningum bankakerfisins sýnir að peningamagn og sparifé (M3) óx um 5,8% á árinu 1996 samanborið við 2,2% á árinu 1995. Sé verðbréfaútgáfu bætt við M3 varð aukning samtölnunnar M4 mun meiri á árinu 1996 eða 8,7% samanborið við 2,9% á árinu 1995. Peningamagn og sparifé, að viðbætti verðbréfaútgáfu nú síðari ár, sem hlutfall af landsframleiðslu sveiflaðist í kring um 40% á sjöunda áratugnum. Á áttunda áratugnum féll hlutfallið allt niður í um 20%. Á níunda áratugnum hófst síðan gagnger bati með nýju hámarki, um 44% á árinu 1993, en síðan hefur hlutfallið lækkað lítillega á hverju þeirra þriggja ára sem liðið hafa og mælist í um 42,3% á árinu 1996.


Peningamagn í þröngri skilgreiningu (M1), þ.e. veltiinnlán í innlánsstofnunum og seðlar og mynt í umferð, jókst meira en M3 eða um 10,8% 1996 samanborið við 9,6% 1995. Er þetta þriðja árið í röð

Tafla IV.7. Úr reikningum bankakerfisins  
Sjá einnig 21. töflu í töfluviðauka


	Hreyfingar í m.kr.			
	1993	1994	1995	Brb. 1996
1. Erlendir liðir, nettó	442	-984	362	4.111
2. Lán, endurlán og markaðsverðbréf	18.646	6.315	1.981	19.870
3. Annað, nettó	-6.953	-1.902	3.153	-6.969
4. Samtals (1+2+3=5+6=M4)	12.135	3.429	5.496	17.012
5. Peningamagn og sparifé (M3)	10.098	3.791	3.738	9.924
6. Verðbréf, útg. af innlánsstofnunum	2.037	-362	1.758	7.088

	Hreyfingar í %			
Lán, endurlán og markaðsverðbréf	8,9	2,8	0,8	8,4
Peningamagn og sparifé (M3)	6,6	2,3	2,2	5,8
Peningamagn (M1)	5,4	10,7	9,6	10,8








sem M1 hefur vaxið verulega umfram verðlagshækkunir. Skýringar má e.t.v. leita í því m.a. að notendur peninganna hafa um nokkurra ára skeið vanist lágrri verðbólgu og kunna því að treysta í auknum mæli á að reiðufé haldi verðgildi sínu þótt það beri litla eða enga vexti.

Lán, endurlán og markaðsverðbréf bankakerfisins að meðtöldum ríkisvixlum óx um nær 20 ma.kr. á árinu 1996 eða 8,4% samanborið við aðeins um 0,8% á árinu 1995. Vöxturinn 1996 var allur hjá innlánsstofnunum, en kröfur Seðlabankans drógust saman eins og áður er getið. Um 12% aukning var á lánum bankakerfisins bæði til heimila og fyrirtækja, en kröfur á ríkið drógust saman um 10% á árinu 1996.

### 3. AÐRAR FJÁRMÁLASTOFNANIR



#### Fjárfestingarlánasjóðir

Heildarútlán fjárfestingarlánasjóða í árslok 1996 námu 282 ma.kr., en voru um 263 ma.kr. í árslok 1995. Aukning er rúm 7% og má rekja hana að mestu leyti til aukinna lána íbúðarlánasjóða. Í árslok 1996 var hlutfeldi íbúðarlánasjóða í útlánum fjárfestingarlánasjóða um 71,6%, en sambærilegt hlutfall í árslok 1995 var um 70,2%. Íbúðarlán til einstaklinga jukust um 18,5 ma.kr. á árinu, og er það um 10,3% aukning. Útlán Húsbúðerfedeildar jukust á árinu um 14,3 ma.kr. Vöxtur útlána atvinnuvegasjóða nam 1,8 ma.kr. á árinu eða um 2,2%, og námu þau í árslok um 80 ma.kr. Heildareignir fjárfestingarlánasjóða voru taldar um 290 ma.kr. í lok ársins 1996, en voru 268 milljarðar í árslok 1995 og hafa því aukist um 8% árið 1996. Lántökur sjóðanna lækkuðu alls um 1,4% á árinu 1996, samanborið við um 3,4% lækkun á árinu 1995.

Erlendar skuldir fjárfestingarlánasjóða minnkuðu um hálf prósenta árið 1996, en samsvarandi lækkun á árinu 1995 var rúm 12%. Innlán og útgefin verðbréf sjóðanna jukust um 22% á árinu 1996 samanborið við um 20% vöxt á árinu 1995. Mestu munaði um hækkun útgefna hús-

Tafla IV.8. Úr reikningum fjárfestingarlánasjóða


	Staða í árslok, ma.kr.		Hreyfingar 1996	
	1995	1996	Ma.kr.	%
Útlán og verðbréfaeign	263,2	282,0	18,8	7,1
Byggingarsjóður ríkisins	63,9	63,0	-0,9	-1,4
Húsbréfadeild	76,2	90,4	14,2	18,6
Byggingarsjóður verkamanna	44,8	48,4	3,6	8,0
Atvinnuvegasjóðir	78,3	80,1	1,8	2,3
Innstæður og sjóður	4,3	6,2	1,9	44,2
Annað, nettó	0,8	1,5	0,7	87,5
<i>Eignir = skuldir og eigið fé:</i>	<i>268,3</i>	<i>289,7</i>	<i>21,4</i>	<i>8,0</i>
Lán frá lífeyrissjóðum	59,5	56,4	-3,1	-5,2
Húsbréf og verðbréfaútgáfa	99,3	121,3	22,0	22,2
Önnur innlend lán o.fl.	24,2	25,8	1,6	6,6
Erlend lán	40,8	40,6	-0,2	-0,5
Eigið fé	44,5	45,6	1,1	2,5

bréfa og húsnæðisbréfa, sem samtals jukust um nær 27% á árinu 1996. Verðbréfaútgáfa atvinnuvegasjóða dróst aftur á móti saman um 3% á árinu 1996. Væntanlega má rekja það að mestu til almennra efnahagsaðstæðna og aukins munar á innlendum og erlendum vöxtum. Lítils háttar vöxtur varð á lánum til sjávarútvegs, en samdráttur til allra annarra atvinnugreina. Tölur um útlán einstakra sjóða er að finna í töflu 26 í töfluviðauka.

### Lífeyrissjóðir


Áætlað er að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða hafi numið tæpum 56 ma.kr. á árinu 1996 sem er mun meira en árið 1995 eða um 20%. Ástæður þessa eru einkum tvær. Í fyrsta lagi var 17 ma.kr. innlausn spariskírteina í júlí, og munu lífeyrissjóðir hafa átt þar stóran hlut. Líklegt er að talsverður hluti þess fjár, sem þá losnaði, hafi aftur verið festur í ríkisverðbréfum. Önnur ástæða þessa aukna ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða er að iðgjöld ársins eru áætluð hafa verið 10% meiri en á árinu 1995 eða liðlega 19 ma.kr. samanborið við 17,6 ma.kr. Höfuðástæða meiri iðgjalda var mikill vöxtur atvinnutekna svo sem skýrt er frá í kafla II. Lífeyrisgreiðslur eru áætlaðar hafa verið rúmum 9% meiri á árinu 1996 en ári áður, og er það svipuð aukning og verið hefur undanfarin ár. Í töflunni hér á eftir er sýndur uppruni fjármagnsins, svo og ráðstöfun þess. Tölur ársins 1995 eru endanlegar, en áætlað er fyrir árið 1996.

Ráðstöfun fjármagns hefur breyst nokkuð milli árána 1995 og 1996. Einkum eru það kaup lífeyrissjóðanna á ríkisverðbréfum sem virðast munu verða meiri en 1995, en eins og að ofan greindi er líklegt að þeir hafi keypt nokkuð af ríkisverðbréfum við innlausn spariskírteina. Einnig er fjárfesting lífeyrissjóða í erlendum skuldabréfum og hlutdeildarskírteinum erlendra verðbréfasjóða meiri 1996 en áður. Áætlað er að þessi fjárfesting hafi getað numið samtals 5 ma.kr. á árinu. Þá er enn ótalin því nær tvöföldun á kaupum sjóðanna á innlendum hlutabréfum.



Tafla IV.9. Greiðslufirlit lífeyrissjóða

Hreyfingar í m.kr.	Áætlun		Áætluð breyting milli ára	
	1995	1996	M.kr.	%
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag, nettó	38.313	46.700	8.387	21,9
Innborgaðar afborganir og vextir	37.573	45.500	7.927	21,1
Annað innstreymi	1.467	2.000	533	36,3
Rekstrarkostnaður	-727	-800	-73	10,0
Framlög, nettó	8.234	9.000	766	9,3
Iðgjöld	17.560	19.300	1.740	9,9
Lífeyrisgreiðslur	-9.438	-10.300	-862	9,1
Endurgreidd iðgjöld og annað, nettó	112	-	-112	-
<i>Uppruni = ráðstöfun</i>	<i>46.547</i>	<i>55.700</i>	<i>9.153</i>	<i>19,7</i>
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Útlán og skuldabréfakaup	46.105	55.650	9.545	20,7
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	4.082	9.850	5.768	141,3
Bæjar- og sveitarfélög	4.472	3.300	-1.172	-26,2
Fjárfestingarlánasjóðir	14.204	14.500	296	2,1
þ.a. húsbréf	10.665	10.000	-665	-6,2
þ.a. húsnæðisbréf	52	3.300	-	-
Verðbréfasjóðir	3.076	4.000	924	30,0
þ.a. erlendir	2.873	3.500	627	21,8
Eignarleigur	1.052	1.600	548	52,1
Skuldabréf fyrirtækja	5.839	6.600	761	13,0
Hlutabréf	1.491	2.700	1.209	81,1
Einstaklingar (sjóðfélagar)	5.144	5.600	456	8,9
Bankar og sparisjóðir (verðbréf)	6.374	6.000	-374	-5,9
Erlend skuldabréf	371	1.500	1.129	304,3
Fasteignakaup og annað útstreymi	178	100	-78	-43,8
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	265	-50	-315	-118,9



Lífeyrissjóðirnir keyptu á árinu 1996 minna af skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga en á árinu 1995, og hafa kaup þessi lækkað úr 4,4 ma.kr. í 3,3 ma.kr. Kaup þeirra á húsbrefum virðast hafa verið álíka mikil og næstu þrjú árin þar á undan eða á bilinu 10-11 ma.kr. á ári. Bein útlán til sjóðfélaga aukast venju samkvæmt og munu hafa verið 5,6 ma.kr. á árinu.

Hrein eign til greiðslu lífeyris er áætluð hafa aukist um 13,1% á árinu 1996 og nam í árslok 297 ma.kr. Er það meiri aukning en næstu tvö ár þar á undan, en þá var hún 12,1% hvort ár.

### Eignarleigur

Í lok árs 1996 voru þrjár eignarleigur starfandi. Alls jukust fjárhæðir leigusamninga á árinu 1996 um 2,8 ma.kr. eða 33%, en vöxtur á árinu 1995 var 19%. Leigusamningar í íslenskum krónum jukust um 2,3 ma.kr. á árinu eða 35% samanborið við 48% árið 1995. Einnig varð aukning í leigusamningum bundnum erlendum myntum í fyrsta sinn



Tafla IV.10. Úr reikningum eignarleigna

	Staða í árslok		Hreyfingar		Hreyfingar	
	í m.kr.		í m.kr.		í %	
	1995	1996	1995	1996	1995	1996
<i>Eignir:</i>						
Bankainnstæður	634	597	-222	-37	-21,1	-5,8
Í íslenskum krónum	64	176	-175	113	-67,5	177,5
Í erlendri mynt	570	421	-47	-149	-6,0	-26,2
Leigusamningar	8.391	11.142	-1.384	2.751	19,0	32,8
Í íslenskum krónum	6.651	8.962	292	2.311	48,1	34,7
Í erlendri mynt	1.740	2.180	-1.675	440	-32,0	25,3
Aðrar eignir	1.951	2.691	-579	740	-15,1	37,9
<i>Eignir = skuldir og eigið fé</i>	<i>10.976</i>	<i>14.430</i>	<i>-2.185</i>	<i>3.454</i>	<i>8,1</i>	<i>31,5</i>
<i>Skuldir og eigið fé:</i>						
Verðbréfaútgáfa	4.866	6.903	-1.240	2.037	10,6	41,9
Aðrar skuldir í innl. mynt	2.247	3.032	743	785	78,6	35,0
Gengistryggð lán	2.255	2.606	-1.602	352	-25,7	15,6
Víkjandi lán	398	412	-109	14	-0,3	3,6
Eigið fé	1.211	1.476	23	265	14,7	21,9

síðan 1993. Aukning varð um 25% á árinu 1996, en árið 1995 lækkaði fjárhæð slíkra samninga um 32%.

### Verðbréfasjóðir

Árið 1995 lækkaði stofn útgefinna hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða um tæp 11% þrátt fyrir uppsveiflu síðari hluta þess árs. Þessi uppsveifla hélt áfram fyrri hluta ársins 1996 og náði hámarki í ágúst. Þá nam stofninn 22,5 ma.kr. Síðasta þriðjung ársins fór svo stofninn á ný hægt lækkaði og var 20,5 ma.kr. í árslok og aukningin á árinu um 29%.

Einnig er eftirtektarvert að sala og innlausn jókst til muna. Sala á hlutdeildarskírteinum jókst úr tæpum 11 ma.kr. árið 1995 í rúma 44 ma.kr. 1996. Innlausn jókst úr rúmum 13 ma.kr. í rúma 39 ma.kr. Þessa veltuaukningu má að hluta rekja til aukinna umsvifa skammtímasjóða innan ársins.

Undir árslok 1996 sást enn á ný umtalsverð hreyfing frá skammtímasjóðum og öðrum sjóðum yfir í eignarskattsfrjálsa verðbréfasjóði. Hrein sala í eignarskattsfrjálsu sjóðum í desember 1996 var 1.528 m.kr., en var 891 m.kr. í desember 1995. Í janúar 1996 var síðan hrein innlausn í eignarskattsfrjálsu sjóðum 566 m.kr. Í janúar 1997 var innlausn umfram sölu um 900 m.kr.

Þeir verðbréfasjóðir sem fjárfesta einkum í erlendum verðbréfum, voru með innlausn umfram sölu að fjárhæð 409 m.kr. á árinu 1996. Þetta virðist vera framhald á þróun sem hófst árið 1995. Á árinu 1994 uxu slíkir sjóðir hratt, á árinu 1995 stóð eign þeirra í stað, en 1996 minnkaði hún. Þessu fylgir minnkandi eign á erlendum skuldabréfum hjá sjóðunum í heild. Meira er hins vegar fjárfest í erlendum hlutabréfum.

Vaxandi eign sjóðanna á árinu 1996 kemur aðallega fram í þremur tegundum skuldabréfa, spariskírteinum ríkissjóðs, öðrum ríkisbréfum



Tafla IV.11. Úr reikningum verðbréfasjóða

	Staða í árslok í m.kr.		Hreyfingar í m.kr.		Hreyfingar í %	
	1995	1996	1995	1996	1995	1996
<i>Eignir:</i>						
Sjóður og bankainnstæður	1.223	1.126	-42	-96	-2,4	-8,5
Verðbréfaeign	13.540	20.115	-2.035	6.575	-13,0	32,7
Spariskírteini ríkissjóðs	3.809	4.813	-1.861	1.004	-32,3	20,9
Önnur ríkisverðbréf	1.558	4.124	-33	2.566	-1,5	62,2
Verðbréf sveitarfélaga	1.226	946	-316	-280	-20,3	-29,5
Húsbréf	1.633	2.023	274	390	22,4	19,3
Verðbréf innlánsstofnana	956	2.993	126	2.037	16,3	68,0
Verðbréf annarra fjárm.stofn.	811	1.241	-188	430	-17,7	34,6
Skuldaskjöl atvinnufyrirt.	1.165	1.713	1	548	1,3	32,0
Innlend hlutabréf	122	541	-14	419	-24,1	77,5
Skuldaskjöl einstaklinga	287	174	-115	-113	-226,4	-65,4
Önnur innlend verðbréf	95	48	64	-48	216,7	-100,9
Erlend hlutabréf	310	513	-83	203	-26,2	39,6
Erlend skuldabréf	1.567	985	110	-582	3,7	-59,1
Aðrar eignir	94	71	-122	-23	-53,1	-31,9
<i>Eignir = skuldir og eigið fé</i>	<i>14.857</i>	<i>21.313</i>	<i>-2.198</i>	<i>6.456</i>	<i>-12,7</i>	<i>30,3</i>
<i>Skuldir og eigið fé:</i>						
Útgefin hlutdeildarskírteini	14.517	20.531	-1.772	6.013	-10,8	29,3
Aðrar skuldir	271	733	-428	462	-59,6	63,1
Eigið fé	69	49	2	-20	7,5	-41,0

og verðbréfum innlánsstofnana. Aukna hlutdeild annarra ríkisverðbréfa má að hluta rekja til vaxandi útboða ríkisbréfa til þriggja og fimm ára, en ný útboð umfram innlausn þeirra voru um 1,4 ma.kr. Frumútboð bankabréfa jukust mikið í október 1996, og kemur það einnig fram í skuldabréfaeign verðbréfasjóðanna þann mánuðinn.

Áfram dróst eign sjóðanna á verðbréfum sveitarfélaga saman, og hélst það sem fyrir í hendur við minnkandi útboð skuldabréfa á vegum sveitarfélaga.

#### 4. GREIÐSLU- OG VERÐBRÉFAMIDLUN

##### Tékknotkun

Notkun tékka hefur farið stöðugt minnkandi síðustu ár eða allt frá árunum 1991 og 1992, en þá var fjöldi útgefina tékka 29,4 milljónir hvort ár. Á árinu 1996 var tékkafjöldinn 9,8 milljónir og minnkaði um tæp 18% frá árinu 1995. Hins vegar minnkaði heildarvelta tékka ekki eins mikið eða aðeins um 5% á sama tíma og var á árinu 752 ma.kr. Það þýðir að meðaltékkafjárhæð fer hækkandi, var 76.600 kr. á árinu 1996 samanborið við 66.300 kr. 1995 og 45.900 kr. árið 1994. Orsakir þessa eru eflaust meiri kostnaður við útgáfu tékka en notkun debetkorta, auk þess sem debetkort eru nú orðin gjaldgeng mjög víða og handhægari í notkun en tékkar.

### Debetkort

Veltuaukning debetkorta á árinu 1996 var 32% frá árinu áður, og reyndist heildarvelta ársins vera rúmum 146 ma.kr. Fjöldi færslna var tæpar 18 milljónir, og er því meðalfjárhæð færslu rúmar 8.000 kr. Er það nokkur lækkun frá árinu 1995 þegar meðalfjárhæðin var tæpar 9.000 kr.

### Kreditkort



Velta kreditkorta á árinu 1996 var 75 ma.kr., þar af 64 ma.kr. vegna notkunar innanlands. Heildarveltan, bæði innanlands og utan, var tæpum 16% meiri en á árinu 1995. Færslufjöldi á árinu var 20 milljónir, og var því meðalfjárhæð færslu 3.700 kr. Hins vegar var meðalfjárhæð færslna erlendis meira en helmingi hærri en innlendra færslna eða 7.700 kr. samanborið við 3.400 kr. innanlands.

Á línuritinu hér til hliðar er borinn saman fjöldi útgefna tækka, debetkortafærslna og kreditkortafærslna innanlands. Þar kemur fram hversu mikil aukning debetkorta, sem byrjað var að gefa út árið 1993, hefur verið á kostnað tækka fjöldans. Strax ári eftir tilkomu debetkorta hrapaði tækka fjöldinn, og á árinu 1995 voru debetkorta-færslur orðnar fleiri en útgefna tækka. Kreditkortafærslum hefur fjölgað jafnt og þétt, og virðist það engan hlut eiga í vixlverkun hinna greiðslumiðlanna tveggja.

Ef litið er á hlutfallslega skiptingu heildarveltunnar milli þessara þriggja greiðslumiðla sést að á árinu 1996 var heildarvelta tækka tæp 80% hennar. Skýrist það af því sem að ofan greinir, að meðalfjárhæð tækka er margfalt hærri en kortafærslna. Hlutfall debetkorta í heildarveltunni er 15% og kreditkorta tæp 7%.

### Verðbréfaþing

Umfang viðskipta á Verðbréfaþingi Íslands jókst til muna á árinu 1996. Heildarviðskipti í viðskiptakerfi þingsins jukust um 68% og voru 119 ma.kr., en voru 71 ma.kr. 1995. Viðskipti jukust í öllum flokkum verðbréfa nema flokknum „önnur verðbréf“, en það eru einkum hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða ásamt skuldabréfum sveitarfélaga og fyrirtækja. Athygli vekur að viðskipti þessa flokks verðbréfa voru því sem næst engin á árinu 1996, en útistandandi markaðsverðmæti hans jókst úr 31 ma.kr. árið 1995 í 50 ma.kr. 1996. Hluta aukningarinnar á heildarveltu má rekja til þess að markaðsverðmæti skráðra bréfa á Verðbréfaþingi Íslands jókst um 34%, úr 256 ma.kr. í 343 ma.kr. Þá hefur það e.t.v. haft áhrif til aukningar viðskipta að í október tók Verðbréfaþing Íslands í notkun nýtt viðskiptakerfi, en helstu kostir þess eru rauntímaupplýsingar um viðskipti, tilboð og áriðandi fréttir, og að upplýsingaflæði frá þinginu er mun betra en áður. Bæði innlendar og erlendar upplýsingaveitur hafa einnig nýtt sér möguleika á rauntímagögnum frá þinginu, en áður var það tæknilega ógerlegt. Þetta á eflaust eftir að stuðla að því að innlendir jafnt sem erlendir fjárfestar verði betur upplýstir um íslenskan fjármagnsmarkað í framtíðinni. Skráning utanþingsviðskipta, sem áður gat tekið talsverðan tíma, hefur einnig batnað til





muna eftir að nýja viðskiptakerfið var tekið í notkun og fer nú fram daglega.

Tafla IV.12. Markaðsverðmæti skráðra bréfa á Verðbréfaþingi Íslands Staða í árslok í ma.kr.

	Langtímamarkaður					Peningamarkaður		
	Húsbréf		Ríkisbréfi Önnur	Skulda- bréf		Véxlar		
	Spari- og húsn.- skírteini	bréf		Önnur	Hluta- alls	Hluta- bréf	Ríkis- véxlar <sup>2</sup>	innláns- stofnana
1990	37,8	5,1	.	1,2	44,1	1,7	.	.
1991	43,8	18,3	.	6,2	68,3	1,6	.	.
1992	51,6	31,1	1,9	6,8	91,4	14,6	6,8	6,8
1993	65,4	55,3	2,1	10,6	133,4	19,1	17,7	17,7
1994	72,7	69,7	5,6	23,3	171,3	33,0	17,1	17,1
1995	76,5	79,5	6,1	30,7	192,8	47,0	16,5	16,5
1996	66,3	104,9	8,1	50,3	229,6	93,1	16,6	4,0 20,5

% breyting

95/96 -13,3 31,9 32,5 63,7 19,1 98,2 0,4 . 24,5

1. Hér er aðeins átt við ríkisbréf til lengri tíma en 1 árs. 2. Ríkisbréf til 6-12 mánaða eru talin hér með. Heimildir: Verðbréfaþing Íslands, Seðlabanki Íslands.

### Peningamarkaður

Þegar talað er um peningamarkað er átt við markaðsbréf sem gefin eru út til eins árs eða skemmri tíma. Þar til í lok 1996 var hér eingöngu um ríkisvéxla að ræða, en í nóvember voru fyrstu véxlar innlánsstofnana skráðir á VPÍ. Hér var um að ræða þingvéxla Íslandsbanka og bankavéxla Landsbanka. Viðskipti með véxla innlánsstofnana eru enn sem komið er lítil í samanburði við viðskipti með ríkisvéxla, enda nýkomnir á markað, en þau voru tæpur 1 ma.kr. á móti 85 ma.kr. með ríkisvéxla. Viðskipti á peningamarkaði voru samtals 86 ma.kr. árið 1996 sem jafngildir 72% af heildarviðskiptum á VPÍ. Árið 1995 voru þau 48 ma.kr. og jukust því um 79% milli ára. Þessi aukning stafar meðal annars af því að viðskipti peningamarkaðssjóða hafa aukist og lausafjárstýring fagfjárfesta var virkari á síðasta ári. Aðild Seðlabankans að viðskiptum á Verðbréfaþingi Íslands hefur löngum verið mikil, en hefur minnkað nokkuð síðustu tvö ár. Mest er aðildin að viðskiptum á peningamarkaði eða tæpir 81 ma.kr. 1996 sem samsvarar 93% af öllum viðskiptum á peningamarkaði, en árið 1995 var aðildin 99%. Eftir að fjárvörslusamningarnir voru gerðir hefur aðild á langtímamarkaði minnkað til muna, og var hún aðeins 10% árið 1996 samanborið við 82% árið 1995. Samanlögð viðskipti Seðlabankans og fjárvörsluaðila á langtímamarkaði voru rúmir 18 ma.kr. eða 68% af skuldabréfaviðskiptum á langtímamarkaði, en árið áður var aðild Seðlabankans 82%. Samanlögð aðild Seðlabankans og fjárvörsluaðila að öllum viðskiptum á peninga- og langtímamarkaði með skuldabréf var 88% árið 1996, 94% 1995 og 96% 1994.

### Langtímamarkaður

Viðskipti með skuldabréf á langtímamarkaði, þ.e. með skuldabréf sem

gefin eru út til lengri tíma en eins árs, voru 27 ma.kr. á árinu 1996, en voru 20 ma.kr. árið 1995. Bæði í krónum talið og hlutfallslega var aukningin mest í viðskiptum með spariskírteini, en þau jukust um 44% milli ára, úr 9,4 ma.kr. 1995 í 13,5 ma.kr. 1996. Þessi aukning er einkum athyglisverð ef haft er í huga að markaðsverðmæti útistandandi spariskírteina hefur minnkað um rúma 10 ma.kr. og flokkum þeirra hefur fækkað úr 50 í 44. Þannig skiptu spariskírteini mun oftast um hendur á árinu 1996 en tvö árin þar á undan, og var velta sem hlutfall af útistandandi markaðsverðmæti 20% 1996, en var 12% árið 1995. Enginn vafi leikur á að hluta aukningarinnar má rekja til fjárvörslusamninga Seðlabankans og verðbréfafyrirtækjanna þriggja. Þá jukust einnig valmöguleikar fjárfesta, t.d. við það að spariskírteini til 20 ára voru gefin út, en þau henta fagfjárfestum í mörgum tilfellum vel.

Aukningin á veltu ríkisbréfa var einnig mikil árið 1996 eða úr 7,8 ma.kr. árið 1995 í 10,7 ma.kr. 1996. Af skuldabréfum á langtíma-markaði skipta ríkisbréf hlutfallslega oftast um hendur, en viðskipti sem hlutfall af útistandandi markaðsverðmæti voru 1,33 á árinu 1996. Hér gildir hið sama og um spariskírteini, að aukin viðskipti með ríkisbréf eru tilkomin að hluta vegna fyrrnefndra fjárvörslusamninga. Einnig ber að hafa í huga að 5 ára ríkisbréf voru í fyrsta sinn gefin út árið 1995 og höfðu varla náð fótfestu á markaði það ár, og skýrir það væntanlega hluta aukningarinnar.

Viðskipti með húsbref og húsnæðisbréf voru 3 ma.kr. 1996, og jukust þau um 470 m.kr. milli ára. Útistandandi markaðsverðmæti þeirra jókst hins vegar mun meira eða úr 80 ma.kr. í 105 ma.kr. Þannig minnkaði velta húsnæðisbréfa sem hlutfall af útistandandi verðmæti úr 3,2% í 2,9%. Þar sem húsnæðisbréf eru verðtryggð og til langs tíma, henta þau fagfjárfestum á borð við lífeyrissjóði vel, en slíkir fjárfestar kaupa gjarnan bréf og halda til innlausnar í stað þess að eiga mikil viðskipti með þau á líftímanum. Þetta nægir þó ekki til að útskýra lítil viðskipti, enda fer mestur hluti viðskipta með þessi bréf ekki í gegnum viðskiptakerfi Verðbréfafings Íslands. Þetta er

Tafla IV.13. Viðskipti á Verðbréfafingi Íslands 1994-1996

M.kr.	Langtímamarkaður					Peningamarkaður			
	Húsbref		Skulda-			Véxlar			
	Spari- & húsn.- skírteini	Ríkis- bréf	Ríkis- bréf <sup>1</sup>	Önnur	Skulda- bréf alls	Hluta- bréf	Ríkis- véxlar <sup>2</sup>	innláns- stofnana	Samtals
1994	9.420	7.632	3.769	0	20.821	1.335	64.347	0	64.347
1995	9.351	2.518	7.808	64	19.741	2.858	48.338	0	48.338
1996	13.470	2.991	10.693	1	27.155	5.845	85.363	945	86.308
% breyting									
95/96	44	19	37	-98	38	105	77	.	79
Hlutfall af útistandandi markaðsverðmæti									
	0,20	0,03	1,33	0,00	0,12	0,06	5,15	0,24	4,20

1. Hér er aðeins átt við ríkisbréf til lengri tíma en 1 árs. 2. Ríkisbréf til 6-12 mánaða eru talin hér með.

Heimildir: Verðbréfafing Íslands, Seðlabanki Íslands.

Tafla IV.14. Viðskipti Seðlabankans og fjárvörsluaðila á Verðbréfaþingi Íslands 1992-1996

	Peninga- markaður				Langtímamarkaður, skuldabréf				Peninga- og langtíma- markaður	
	Seðla- banki		Fjárvörslu- aðilar		Seðla- banki		Fjárvörslu- aðilar		Seðlabanki og fjárv.aðilar	
	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %	Við- skipti Ma.kr.	Hlut- deild %
1992	2	98	.	.	4	87	.	.	6	89
1993	56	97	.	.	13	78	.	.	69	92
1994	64	100	.	.	18	86	.	.	82	96
1995	48	99	.	.	16	82	.	.	64	94
1996	81	93	1	1	3	10	16	58	100	88

einkum óheppilegt að því leyti að fjárfestar hafa ekki vissu fyrir því að viðskipti þeirra séu byggð á hagstæðustu tilboðum á markaði hverju sinni.

#### Útboð verðbréfa

Vaxtakjör sem bjóðast á frummarkaði hafa áhrif á eftirspurn og framboð lánsfjár á skuldabréfa- og peningamarkaði. Meira framboð skuldabréfa að öðru óbreyttu ætti því að hækka ávöxtunarkröfuna á markaðnum og öfugt. Í töflu IV.15. kemur fram sala skuldabréfa á frummarkaði árin 1995 og 1996 sem átti sér stað fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja, banka og Lánasýslu ríkisins.

Eins og sjá má hefur frumsala spariskírteina aukist verulega á milli ára. Á árinu 1995 nam heildarsala um 9,3 ma.kr. samanborið við 20,1 ma.kr. árið 1996. Aðallega eru tvær skýringar á þessari söluaukningu á milli ára. Fyrri skýringin er sú að í febrúar 1996 kom stór flokkur verðtryggðra spariskírteina (1995-1D5) til innlausnar, alls að fjárhæð 8 ma.kr. Eigendum spariskírteinnanna var boðið að endurfjármagna flokkinn með sérstöku skiptiútboði. Sala spariskírteina í febrúar var um

Tafla IV.15. Heildarsala í almennum og lokuðum skuldabréfaútboðum á innlendum verðbréfamarkaði 1995 og 1996

M.kr.	1995			1996		
	Almenn útboð	Lokuð útboð	Samtals	Almenn útboð	Lokuð útboð	Samtals
Spariskírteini ríkissj.	9.263	.	9.263	20.051	.	20.051
Ríkisbréf	2.204	.	2.205	5.230	.	5.230
Húsbréf	11.097	.	11.097	13.183	.	13.183
Húsnæðisbréf	0	.	0	5.379	.	5.379
Sveitarfélög	0	3.661	3.661	0	1.524	1.524
Lánastofnanir	3.146	5.745	8.891	4.302	8.078	12.380
Atvinnufyrirtæki	0	2.830	2.830	190	1.993	2.183
Erlendir útgefendur	257	200	457	0	0	0
Alls	25.967	12.436	38.403	48.335	11.595	59.930



7 ma.kr. samanborið við 4,2 ma.kr. sölu í tengslum við skiptiútboð árið 1995. Síðari skýringin tengist ákvörðun stjórnvalda um að nýta sér heimild til innköllunar á þremur flokkum spariskírteina í byrjun júlí. Innlausnarvirði bréfanna var rúmir 17,3 ma.kr., og var eigendum þeirra boðið að taka þátt í skiptiútboði og skiptisölu til endurfjármögnunar. Innköllunin olli mikilli frumsölu í spariskírteinum og ríkisbréfum, en sala slíkra bréfa var samtals um 9,1 ma.kr. í júlímánuði.

Húsnæðisstofnun ríkisins jók einnig verulega sölu á skuldabréfum á milli árana 1995 og 1996. Sala húsnæðisbréfa vegna fjármögnunar félagslega kerfisins lá niðri árið 1995 þar sem fjárfestar töldu ávöxtun bréfanna ekki nógu fýsilega. Í janúar 1996 hóf Húsnæðisstofnun útgáfu á nýjum flokkum húsnæðisbréfa þar sem ávöxtunin tók mið af markaðsaðstæðum. Tímalengd húsnæðisbréfanna er 25 eða 43 ár, og var heildarsala þeirra um 5,4 ma.kr. á árinu. Húsnæðisstofnun ríkisins seldi samtals skuldabréf fyrir um 18,6 ma.kr. árið 1996 sem er um 67% aukning frá árinu áður. Eins og áður voru ríkissjóður og Húsnæðisstofnun stærstu lántakendur á frummarkaði, en þessar stofnanir seldu skuldabréf fyrir 43,8 ma.kr. sem er um 73% af heildarsölu sammanborið við 59% árið áður.

Innlausn á skuldabréfum ríkissjóðs og Húsnæðisstofnunar var samkvæmt bráðabirgðatölum um 37,7 ma.kr. Þegar tekið er tillit til frumsölu framangreindra aðila var hrein sala 6,1 ma.kr. árið 1996 samanborið við tæpa -0,9 ma.kr. árið 1995. Hér er um veruleg umskipti að ræða á milli ára sem gerir öðrum lántakendum erfiðara fyrir að afla sér lánsfjár með útboðum á frummarkaði. Hrein sala á skuldabréfum ríkissjóðs og Húsnæðisstofnunar árið 1996 var þó lægri samanborið við árin 1992-1994, en þá var hún árlega jákvæð á bilinu 10-12,8 ma.kr. Verulega dró úr frumsölu á skuldabréfum sveitarfélaga, en á móti kom aukning í sölu skuldabréfa hjá lánastofnunum. Eftirtektarvert er að

Tafla IV.16. Helstu flokkar markaðsverðbréfa 1994-1996

	Staða í árslok í ma.kr.			Hreyfingar í ma.kr.		Hreyfingar í %	
	1994	1995	1996	1995	1996	1995	1996
<i>Verðtr. og gengistr. alls</i>	180,9	202,5	229,0	21,6	26,5	12,0	13,1
Spariskírteini ríkissjóðs	72,5	78,0	77,4	5,5	-0,6	7,6	-0,8
Bréf innlánsstofnana	20,7	20,1	23,4	-0,5	3,3	-2,7	16,4
Húsbréf	64,7	77,6	92,5	12,9	14,9	19,9	19,2
Húsnæðisbréf	7,7	7,6	15,0	-0,1	7,4	-1,3	97,4
Bréf atvinnuvegasjóða	9,2	14,3	13,8	5,1	-0,5	55,7	-3,7
Bréf eignarleigna	6,1	4,9	6,9	-1,2	2,0	-20,3	41,8
<i>Óverðtryggð alls</i>	38,1	40,6	53,8	2,5	13,2	6,6	32,6
Hludt.skírt. verðbréfasj.	16,2	14,5	20,5	-1,8	6,0	-10,8	41,8
Ríkisvixlar	14,6	15,5	15,3	0,8	-0,2	5,7	-1,0
Ríkisbréf	5,6	6,6	10,4	1,0	3,8	18,1	58,7
Vixlar innlánsstofnana	1,7	4,1	7,6	2,4	3,5	146,2	85,2
<i>Samtals</i>	219,0	243,1	282,8	24,1	39,7	11,0	16,3

Próun þingvísitölu hlutabréfa



Hækkun hlutabréfaverðs árið 1996 í %

Ísland	60
Danmörk	28
Noregur	29
Svíþjóð	39
Finnland	39
Bretland	11
Bandaríkin	22
Evrópa (án Bretlands)	26
Bandaríkin	22
Heimur	26

Hækkun atvinnugreina-  
vísitalna VPI í %

	1995	1996
Hlutabréfasjóðir	24	32
Sjávarútvegur	44	88
Verslun	25	40
Iðnaður	42	53
Flutningur	56	41
Olíudreifing	7	62
Heimild: Verðbréfaþing Íslands.		

skuldabréfaútgáfa hjá atvinnufyrirtækjum og félögum var einungis 2,2 ma.kr. árið 1996 sem er um 4% af heildinni.

Heildarvelta í víxlavíðskiptum á peningamarkaði hélt áfram að vaxa á árinu samanborið við fyrri ár. Heildarsalan var 111 ma.kr. árið 1996, 94 ma.kr. árið 1995 og 61 ma.kr. 1994. Innlausn víxlanna stóðst nokkurn veginn á við söluna öll árin. Á peningamarkaðnum var mest selt af ríkisvixlum eða fyrir 65 ma.kr. sem er um 58% af heildinni. Næstmest var selt af bankavíxlum eða fyrir 35 ma.kr., en sala á víxlum annarra aðila en banka og ríkissjóðs var mun minni.

Í töflu IV.16. er birt staða helstu flokka markaðsverðbréfa árin 1994-1996. Staða húsbreifa og húsnæðisbréfa breyttist mest á árinu eða um 22,3 ma.kr., og stafar það af mikilli sölu umfram innlausn á árinu. Þar á eftir komu hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með 6 ma.kr. vöxt. Aukningin var, að undanskildum húsnæðisbréfum, hlutfallslega mest á útistandandi víxlum innlánsstofnana með 85,2% vöxt og ríkisbréfa með 58,7% vöxt sem skýrist af mikilli sölu á árinu.

## 5. HLUTAFJÁRMARKAÐUR

Á hlutabréfamarkaði stefndi í sömu átt og áður á árinu 1996. Veltu- og magnstærðir héldu áfram að vaxa, hlutabréfaverð hækkaði og hlutfjármarkaðurinn varð sýnilegri. Hann er nú orðinn raunverulegur valkostur fyrir fagfjárfesta og sparifjáreigendur til að ávaxta eignir sínar, og fyrirtæki geta leitað á hann til fjármögnunar. Þótt íslenskur hlutfjármarkaður hafi eflst er hann enn lítill samanborið við nágrannalönd, jafnvel þótt leiðrétt sé fyrir hlutfallslegri stærð hagkerfa.

Mikil verðhækkun var á íslenskum hlutabréfamarkaði á árinu 1996. Þingvísitala hlutabréfa hækkaði um 60%, og hækkuðu hlutabréfavísitölur á fáum erlendum mörkuðum meira. Þetta er þriðja árið í röð sem hlutabréfaverð hækkar á Íslandi eftir lækkun á árunum 1992 og 1993. Hækkunin á árinu 1996 var nokkuð jöfn og stöðug frá ársbyrjun til miðs október, en eftir það stóð vísitalan nokkurn veginn í stað. Hækkunin var almenn, og hækkaði gengi allra hlutabréfa á Verðbréfaþinginu, mest um 200% og minnst um 20%. Hlutabréf sjávarútvegsfyrirtækja hækkuðu mest, en sjávarútvegsvísitala Verðbréfaþingsins hækkaði um 88%.

Tafla IV.17. Hlutfé skráð á Verðbréfaþingi Íslands

	1992	1993	1994	1995	1996
Velta í ma.kr.	0,1	1,0	1,3	2,9	5,8
Markaðsvirði í ma.kr.	14,6	19,1	33,0	47,0	93,1
Fjöldi hlutfélaga	11	17	24	27	32
Hækkun þingvísitölu í (%)	-10	-17	24	35	60
Velta/markaðsvirði (%)	1,0	5,0	4,1	6,1	6,3
Markaðsvirði/VLF (%)	3,7	4,6	7,6	10,3	18,8

Heimildir: Verðbréfaþing Íslands, Seðlabanki Íslands.



Á árinu 1996 jókst sala hlutabréfa, bæði á frum- og eftirmarkaði. Velta hlutabréfa á Verðbréfaþinginu var um 5,8 ma.kr. samanborið við 2,9 ma.kr. á árinu 1995. Velta hlutabréfa á opna tilboðsmarkaðnum var 2,1 ma.kr. og jókst um 1,3 ma.kr. frá árinu áður. Góð ávöxtun hlutabréfa síðustu ár, fjölgun fyrirtækja á hlutabréfamarkaði, skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa og lækkun tekjuskatts vegna söluhagnaðar hlutabréfa í 10% eru allt þættir sem skýra aukna veltu. Auk þess verður að minnast á það að 60% hækkun hlutabréfaverðs hafði veruleg áhrif á veltu á eftirmarkaðnum.

Aukning varð einnig mikil í sölu á frummarkaði, og var söluverðmæti útgefinna hlutabréfa í almennum útbodum og af hlutafélögum skráðum á Verðbréfaþingi um 12,2 ma.kr. samanborið við 2,9 ma.kr. árið 1995. Hlutabréfasjóðir gáfu út ný bréf að verðmæti 5,3 ma.kr. og sjávarútvegsfyrirtæki 5,4 ma.kr. Það kemur á óvart í hve litlum mæli aðrar atvinnugreinar en sjávarútvegur nýttu sér hlutafjármarkaðinn á árinu 1996 til að afla sér áhættufjármagns.

Mikil hækkun á verði hlutabréfa undanfarin ár á sér margvíslegar skýringar. Afkoma íslenskra fyrirtækja og rekstrarumhverfi þeirra hefur batnað, hagvöxtur hefur aukist, hlutabréf margra fyrirtækja hafa verið vanmetin og ójafnvægi ríkt á markaðnum, þ.e. eftirspurn eftir hlutabréfum hefur verið meiri en framboð. Skattafsláttur einstaklinga vegna hlutafjárkaupa hefur einnig örvað kaup á hlutabréfum.

### Hlutafélög á Verðbréfaþingi Íslands

Í lok árs 1996 voru 32 hlutafélög skráð á Verðbréfaþingi Íslands, og fjölgaði þeim um fimm á árinu. Í árslok var markaðsverðmæti skráðra hlutabréfa á Verðbréfaþingi um 93 ma.kr. og hafði aukist um 46 ma.kr. á árinu. Þessa miklu aukningu má aðallega skýra með hækkun á verði hlutabréfa en í minna mæli með nýútgefnu hlutafé og nýskráningum hlutafélaga. Einn mælikvarði á stærð íslensks hlutabréfamarkaðar er hlutfall verðmætis skráðra hlutabréfa og vergrar landsframleiðslu. Þetta hlutfall hefur hækkað úr 3,7% í lok árs 1992 í 18,8% í lok árs 1996. Annars staðar á Norðurlöndum var þetta hlutfall um 39-86% í lok ársins 1995 og hækkaði á árinu 1996. Velta hlutabréfa á Verðbréfaþingi í hlutfalli af markaðsverði hefur aukist úr 0,3% árið 1991 í um 6,3% árið 1996. Á árinu 1996 hækkaði þetta hlutfall þó aðeins um 0,2 prósentustig þrátt fyrir það að velta hlutabréfa á Verðbréfaþinginu hafi tvöfaldast. Ástæða þessarar litlu aukningar í hlutfallslegri veltu er mikil hækkun á markaðsvirði hlutabréfa á Verðbréfaþinginu. Á hlutabréfamörkuðum annars staðar á Norðurlöndum var þetta hlutfall á bilinu 35-60% árið 1996.

### Opni tilboðsmarkaðurinn

Opni tilboðsmarkaðurinn er samstarfsverkefni nokkurra verðbréfa-fyrirtækja og nýtur ekki viðurkenningar sem skipulegur verðbréfa-markaður í skilningi laga. Engin tengsl eru á milli Verðbréfaþingsins og opna tilboðsmarkaðarinnar önnur en þau að Verðbréfaþingið leyfir honum

### Fjöldi sem nýtti sér skattalegt hagræði vegna hlutafjárkaupa

1989	5.131
1990	16.350
1991	10.677
1992	10.476
1993	11.136
1994	12.174
1995	16.349
1996 <sup>1</sup>	20.000

1. Áætlun.

Heimild: Ríkisskattstjóri.

### Almenn hlutafjárútbod, söluverðmæti í ma.kr.

	1995	1996
Hlutabréfasjóðir	1,3	5,3
Sjávarútvegur	0,9	5,4
Aðrir	0,7	1,5
Samtals	2,9	12,2

### Hlutabréf á opna tilboðsmarkaðnum

	1995	1996
Velta í ma.kr.	0,8	2,1
Markaðsvirði í ma.kr. <sup>1</sup>	15,6	37,3
Fjöldi fyrirt. sem verslað var með	20	31 <sup>2</sup>

1. Markaðsverðmæti hlutafjár þeirra fyrirtækja á OTM, sem ganga kaupum og sölu að staðaldrí.

2. Fjöldi þeirra fyrirtækja sem viðskipti áttu sér stað með í desember 1996.

Heimildir: Verðbréfaþing Íslands, Seðlabanki Íslands.



### Efnahagur hlutabréfasjóða<sup>1</sup>

M.kr.	Árslokatölur	
	1995	1996
<i>Eignir</i>		
Sjóður	527	775
Verðbréfaeign	3.809	10.406
Innlend hlutabréf	2.104	6.314
Skuldabréf fyrirt.	680	1.427
Erlend verðbréf	144	466
Önnur verðbréf	881	2.199
Aðrar eignir	14	11
<i>Eignir =</i>		
<i>skuldir og eigið fé</i>	4.350	11.192
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Ýmsar skuldir	57	426
Hlutafé	2.609	5.237
Annað eigið fé	1.683	5.529

1. Þeir sjóðir sem tölfraðisvið SÍ safnar upplýsingum um.

afnot af viðskiptakerfi sínu og dreifir daglega upplýsingum um tilboð og viðskipti á opna tilboðsmarkaðnum. Síðustu ár hafa viðskipti á þessum markaði aukist og markaðsvirði hlutabréfa hækkað. Í lok ársins 1996 voru um 60 hlutafélög skráð á OTM.

### Hlutabréfasjóðir

Í lok ársins 1996 voru níu hlutabréfasjóðir í umsýslu banka og verðbréfafyrirtækja. Sex þessara sjóða eru skráðir á Verðbréfaþingi Íslands. Þingaðilar stofnuðu þrjá nýja sjóði á árinu, Vaxtarsjóðinn hf., Sjávarútvegssjóð Íslands hf. og Hlutabréfasjóð Búnaðarbankans hf. Eignir sjóðanna í lok ársins voru um 11,5 ma.kr. og höfðu vaxið um 7,1 ma.kr. Eignaaukningin stafar aðallega af sölu nýs hlutafjár fyrir um 5,1 ma.kr., en einnig jukust eignir sjóðanna um 1,5-2 ma.kr. vegna hækkunar á gengi hlutabréfa. Um 57% af eignum sjóðanna eru í innlendum hlutabréfum. Hlutabréfasjóðir skráðir á Verðbréfaþingi skilufu ágætis ávöxtun á árinu 1996 eða um 32% samanborið við 24% árið á undan. Lítil munur er á hlutabréfasjóðum banka og verðbréfafyrirtækja og hlutafélögum eins og Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans hf., Þróunarfélagi Íslands hf. og Hlutabréfasjóðnum Íshafi hf., sem hafa það markmið að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum. Tvö þessara hlutafélaga eru á Verðbréfaþinginu.

## GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG ERLENDAR SKULDIR





### 1. GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Viðskiptahalli og mikið fjármagnsinnstreymi, sem jók gjaldeyrisforða Seðlabankans, einkenndu greiðslujöfnuð við útlönd á árinu 1996. Viðskiptahallinn var 9 ma.kr., sem svarar til 1,9% af vergri landsframleiðslu 1996. Áður hafði verið afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd í samfelld þrjú ár og nam hann 3,4 ma.kr. 1995 og 8,4 ma.kr. 1994. Innstreymi fjármagns frá útlöndum var um 17 ma.kr. á árinu 1996, sem stafaði einkum af erlendri lántöku ríkissjóðs og lánastofnana. Gjalddeyrisforði Seðlabankans styrktist um 10 ma.kr. og nam hann 31 ma.kr. í árslok 1996. Tafla V.1 sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar á síðustu fimm árum, þar sem tölur fyrri ára hafa verið færðar til meðalgengis 1996 samkvæmt gengisvísitölu landavogar.

Tafla V.1. Greiðslujafnaðaryfirlit  
Ma.kr. á meðalgengi 1996

	1992	1993	1994	1995	1996
Útflutningur vöru og þjónustu	137,5	141,7	156,2	160,0	175,2
Innflutningur vöru og þjónustu	138,5	128,6	134,4	144,7	173,6
Þáttatekjur og framlög, nettó	-13,2	-12,7	-13,4	-11,9	-10,7
Viðskiptajöfnuður	-14,2	0,4	8,4	3,4	-9,1
Vöruskiptajöfnuður	-0,1	12,9	19,6	13,4	1,8
Þjónustujöfnuður	-1,0	0,1	2,2	1,9	-0,2
Jöfnuður þáttatekna	-12,8	-12,5	-12,8	-11,6	-10,3
Rekstrarframlög	-0,3	-0,2	-0,6	-0,4	-0,5
Fjármagnshreyfingar án forða	18,6	-2,2	-18,6	2,0	16,8
Bein fjárfesting	0,6	0,2	-0,2	-0,1	-0,4
Verðbréfavíðskipti	-1,0	-2,9	-7,5	-3,7	-1,6
Annað fjármagn	19,1	0,5	-10,8	5,9	18,7
Gjalddeyrisforði (- aukning)	-5,3	4,3	10,7	-0,2	-10,1
Skekkjur og vantalið	0,9	-2,5	-0,1	-5,1	2,6



Nánari sundurliðun á greiðslujöfnuði er að finna í 4. töflu í viðauka og er vakin athygli á breyttri framsetningu hans til samræmis við uppgjör þjóðhagsreikninga og nýjan staðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Greiðslujöfnuður byggir eftir sem áður á þeirri hugsun, að jöfnuður eigi að vera á milli utanríkisviðskipta og fjármagnsflutninga milli landa, þ.e. að viðskiptaafgangur eða -halli leiði til samsvarandi breytinga á erlendri stöðu eigna og/eða skulda. Erfitt er að mæla öll viðskipti og fjármagnsflutninga milli landa, og jafnvel þótt það takist geta verð- og tímamælningar einstakra liða greiðslujafnaðar skekkst myndina. Í uppgjöri greiðslujafnaðar verður því til liðurinn, skekkjur og vantalið nettó, sem sýnir það sem á vantar að viðskiptajöfnuður og fjármagnsjöfnuður standist á. Oftar en ekki er talið að fjármagnsflæði sé vantalið en skekkjuliður greiðslujafnaðar er í eðli sínu nettóstærð og segir því ekkert um hvar skekkjurnar liggja. Stærð skekkjuliðar er ekki endilega góð vísbending um gæði greiðslujafnaðar, því skekkjur í mælingu einstakra liða hans geta haft mismunandi formerki og því jafnast út fyrir heildina. Greiðslujöfnuður á árinu 1996 byggist að nokkru leyti á bráðabirgðatölum, sem gætu breyst í endanlegu uppgjöri hans.

#### Viðskiptajöfnuður

Viðskiptajöfnuður skiptist í fjóra meginþætti, þ.e. vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, þáttatekjur og rekstrarframlög. Þróun utanríkisviðskipta var óhagstæð á árinu 1996, þar sem mikil aukning innflutnings vöru og þjónustu og rýrnun viðskiptakjara olli 9,1 ma.kr. halla á viðskiptajöfnuði við útlönd. Gjaldeyrisverðmæti innflutnings jókst um 20%, en verðmæti útflutnings jókst um 9% frá fyrra ári. Vöruskiptajöfnuður versnaði um 11,6 ma.kr., þjónustujöfnuður um 2,1 ma.kr, en ójöfnuður þáttatekna minnkaði um 1,3 ma.kr. á árinu 1996.



Tafla V.2. Vöruviðskipti við einstök svæði  
Hlutfallsleg skipting í %

	Útflutningur fob.			Innflutningur cif.		
	1994	1995	1996	1994	1995	1996
EFTA	6,7	5,1	5,6	25,1	11,4	15,0
ESB	59,6	62,7	62,9	48,7	59,8	56,6
Önnur Evrópulönd	1,2	2,4	2,2	3,6	5,6	5,5
Norður-Ameríka	15,7	14,0	13,8	9,9	9,4	10,5
Japan	14,0	11,3	10,4	4,0	4,4	4,1
Önnur lönd	2,7	4,6	5,1	8,5	9,4	8,3
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0


### Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður var hagstæður um 1,8 ma.kr. á árinu 1996 samanborið við 13,4 ma.kr. árið áður. Heildarverðmæti vöruútflutnings nam 126,2 ma.kr. og hafði aukist um 8,3% á föstu gengi. Útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um 10,5%, en útflutningur annarra afurða jókst minna. Útflutningur á skipum og flugvélum var um 4 ma.kr. eins og árið áður, sem rekja má að hálfu leyti til sölu á flugvélum Flugleiða hf. Heildarverðmæti vöruinnflutnings var 124,4 ma.kr. á árinu 1996 og hafði aukist frá fyrra ári um 20,6% á föstu gengi. Sérstakur innflutningur jókst um 47% vegna skipakaupa og innflutnings til stóriðju, sem stafar af stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík. Almennur vöruinnflutningur nam 109 ma.kr. á árinu 1996 og hafði aukist um 17,7% frá fyrra ári. Verðmæti oluinnflutnings jókst um 31,8% á milli ára, en annar almennur innflutningur jókst um 16,5%. Innflutningur fólksbifreiða jókst hlutfallslega mest, um 40%, en hann vegur aðeins um 5% almenns vöruinnflutnings.

Evrópska efnahagssvæðið er mikilvægasti markaður Íslendinga, því um 70% vöruviðskipta landsins eru við EES-ríki. Hluttur EFTA-ríkja minnkaði mikið við inngöngu þriggja landa í ESB 1995, en hefur aukist aftur á árinu 1996. Þriðjungur vöruútflutnings fer til tveggja ESB-ríkja, Bretlands og Þýskalands, og stór hluti innflutnings kemur þaðan. Heldur hefur dregið úr útflutningi til Bandaríkjanna og Japans á síðustu árum, en á móti hefur markaðssvæðið stækkað til annarra landa. Innflutningur á vörum frá Bandaríkjunum jókst nokkuð á árinu 1996, en hlutfallslega hefur dregið úr innflutningi frá Japan.

### Þjónustujöfnuður

Halli á þjónustujöfnuði var 0,2 ma.kr. á árinu 1996 samanborið við 1,9 ma.kr. afgang árið áður. Útflutt þjónusta jókst um 12,9% í 49 ma.kr. á árinu 1996, en innflutt þjónusta jókst um 18,6%. Mest var aukningin í samgöngulið þjónustujafnaðar og þá einkum í flugþjónustu. Fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands og aukin umsvif íslenskra flugfélaga erlendis eiga mestan þátt í vexti samgönguliðar þjónustujafnaðar. Óhagstæð þróun í ferðaþjónustu olli mestu um lakari þjónustujöfnuð á árinu 1996. Gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum hér á landi



minnkuðu um 5%, þrátt fyrir nokkra fjölgun þeirra. Þessi samdráttur varð á fyrsta og fjórða ársfjórðungi 1996, utan mesta ferðamannatímans, eftir talsverða aukningu á sömu tímabilum árið áður. Ferða- og dvalarkostnaður Íslendinga erlendis jókst um 13,3% og nam 20,6 ma.kr. á árinu 1996. Talsverð aukning varð á annarri þjónustu, svo sem fjarskiptaþjónustu, tryggingum, verktakastarfsemi, opinberri þjónustu (sendiráð og varnarliðið), tölvuhugbúnaðar- og upplýsingaþjónustu og annarri viðskiptaþjónustu. Í heild jukust tekjur af þessari þjónustu um 6,3% í 16,3 ma.kr. á árinu 1996 en útgjöldin jukust um 16,7% og námu 11,6 ma.kr.

### **Jöfnuður þáttatekna**

Til þáttatekna teljast laun, vextir og arðgreiðslur. Launatekjur námu 4,2 ma.kr. og jukust um 30% frá fyrra ári. Meginhluti þessara launa er af vinnu starfsmanna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Aukning launatekna á árinu 1996 var samt nær öll vegna launþega í útlöndum. Fjármagnstekjur jukust um 5,6% og námu 2,7 ma.kr. 1996. Vaxtagjöld og arðgreiðslur námu um 17 ma.kr. á árinu 1996. Vaxtabyrðin af erlendum lánum þjóðarinnar minnkaði lítillega vegna vaxtalækkana á erlendum lánamörkuðum og raunlækkunar erlendra skulda á síðustu árum. Óhagstæður vaxtajöfnuður, sem stafar af þrálátum viðskiptahalla með tilheyrandi skuldasöfnun í útlöndum á áttunda og níunda áratug, hefur kostað Íslendinga að meðaltali um 10% útflutningstekna frá 1980, en hlutfallið lækkaði í 8,7% á árinu 1995 og 7,8% 1996.

### **Rekstrarframlög**

Rekstrarframlög eru aðallega framlög ríkissjóðs til alþjóðastofnana og þróunaraðstoðar, en jafnframt framlög einkaaðila til gjafa, styrkja, arfs eða happdrættisvinninga. Opinber rekstrarframlög til útlanda námu 0,6 ma.kr., en hrein framlög einkaaðila voru jákvæð um 0,1 ma.kr. á árinu 1996. Í heild voru rekstrarframlög því óhagstæð um 0,5 ma.kr. samanborið við 0,3 ma.kr. árið áður.

### **Fjármagnsjöfnuður**

Fjármagnsjöfnuður skiptist í tvennt, fjárframlög og fjármagnshreyfingar við útlönd. Hrein fjárframlög, sem aðallega eru eignayfirfærslur við búferlaflutninga til og frá Íslandi, eru ekki stórar fjárhæðir. Á síðustu tveimur árum hafa fjárframlög til útlanda verið heldur meiri en til landsins. Fjármagnshreyfingar, voru aftur á móti jákvæðar um 6,6 ma.kr. á árinu 1996 og 1,8 ma.kr. 1995. Fjármagnsjöfnuður mældist því minni en sem svaraði viðskiptahalla ársins 1996 og því er skekkjuliður greiðslujafnaðar jákvæður um 2,6 ma.kr., en hann var neikvæður um 5 ma.kr. árið áður. Fjármagnshreyfingar við útlönd greinast í tvo meginþætti, breytingu á gjaldeyrisforða og aðra fjármagnsstrauma vegna beinna fjárfestinga, verðbréfavíðskipta og annars fjármagns, svo sem innstæðna og lána. Fjármagnsinnstreymi nam 16,8 ma.kr. og gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 10,1 ma.kr. á árinu 1996. Þetta

Tafla V.3. Fjármagnsjöfnuður  
Ma.kr. á meðalgengi 1996


	1992	1993	1994	1995	1996
Fjármagnsjöfnuður <sup>1</sup>	13,3	2,2	-8,2	1,6	6,6
Fjárframlög	-0,1	0,1	-0,2	-0,1	0
Fjármagnshreyfingar	13,4	2,1	-7,9	1,8	6,6
Hreyfingar án forða	18,6	-2,2	-18,6	2,0	16,8
Bein fjárfesting, nettó	0,6	0,2	-0,2	-0,1	-0,4
Erlendis	-0,3	-0,3	-0,2	-0,4	-0,3
Á Íslandi	0,9	0,5	0	0,3	-0,1
Verðbréfavíðskipti, nettó	-1,0	-2,9	-7,5	-3,7	-1,6
Eignir	-0,3	-2,3	-7,8	-3,2	-2,1
Skuldir	-0,8	-0,7	0,2	-0,6	0,6
Aðrar fjármagnshreyfingar	19,1	0,5	-10,9	5,9	18,7
Eignir	3,7	-1,5	-4,8	1,6	-3,9
Skuldir	15,4	2,0	-6,1	4,2	22,7
Gjaldeyrisforði	-5,3	4,3	10,7	-0,2	-10,1

1. Neikvætt formerki sýnir útstreymi fjármagns, eignaaukningu eða lækkun skulda.

mikla innstreymi erlends fjármagns stafar af erlendum lántökum ríkissjóðs og innlánsstofnana. Hreint innstreymi vegna erlendra lána nam 22,7 ma.kr., sem skiptist nokkuð jafnt á milli langtíma- og skammtímalána, en útstreymi var á fjárfestingarfjármagni.

Bein fjárfesting í atvinnurekstri og fasteignum var fremur lítil á árinu 1996 eins og mörg undanfarin ár. Fjárfesting Íslendinga í útlöndum var áætluð 0,3 ma.kr. og fjárfesting erlendra aðila hér á landi var neikvæð vegna sölu þeirra á tryggingar- og verðbréfafyrirtækinu Skandia hf. Fjármunir Íslendinga í atvinnurekstri erlendis tengjast helst sjávarútvegi - útgerð, vinnslu og sölu sjávarafurða erlendis og námu þeir 11,6 ma.kr. í árslok 1995. Erlendir aðilar hafa fjárfest mest í iðnaði og verslun hér á landi og námu heildareignir þeirra í atvinnurekstri á Íslandi 9,7 ma.kr. í árslok 1995. Bein fjárfesting í atvinnurekstri er skilgreind af OECD sem kaup á eignarhluta til áhrifa á stjórn fyrirtækja og er venja að miða við 10% eða stærri hluta eigin fjár. Minni fjárfesting í hlutabréfum á opnum markaði telst til verðbréfavíðskipta, því tilgangur fjárfesta er einungis að hafa arð af fjárfestingunni.

Fjármagnsútstreymi vegna verðbréfavíðskipta nam 1,6 ma.kr., en það var 3,7 ma.kr. árið áður. Hrein verðbréfakaup Íslendinga frá útlöndum voru 2,1 ma.kr., en erlendir aðilar keyptu innlend skuldabréf fyrir um 0,6 ma.kr. á árinu 1996. Innlendir aðilar fjárfestu fyrir 4,2 ma.kr. í hlutdeildarskírteinum erlendra verðbréfasjóða og 0,3 ma.kr. í hlutabréfum fyrirtækja. Aftur á móti seldu innlendir fjárfestar skuldabréf á árinu 1996, bæði erlend bréf og skuldabréf ríkissjóðs Íslands útgefin erlendis. Svo virðist sem fjárfestar kjósi fremur að dreifa áhættu með hlutdeild í erlendum verðbréfasjóðum en að búa til eigið verðbréfasafn. Kaup erlendra aðila á innlendum verðbréfum eru til komin vegna sölu erlendra banka á skuldabréfum í íslenskum krónum erlendis og andvirði þeirra er m.a. notað til fjárfestinga á Íslandi.





Tafla V.4. Hreyfing langra erlendra lána  
Ma.kr. á meðalgengi 1996

	<u>Lántökur</u>		<u>Afborganir</u>		<u>Nettóhreyfing</u>	
	1995	1996	1995	1996	1995	1996
Ríkissjóður	18,6	16,2	3,2	9,1	15,4	7,1
Sveitarfélög	0,8	0,3	1,9	0,3	-0,6	0
Innlánsstofnanir	3,7	7,2	12,0	3,1	-8,3	4,1
Aðrar lánastofnanir	2,4	8,0	8,0	7,1	-5,6	0,9
Atvinnufyrirtæki	5,1	6,2	7,3	7,0	-2,2	-0,8
Samtals	30,5	37,9	31,8	26,7	-1,3	11,3

Hreint innstreymi langra erlendra lána nam 11,3 ma.kr., þar sem lán-  
tökur námu um 38 ma.kr. en afborganir eldri lána voru 27 ma.kr. á árinu  
1996. Hrein lántaka ríkissjóðs nam 7,1 ma.kr. og lánastofnana 5 ma.kr.,  
en aðrir lántakendur lækkuðu erlendar skuldir sínar lítillega á árinu  
1996.

Hreint innstreymi skammtímafjármagns var 7,5 ma.kr. á árinu 1996  
þar sem erlendar skammtímaskuldir jukust um 11,4 ma.kr. en á móti  
jukust eignir um 3,9 ma.kr. Innlánsstofnanir áttu mestan þátt í  
þessari eigna- og skuldaaukningu. Erlend skammtímalán innlánsstofna-  
na jukust á árinu 1996 um 16,5 ma.kr. og eignir þeirra jukust á sama  
tíma um 2,8 ma.kr. Seðlabankinn endurgreiddi 6,4 ma.kr. skammtíma-  
lán sem tekin voru til að mæta gjaldeyrisústreymi á árunum 1993-95. Í  
heild jukust stutt og löng erlend lán innlánsstofnana um 20,5 ma.kr. á  
árinu 1996. Miklar erlendar lántökur þeirra stafa af auknum umsvifum  
og fjárfestingum atvinnufyrirtækja.

## 2. ERLEND SKULDASTAÐA

Hrein skuldastaða við útlönd, þ.e. löng lán og skammtímaskuldir að frá-  
dregnum erlendum eignum, var 227,7 ma.kr. í árslok 1996, en hún var  
227,1 ma.kr. í árslok 1995 (sjá 7. töflu í viðauka). Hrein skuldastaða  
hækkaði lítið og alls ekki til jafns við viðskiptahalla ársins. Mismunur-  
inn skýrist af skekkjulið greiðslujafnaðar og gengismun, sem rekja má  
til myntsamsetningar erlendra skulda og gengisþróunar á árinu 1996.  
Nánar verður greint frá þessum gengisáhrifum hér á eftir um löng erlend  
lán. Á árunum 1994 og 1995 lækkuðu erlendar skuldir í krónum talið  
með afgangi á viðskiptum við útlönd. Erlendar skuldir höfðu fram að  
því vaxið stöðugt vegna viðskiptahalla og gengislækkunar íslensku  
krónunnar. Hrein skuldastaða við útlönd svaraði til 47,2% af vergri  
landsframleiðslu 1996. Skuldahlutfallið hefur lækkað vegna mikils hag-  
vaxtar á árinu 1996, en hlutfallið var 50,4% 1995 og 52,8% 1994.

### Löng erlend lán

Staða langra erlendra lána í árslok 1996 nam 258 ma.kr. samanborið við  
252 ma.kr. í árslok 1995. Hækkun skuldastöðunnar er 5 ma.kr. minni en

Tafla V.5. Staða þjóðarbúsins út á við  
Hlutföll af vergri landsframleiðslu (%)

	Löng erlend lán	Hrein skuldastaða	Viðskipta- jöfnuður	Hreinar vaxtagreiðslur
1970	25,4	20,1	1,4	-1,1
1975	33,4	36,2	-10,6	-2,4
1980	28,6	26,7	-2,1	-2,5
1985	50,3	52,0	-4,0	-4,6
1990	49,4	44,4	-2,7	-4,0
1992	52,5	47,8	-3,0	-3,4
1993	60,9	54,4	0,1	-3,6
1994	59,3	52,8	2,1	-3,5
1995	56,1	50,4	0,8	-3,2
1996	54,1	47,2	-1,9	-2,9


hreinar lántökur á árinu 1996. Miðað við myntsamsetningu skuldanna lækkaði gengi þeirra um 2% gagnvart krónunni á árinu 1996. Hlutfallslegt vægi Bandaríkjadals minnkaði í stöðu langra erlendra lána en hlutur þýska marksins jókst. Gengislækkun þýska marksins, svissneska frankans og japanska jensins vegur þyngra en hækkun dals og sterlingspunds á erlenda skuldastöðu. Staða langra erlendra lána í árslok 1996 svarar til 54,1% af vergri landsframleiðslu ársins miðað við 56,1% á fyrra ári. Skuldahlutfallið hefur lækkað vegna mikils hagvaxtar á árinu 1996. Greiðslubyrði afborgana og vaxta nam 23% útflutningstekna á árinu 1996 samanborið við 29,2% 1995 og 34,6% 1994. Léttari greiðslubyrði á árinu stafaði aðallega af minni afborgunum, en einnig af vaxtalækkun og auknum útflutningstekjum. Vaxtabyrðin hefur minnkað á þessum áratug, úr 11,4% útflutningstekna 1991 í 8,4% 1996, enda hafa meðalvextir erlendra lána lækkað á þessum tíma um 2 prósentustig í 6% 1996.


Sundurliðað yfirlit um stöðu langra erlendra lána á árunum 1990-1996 er að finna í 6. töflu í viðauka. Erlendar skuldir ríkissjóðs voru 131,5 ma.kr. í árslok 1996 og höfðu hækkað um 3,6% á árinu. Erlendar

Tafla V.6. Löng erlend lán þjóðarbúsins

	Hlutfallsleg skipting í árslok			Meðalvextir í %		
	1994	1995	1996	1994	1995	1996
Bandaríkjadalar	43,1	39,1	35,3	5,3	6,7	6,4
Sterlingspund	7,4	6,2	7,6	10,3	9,0	9,4
Svissneskir frankar	10,9	11,9	9,7	6,4	6,9	5,5
Þýsk mörk	20,1	20,0	25,2	7,0	6,2	5,6
Japönsk jen	12,9	13,6	13,0	4,4	3,2	4,1
Aðrir	5,6	9,2	9,2	8,9	6,0	6,0
Erlend lán alls	100,0	100,0	100,0	6,2	6,3	6,1
Fastir vextir	47,8	54,7	47,3	7,3	6,9	6,9
Breytilegir vextir	52,2	45,3	52,7	5,2	5,6	5,3

Löng erlend lán og greiðslubyrði





skuldir lánastofnana voru 59,7 ma.kr. og hækkuðu um 6,7%, en skuldir annarra lántakenda lækkuðu um 4%.

### Gjaldeyrisstaða Seðlabankans

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 30,5 ma.kr. í árslok 1996 samanborið við 20,2 ma.kr. 1995. Endingartími gjaldeyrisforðans jókst umtalsvert þrátt fyrir aukinn innflutning á árinu 1996. Í árslok 1996 svaraði gjaldeyrisforðinn til 3,4 mánaða almenns vöruinnflutnings eða 1,9 mánaða heildarinnflutnings vöru og þjónustu. Aðrar erlendar eignir Seðlabankans námu 5,2 ma.kr. í árslok vegna gjaldmiðlaskipta við erlendan banka. Þessar eignir eru í íslenskum krónum og teljast því ekki til gjaldeyrisforða samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Gjaldmiðlaskipta samanstendur eingöngu af erlendum eignum sem eru aðgengilegar fyrir Seðlabankann til að fjármagna beint greiðsluhalla við útlönd eða óbeint með inngrípum á gjaldeyrismarkaði til þess að hafa áhrif á gengi krónunnar. Erlendar skuldir Seðlabankans námu 4,9 ma.kr. í árslok 1996 og lækkuðu um 6,7 ma.kr. frá fyrra ári. Erlend staða Seðlabankans batnaði um 16 ma.kr. á árinu 1996 og nam hrein eign bankans 30,8 ma.kr. í árslok.



Ný löng erlend lán ríkissjóðs á árinu 1996 námu 413 milljónum þýskra marka sem svarar til um 17,8 milljarða króna á gengi í árslok. Sú breyting varð á stöðu erlendra skammtímalána ríkissjóðs að útistandandi fjárhæð á víxlaútgáfu ríkissjóðs á Evrópumarkaði lækkaði úr 297 milljónum Bandaríkjadala í um 267 milljónir dala eða um 30 milljónir dala sem jafngildir um 2 milljörðum króna. Að teknu tilliti til lækkunar á stöðu skammtímalána námu erlendar lántökur ríkissjóðs á árinu því um 15,8 milljörðum króna.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs erlendis fólst einkum í tveimur lántökum. Í apríl 1996 voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs á Evrópumarkaði að fjárhæð 250 milljónir þýskra marka til fimm ára. Útgáfan var stækkuð um 100 milljónir marka í júlí. Í tengslum við ýmsar verklegar framkvæmdir á vegum hins opinbera var samið við Evrópska fjárfestingarbankann um lán til tíu ára að fjárhæð 63 milljónir þýskra marka. Þá var í ágúst 1996 samið við Norræna fjárfestingarbankann um lánsheimild sem gert er ráð fyrir að ráðstafað verði á árinu 1997. Á árinu 1996 náðust tveir markverðir áfangar á sviði erlendra lánamála ríkissjóðs. Annars vegar hækkuðu bandarísku matsfyrirtækin Moody's og Standard & Poor's láns-hæfiseinkunnina sem þau gefa Íslandi. Hins vegar liggja kjör nýrra erlendra lána, þegar á heildina er litið, að meðaltali undir millibankavöxtum í Lundúnum.

#### **Skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði í apríl 1996**

Hinn 11. apríl 1996 voru gefin út skuldabréf ríkissjóðs á Evrópumarkaði að fjárhæð 250 milljónir þýskra marka. Bréfin bera breytilega vexti sem svara til millibankavaxta í Lundúnum í þýskum mörkum án álags. Skuldabréfin greiðast upp í einu lagi í lok lánstímans, sem er 5 ár. Þóknun banka nam 0,175% af lánsfjárhæð. Citibank í Lundúnum hafði forystu um útgáfuna, en aðrar fjármálastofnanir sem tóku þátt í henni voru Deutsche Morgan Grenfell, J.P. Morgan, HSBC Trinkaus, Commerzbank, Merrill Lynch, Nomura Bank, Westdeutsche Landesbank, DG Bank, Bayerische Landesbank og Norddeutsche Landesbank.

Í ljósi góðra viðbragða við skuldabréfaútgáfunni á fjármála-markaði var ákveðið að stækka hana um 100 milljónir þýskra marka, og var það gert í júlímánuði. Heildarfjárhæð útgáfunnar nam því 350 milljónum þýskra marka sem svarar til um 15 milljarða króna. Með þessu móti var áréttuð breytt staða ríkissjóðs sem lántakanda á lánskjörum sem samsvara millibankavöxtum sléttum miðað við umræddan lánstíma. Citibank hafði forystu um stækkunina með stuðningi HSBC Trinkaus, Nikko Bank, Commerzbank, Merrill Lynch og Westdeutsche Landesbank.

#### **Frankvæmdalán hjá Evrópska fjárfestingarbankanum**

Í mars var samið við Evrópska fjárfestingarbankann í Lúxemborg um lánveitingu í tengslum við ýmsar verklegar framkvæmdir, m.a. vegaf framkvæmdir og smíði brúar yfir Gilsfjörð auk framkvæmda víða um land við hafnir og flugvelli. Fjárhæð lánsins nam 63 milljónum þýskra marka sem svarar til um 2,7 milljarða króna. Lánið er til 10 ára, og að þeim tíma liðnum greiðist það upp í einu lagi. Lánskjör verða endurskoðuð að fimm árum liðnum, en fram að þeim tíma ber lánið 5,4% vexti sem samkvæmt sérstökum skiptasamningi við Deutsche Bank skiptast yfir í lánskjör sem nema 16 punktum undir millibankavöxtum í þýskum mörkum.

#### **Lánsheimild hjá Norræna fjárfestingarbankanum**

Í september 1996 var samið við Norræna fjárfestingarbankann um lánsheimild til ríkissjóðs í tengslum við ýmsar verklegar framkvæmdir á vegum hins opinbera. Nemur lánsheimildin 2.240 m.kr. til allt að 15 ára. Er gert ráð fyrir að lánsheimildinni verði ráðstafað á árinu 1997.

#### **Skráning skuldabréfa ríkissjóðs í Lúxemborg**

Skuldabréf ríkissjóðs, sem gefin voru út 1994 á Bandaríkjamarkaði, voru í nóvember 1996 skráð í kauphöllinni í Lúxemborg. Bréfin voru gefin út til 10 ára á hinum svonefnda Yankee-markaði fyrir útgefendur utan Bandaríkjanna í febrúar 1994, og nam fjárhæð þeirra 200 milljónum dala. Bréfin voru skráð í Lúxemborg fyrir atbeina bandaríska verðbréfafyrirtækisins Merrill Lynch sem stóð ásamt öðrum að útgáfunni á sínum tíma, og er skráningin gerð til að greiða fyrir viðskiptum með bréfin. Bandaríska lögfræðifyrirtækið Shearman & Sterling annaðist lagalega hlið málsins.

#### **Lánastýring og áhættugreining**

Stýring á erlendum lánum ríkissjóðs felur í sér að samsetning lána sé með hagkvæmum hætti, m.a. með tilliti til vaxtakjara, lánstíma og gjaldmiðlasamsetningar. Á undanförunum árum hafa verið notuð uppsagnar-ákvæði lánasamninga til að endurfjármagna lánsfé með hagkvæmari kjörum en áður giltu. Jafnframt hefur verið ráðist í vaxta- og gjaldmiðlaskipti og aðrar fjármálalegar aðferðir til að ná markmiðum á sviði lánastýringar. Á árinu var gengið frá stöðluðum samningum fyrir gjald-

miðla- og vaxtaskipti við tvær af traustustu bankastofnunum heims, Deutsche Morgan Grenfell og Union Bank of Switzerland.


### Víxlaútgáfa á Evrópumarkaði

Ríkissjóður stendur fyrir allumfangsmikilli alþjóðlegri útgáfu skammtímaverðbréfa sem er víxlaútgáfa á Evrópumarkaði. Víxlaútgáfan Euro-Commercial Paper Programme er mikilvægur þáttur í erlendum lánamálum ríkissjóðs. Seðlabankinn hefur rekið umrædda víxlaútgáfu fyrir hönd ríkissjóðs allt frá árinu 1985. Hámarksfjárhæð útgáfunnar hefur verið aukin í áföngum úr 50 milljónum Bandaríkjadala í 500 milljónir Bandaríkjadala samkvæmt samningi frá 1995. Jafnframt er nú heimilt að gefa út víxla í fleiri myntum en Bandaríkjadala, svo sem þýskum mörkum, svissfrönskum og sterlingspundum. Góð reynsla hefur fengist af víxlaútgáfu ríkissjóðs, og hefur hún veitt færi á sveigjanlegri fjármögnun á hagstæðum kjörum. Umræddir víxlar ríkissjóðs eru gefnir út á vöxtum sem að jafnaði eru lægri en millibankavextir í Lundúnum sem nemur 8-10 punktum eða 0,08-0,10%.


Víxlar á Evrópumarkaði eru seldir með atbeina þriggja fjármálastofnana. Þær eru J.P. Morgan Securities, Citibank International og Enskilda í Lundúnum. Við útgáfu hvers víxils er samið um fjárhæð, lánstíma og ávöxtun í ljósi stöðu markaða á hverjum tíma. Kaupendur víxlanna eru einkum ýmsir evrópskir stofnanafjárfestar auk ýmissa alþjóðlegra aðila. Víxlaútgáfa ríkissjóðs nýtur hagstæðustu skammtímaeinkunna bandarísku matsfyrirtækjanna Standard & Poor's og Moody's, og eru einkunnirnar einkenndar með táknumum A-1+ og P-1. Við lok ársins 1996 nam fjárhæð útistandandi víxla 267 milljónum dala sem svarar til tæplega 18 milljarða króna.

Í árslok 1996 námu erlend lán ríkissjóðs jafnvirði rösklega 131,6 milljarða króna; þar af voru langtímalán tæplega 114 milljarðar króna og útistandandi fjárhæð víxla ríkissjóðs á Evrópumarkaði tæplega 18 milljarðar króna. Um 32,7% erlendra lána ríkissjóðs voru í

Víxlaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði 1986-1996



### Afborganir af erlendum langtímalánum ríkissjóðs





Bandaríkjadöllum, 11,5% í japönskum jenum og um 55,8% lána voru í ýmsum Evrópugjaldmiðlum. Í árslok 1996 voru 64% erlends lánsfjár með föstum vöxtum, en 74% ef einungis er litið til langtímalána. Meðallánstími erlendra langtímalána var 5,2 ár, og meðallíftími var liðlega 3 ár. Meðallánstími erlendra lána að meðtöldum skammtímalánum var 4,5 ár og meðallíftími 2,7 ár.

Tafla VI.1. Hlutfall gjaldmiðla í erlendum lánnum ríkissjóðs í lok árs

	1992	1993	1994	1995	1996
Bandaríkjadalir	41,3	40,4	40,4	37,9	32,7
Japönsk jen	14,0	14,0	14,7	13,7	11,5
Evrópskar myntir	44,7	45,6	44,9	48,4	55,8
Þýsk mörk	23,4	20,6	19,4	17,9	29,8
Sterlingspund	4,6	14,8	12,2	10,3	11,2
Svissneskir frankar	10,9	5,5	8,9	11,2	9,4
Franskir frankar	0,7	0,6	0,6	0,6	0,5
Hollensk gyllini	0,5	0,1	0,1	-	-
Ekur	4,6	4,0	3,7	8,5	4,8
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

#### Lántökur ríkisstofnana með ríkisábyrgð

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1990 var fyrst kveðið á um að stofnunum með ríkisábyrgð væri skylt að kynna áform sín um lántökur fyrir Seðlabanka Íslands og leita eftir samþykki hans í umboði fjármálaráðuneytisins á kjörum og skilmálum. Er þetta samráð nú bundið í lögum um Lánasýslu ríkisins. Á árinu 1996 voru gerðir 10 samningar af hálfu sjö aðila sem njóta ríkisábyrgðar um lán við erlenda aðila. Heildarfjárhæð þessara lána nam um 6,2 milljörðum króna á árslokagengi.

#### Hækkun á alþjóðlegu lánshæfismati ríkissjóðs

Bandarísku matsfyrirtækin Moody's Investors Service og Standard & Poor's Corp. tilkynntu bæði á árinu 1996 hækkun á alþjóðlegu lánshæfismati á ríkissjóði. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi tvö fyrirtæki breyta lánshæfiseinkunnum sínum síðan þau gáfu ríkissjóði fyrst einkunn árið 1989. Auk þess gaf Standard & Poor's skuldbindingum ríkissjóðs í innlendri mynt lánshæfiseinkunn í fyrsta sinn. Seðlabankinn annast reglubundin samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki fyrir hönd ríkissjóðs og annast alþjóðasvið bankans framkvæmdina.

Þróun í fjármálaviðskiptum hefur aukið þörf á hlutlægu mati á lánshæfi lántakenda, fyrirtækja jafnt sem opinberra aðila. Á alþjóðlegum vettvangi kveður mest að bandarísku fyrirtækjunum Moody's og Standard & Poor's. Reynslan sýnir að lánshæfismat eða einkunn þessara fyrirtækja getur mjög greitt fyrir aðilum sem leita eftir lántöku á alþjóðlegum markaði. Alþjóðlegar lánastofnanir reiða sig að verulegu leyti á einkunnir þessara fyrirtækja þegar þau taka ákvarðanir um vexti og önnur lánskjör. Margir stofnanafjárfestar hafa sett sér reglur um láns-

hæfismat sem grundvöll fjárfestinga og kaupa þá t.d. skuldabréf því aðeins að fullnægt sé lágmarksskilyrðum um lánshæfiseinkunn.

#### **Hækkun lánshæfiseinkunnar frá Standard & Poor's**

Sendinefnd á vegum Standard & Poor's kom til Íslands til viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda í nóvember 1995. Í kjölfar þess tilkynnti Standard & Poor's hinn 15. mars 1996 að það hefði hækkað mat sitt á lánshæfi Íslands. Fyrirtækið hækkaði einkunn á erlendum langtímaskuldbindingum úr A í A+. Einkunn á skammtímaskuldbindingum var hækkuð úr A-1 í A-1+, en það er hæsta einkunn sem fyrirtækið gefur fyrir skammtímalán. Standard & Poor's tilkynnti jafnframt að fyrirtækið hefði ákveðið að gefa langtímaskuldbindingum ríkissjóðs í innlendri mynt lánshæfiseinkunn. Er Íslandi gefin einkunnin AA+ í þessu sambandi. Einkunnin er gefin að frumkvæði Standard & Poor's án þess að sérstaklega hafi verið farið fram á hana af hálfu íslenskra stjórnvalda, rétt eins og þegar langtímaeinkunn varðandi skuldbindingar í erlendri mynt var fyrst gefin út.

Standard & Poor's rökstyður hækkun á lánshæfismati á þann veg að hún sé til marks um bætta hagstjórn, og hún dragi úr því, ásamt styrkri stjórn á auðlindum sjávar, hversu berskjaldaður þjóðarþúskaþurinn er annars fyrir ytri áföllum. Aukinn sveigjanleiki í ríkisfjármálum og peningamálum ætti að draga úr háu hlutfalli erlendra skulda opinberra aðila og um leið leggja grunn að stöðugri hagvexti í framtíðinni. Hærrí lánshæfiseinkunn fyrir innlendar skuldbindingar en erlendar er studd af mikilli getu til að greiða af lánunum í krónum vegna stjórnar á innlendu fjármálakerfi og tiltölulega hóflegs skuldahlutfalls ríkisins í heild. Innlenda einkunnin endurspeglar jafnframt tekjuöflunargetu ríkisins og lága verðbólgu.

Lánshæfiseinkunnir Standard & Poor's eru ennfremur rökstuddar með óskoruðum þjóðfélagslegum og pólitískum stöðugleika á Íslandi, efnahagslegum styrk, mannauði, háum þjóðartekjum á mann og lágri verðbólgu í alþjóðlegum samanburði. Standard & Poor's tekur fram að lánshæfiseinkunnum Íslands séu settar skorður vegna viðkvæmrar stöðu landsins út á við sem lýsir sér annars vegar í hærri hlutfalli erlendra skulda þjóðarþúsins en að meðaltali fyrir ríki með svipaðar lánshæfiseinkunnir og hins vegar í háu hlutfalli sjávarafurða í vöruútflutningi. Þá telur fyrirtækið víðtæka þátttöku hins opinbera í efnahagslífinu, einkum í fjármálakerfinu, takmarka lánshæfi ríkissjóðs.

#### **Hækkun lánshæfiseinkunnar frá Moody's**

Sendinefnd á vegum bandaríska matsfyrirtækisins Moody's Investors Service kom til Íslands til viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda í janúar 1996. Í framhaldi af því tilkynnti Moody's hinn 10. apríl að ákveðið hefði verið að endurskoða lánshæfismat Íslands með hugsanlega hækkun fyrir augum vegna framfara í íslensku efnahagslífi. Myndi endurskoðun fyrirtækisins einkum beinast að stefnu stjórnvalda við að eyða halla á búskap hins opinbera sem og öðrum þáttum efnahagsstefn-

unnar sem bætt geta skilyrði þjóðarinnar til að standa af sér hugsanleg efnahagsáföll í framtíðinni.

Fulltrúar Moody's komu hingað til lands á ný í júní 1996, og hinn 24. júní tilkynnti fyrirtækið að það hefði ákveðið að hækka mat sitt á láns hæfi Íslands. Hækkaði fyrirtækið einkunn á erlendum langtíma-skuldbindingum um eitt stig eða í A1 úr A2. Moody's gefur skammtímalánum ríkissjóðs einkunnina P-1, en það er hæsta einkunn sem fyrirtækið veitir slíkum skuldbindingum.

Rökstuðningur Moody's fyrir hækkun á láns hæfiseinkunn Íslands byggist á því að skipulagsbreytingar íslenskra stjórnvalda í efnahagslífinu á tíunda áratugnum hafi skilað eftirtektaföldum árangri og aukið jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Efnahagslífið einkennist nú af litlum halla í rekstri hins opinbera, lágru verðbólgu, stöðugu raungengi og frjálsum vöru- og fjármagnsviðskiptum. Atvinnuleysi fari lækkandi þótt það sé þegar lágt á alþjóðlegan mælikvarða. Aukin markaðsstarfsemi einkenni efnahagslífið og m.a. nýlega í opinbera geiranum. Aukins frjálsræðis gæti sérlega í fjármálalífinu. Þjóðarbúskapur Íslendinga sé mjög háður fiskveiðum, en líklegt sé að endurbætur á fiskveiðistjórn og aukinn fjölbreytileiki dragi úr áhrifum sveiflna í greininni í framtíðinni.

Moody's bendir á að stöðugleikinn á Íslandi og mikið framboð af ódýrri orku hafi vakið athygli erlendra fjárfesta. Ein stórframkvæmd fjármögnuð af erlendum aðilum sé þegar í gangi, þ.e. stækkun álversins í Straumsvík, og stuðli hún ásamt tiltölulega kröftugri innlendri eftirspurn að góðum hagvexti fram til 1998. Þessi hagstæðu skilyrði veiti stjórnvöldum færi á að eyða ríkishallanum. Erlendar skuldir í hlutfalli við landsframleiðslu og útflutning hafi lækkað að mun frá árinu 1994 vegna uppgangs í efnahagslífinu og endurgreiðslu erlendra lána af hálfu einkageirans. Takist stjórnvöldum að ná metnaðarfullum markmiðum sínum í ríkisfjármálum er líklegt að þessi hagstæða þróun haldi áfram.

Moody's leggur á það áherslu að vænta megi mikils hagvaxtar á Íslandi á næstu árum í ljósi aukinna umsvifa í fiskveiðum og erlendra stórfjárfestinga. Til að afstýra verðþenslu þurfi stjórnvöld að hafa hemil á hækkun raunlauna og aukningu útlána. Halda þurfi raungengi stöðugu, halda viðskiptajöfnuði í því horfi að ekki leiði til skuldaaukningar og ná jöfnuði eða afgangi í ríkisfjármálum til að geta lækkað skuldir sem safnast hafa á erfiðleikaárum. Eftir að hafa komið á jafnvægi í þjóðarbúskapnum á sama tíma og miklir erfiðleikar hafa dunið yfir aðalvatnuveg þjóðarinnar blasi það verkefni við íslenskum stjórnvöldum að afstýra því að sveifluvandi fyrri ára endurtaki sig.



## EFTIRLIT MEÐ FJÁRMÁLAMARKAÐNUM OG AFKOMA FJÁRMÁLASTOFNANA

# VII

### 1. STOFNANIR OG FYRIRTÆKI SEM EFTIRLIT ER HAFT MEÐ

Meginhlutverk bankaeftirlits Seðlabankans, eins og það er skilgreint í gildandi lögum um bankann og sérlögum um ýmsar fjármálastofnanir, er að hafa eftirlit með því að starfsemi þeirra stofnana og fyrirtækja, sem eftirlitið beinist að, fari að þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda og sé að öðru leyti í heilbrigðum farvegi.

Yfirlitið hér til hliðar sýnir þær stofnanir, fyrirtæki og aðra aðila sem heyra undir eftirlit bankaftirlitsins miðað við árslok 1994 og 1995.

Öðrum lánastofnunum fækkaði um eina á árinu við breytingu á lögum um Landflutningasjóð. Eftir þá lagabreytingu fellur Landflutningasjóður ekki lengur undir ákvæði laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparissjóði. Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu fjölgaði um eitt á árinu 1996 með því að Verðbréfastofunni hf. var veitt leyfi til að stunda starfsemi sem verðbréfafyrirtæki.

Hvað varðar verðbréfamiðlara varð sú breyting á árinu 1996 að með gildistöku laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti er ekki lengur um einstaklingsbundnar leyfisveitingar til sjálfstæðrar verðbréfamiðlunar að ræða.


Af 8 verðbréfasjóðum í árslok 1996 eru 5 deildaskiptir í 33 deildum, en 6 deildir hafa ekki hafið starfsemi. Verðbréfasjóðum fjölgaði um einn á árinu með stofnun Verðbréfasjóðs Búnaðarbanka hf. sem starfar í 4 deildum.

Alls voru 66 lífeyrissjóðir starfandi í árslok 1996, og hafði þeim fækkað um 9 á árinu, vegna sameiningar lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðir skiptast í árslok 1996 í 57 samtryggingarlífeyrissjóði (þ.a. 19 með ábyrgð launagreiðanda) og 9 séreignasjóði. Alls 9 lífeyrissjóðir eru alfarið hættir að taka við iðgjöldum. Fyrir liggur að frá 1. janúar 1997 fækkar lífeyrissjóðum enn frekar vegna sameiningar sjóða eða um 2 og verða þá 64 í stað 66 í árslok 1996.

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið stofnaði Kaupþing hf. á árinu tvö erlend dótturfyrirtæki í Lúxemborg, þ.e. annars

*Fjöldi stofnana sem eftirlit var  
haft með í árslok 1995 og 1996*

	1995	1996
Viðskiptabankar	4	4
Sparissjóðir	29	29
Póstgírstofa	1	1
Aðrar lánastofnanir	12	11
Eignarleigur	3	3
Fyrirtæki		
í verðbréfaþjónustu	6	7
Verðbréfamiðlarar	46	.
Verðbréfasjóðir	7	8
Lífeyrissjóðir	75	66
Húsbréfadeild		
Byggingarsjóðs ríkisins	1	1



Rekstrarliðir í hlutfalli af  
niðurstöðu efnahagsreiknings

	1995	1996
Vaxtatekjur o.fl.	9,10	9,06
Vaxtagjöld o.fl.	4,67	4,83
Hreinar vaxtatekjur	4,43	4,22
Ýmsar tekjur	2,23	2,30
Hreinar rekstrartekjur	6,66	6,52
Rekstrargjöld	4,76	4,62
Hreint tekjubil	1,90	1,91
Framlög í afskrifta- reikning útlána	1,14	1,06
Hagn. fyrir skatta og óreglulega liði	0,75	0,85
Skattar	0,26	0,23
Hagn. af reglulegri starfsemi e. skatta	0,49	0,62
Óreglulegir liðir (-hagnaður/+tap)	0,08	0,02
Hagnaður ársins	0,42	0,59

vegar rekstrarfélagið Kaupthing Management Company og hins vegar verðbréfasjóðinn Kaupthing Fund. Leyfisveiting og eftirlit með starfsemi þessara fyrirtækja er á hendi opinberra eftirlitsaðila í Lúxemborg. Á árinu seldi Försäkringsbolaget Skandia AB í Svíþjóð öll hlutabréf sín í Fjárfestingarfélaginu Skandia hf. til VÍS hf., og er nú engin innlend fjármálastofnun, sem lýtur eftirliti bankaeftirlitsins, í eigu erlends aðila. Í árslok 1996 höfðu 17 erlendir viðskiptabankar og 440 fyrirtæki í verðbréfaþjónustu tilkynnt fyrirhugaða markaðssetningu hér á landi án stofnunar útibúa, en ekki er kunnugt um neina starfsemi þessara aðila héraðs. Á sama tíma höfðu 18 erlendir verðbréfasjóðir markaðssett sig hér á landi með milligöngu innlendra verðbréfafyrirtækja.

## 2. BREYTINGAR Á LÖGUM, REGLUM OG REGLUGERÐUM

Á fyrri hluta ársins voru gerðar breytingar á ýmsum lögum sem gilda um fyrirtæki og stofnanir á fjármálamarkaðnum, en nánar er um þær breytingar fjallað í kafla VIII. Hinn 30. júní tóku gildi reglur um árshlutauppgjör viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, nr. 341/1996, sem Seðlabankinn gaf út 21. júní. Samkvæmt reglunum er helstu lánastofnunum nú skylt í fyrsta sinn að skila hálfársuppgjöri miðað við 30. júní ár hvert.

Hinn 30. júní tóku gildi nýjar reglur um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, nr. 348/1996, sem Seðlabankinn gaf út 14. júní. Gildistakan gagnvart fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er þó miðuð við 31. ágúst. Með þessum reglum eru eiginfjárvæði svonefndrar CAD-tilskipunar ESB komnar til framkvæmda hér á landi. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eru nú í fyrsta sinn háð sambærilegum eiginfjárvæðum og lánastofnanir.

## 3. AFKOMA FJÁRMÁLASTOFNANA

Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum um afkomu þriggja stærstu viðskiptabankanna og þriggja stærstu sparisjóðanna á árinu 1996 er hagnaður ársins 1.463 m.kr. samanborið við 946 m.kr. hagnað árið 1995. Arðsemi eigin fjár þessara stofnana var 8,2% árið 1996 samanborið við 5,7% árið 1995. Á yfirliti hér til hliðar eru sýndar helstu rekstrartölur í hlutfalli af meðaltali niðurstöðu efnahagsreiknings árið 1996, en til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1995.


Fyrirliggjandi bráðabirgðatölur um afkomu fimm stærstu lánasjóða sýna 1.100 m.kr. hagnað á árinu 1996 eða 9,2% arðsemi eigin fjár samanborið við 690 m.kr. hagnað árið 1995 eða 6,3% arðsemi eigin fjár. Afkomubatin skýrist aðallega af lækkun á framlögum í afskriftareikning úr 740 m.kr. í 370 m.kr. eða úr 1,0% í 0,5% af niðurstöðu efnahagsreiknings.

Samkvæmt upplýsingum um afkomu eignarleigufyrirtækjanna varð hagnaður ársins 1996 153 m.kr. eða arðsemi eigin fjár 12,3%, en árið 1995 126 m.kr. eða arðsemi eigin fjár 11,4%.

Samkvæmt upplýsingum um afkomu 5 af 7 verðbréfafyrirtækja varð hagnaður á árinu 1996 samtals 270 m.kr. eða tæplega 38% arðsemi eigin fjár, en sambærilegar tölur fyrir árið 1995 voru 91 m.kr. hagnaður eða tæplega 14% arðsemi eigin fjár.

Allar starfandi lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki teljast uppfylla lágmarksskilyrði um 8% eiginfjárlutfall miðað við árslok 1995.

Bankaeftirlitið athugaði á árinu 1996 fjárhagsstöðu samtryggingarlífeyrissjóða án ábyrgðar annarra á grundvelli fyrirbyggjandi tryggingafræðilegra úttekta. Um var að ræða 37 lífeyrissjóði, og var miðað við áfallnar skuldbindingar sjóðanna. Þessum sjóðum var skipt í tvo flokka, A- og B-flokk. Niðurstaðan af fyrrgreindri athugun var sú að í A-flokk, þar sem fjárhagsstaða telst góð eða fullnægjandi, fóru 30 sjóðir, en í B-flokk, þar sem fjárhagsstaða telst ófullnægjandi eða óvissa ríkti um stöðuna, fóru 7 sjóðir. Af 7 sjóðum í B-flokki eru 4 sjóðir hættir að taka á móti iðgjöldum, þannig að fullstarfandi sjóðir í þessum flokki eru aðeins 3. Sami fjöldi lífeyrissjóða lenti í B-flokki við athugun bankaftirlitsins á árinu 1995.







## ALPJÓÐASTOFNANIR, ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

# VIII

### 1. ALPJÓÐASTOFNANIR

Seðlabankinn á samskipti við ýmsar alþjóðastofnanir og erlendar fjármálastofnanir. Meðal þeirra eru Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans, Efnahags- og framfarastofnunin OECD, norrænir seðlabankar og Alþjóðlegi greiðslubankinn BIS auk fjölmargra annarra erlendra fjármálastofnana.

#### **Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans**

Á árinu 1996 var Birgir Ísl. Gunnarsson seðlabankastjóri aðalfulltrúi fyrir Íslands hönd í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á árinu var Halldór J. Kristjánsson ráðuneytisstjóri skipaður í stöðu varafulltrúa. Eva Srejber frá Svíþjóð gegndi stöðu aðalfulltrúa Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í framkvæmdastjórn sjóðsins. Varafulltrúi var Benny Andersen frá Danmörku.

Á árinu tók Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra við af Finni Ingólfssyni viðskiptaráðherra sem aðalfulltrúi fyrir Íslands hönd í bankaráði Alþjóðabankans. Friðrik Sophusson fjármálaráðherra gegndi stöðu varafulltrúa í bankaráðinu. Ruth Jacoby frá Svíþjóð gegndi stöðu aðalfulltrúa Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í bankastjórn Alþjóðabankans. Daninn Jørgen Varder gegndi starfi varafulltrúa.

#### **Aðrar fjölþjóðlegar stofnanir og alþjóðleg samskipti**

Seðlabanki Íslands tekur þátt í störfum ýmissa fastanefnda Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD í París. Þeirra á meðal eru efnahagsstefnunefndin og vinnuhópur 1 á hennar vegum og fjármálamarkaðanefndin. Auk þess hafa fulltrúar bankans reglulega sótt fundi á vegum OECD um lánamál ríkissjóða.

Fulltrúar Seðlabankans taka einnig þátt í störfum nefnda á vettvangi EFTA.

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Bank for International Settlements (BIS) í Basel, en hann er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka

víða um heim auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði hagfræði- og peningamála sérstaklega. Fulltrúar Seðlabankans taka þátt í ýmsum fundum á vegum BIS.

Samstarf norrænna seðlabanka er umfangsmikið á mörgum sviðum og tengslin nán. Bankastjórar norrænu seðlabankanna halda fund einu sinni á ári þar sem fjallað er um málefni bankanna og ýmis verkefni peningamálastjórnar. Norræna fjárhagsnefndin fjallar einkum um samstarf Norðurlandanna á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en einnig önnur verkefni sem til hennar hefur verið beint frá Norrænu ráðherranefndinni. Í henni sitja aðallega fulltrúar seðlabankanna, en af hálfu sumra Norðurlandanna taka einnig fulltrúar fjármálaráðuneyta eða efnahagsráðuneyta þátt í störfum nefndarinnar. Seðlabanki Íslands tók við forystu í nefndinni á árinu 1996. Þá á bankinn náði samstarf við þær norrænu stofnanir sem hafa með höndum eftirlit með starfsemi fjármálastofnana.

Seðlabanki Íslands hefur leitast við að efla tengsl sín við Peningamálastofnun Evrópu, EMI, í Frankfurt, og hefur formaður bankastjórnar Seðlabankans átt reglulega fundi með framkvæmdastjóra EMI frá árinu 1995. Auk þess hafa aðrir fulltrúar bankans átt fundi með sérfræðingum EMI, og munu þessi tengsl eflaust vaxa.

Síðast en ekki síst tekur Seðlabanki Íslands virkan þátt í ýmsu nefndastarfi á vettvangi Evrópusambandsins, einkum á sviðum sem snerta löggjöf og reglur um starfsemi fjármagnsmarkaða og eftirlit með starfsemi fjármálastofnana.

### **Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins**

Í árslok 1996 átti 181 ríki aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er óbreyttur fjöldi frá árinu áður. Alls var 61 ríki með virka samninga um lánaþingreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að vinna að endurbótum í efnahags- og skipulagsmálum í árslok 1996. Lánaþingreiðsla sjóðsins nam rösklega þrefalt lægri fjárhæð árið 1996 en árið 1995, en það ár voru hæstu lán í sögu sjóðsins veitt til Mexíkó og Rússlands. Lánaþingreiðsla nam 6 milljörðum SDR árið 1996, en það er svipuð fjárhæð og árið 1994.

Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum nemur nú 85,3 milljónum SDR sem svarar um 8,2 milljörðum króna miðað við gengisskráningu í árslok 1996. Síðasta endurskoðun á heildarkvótum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hin tíunda í röðinni, fór fram árið 1995. Þá var ákveðið að halda kvótum aðildarlandanna óbreyttum fram að næstu endurskoðun. Samtímis hófst undirbúningur að elleftu kvótaúthlutuninni sem áætlað er að lokið verði eigi síðar en 1998.

Á 51. ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í september 1996 var samþykkt yfirlýsing um sameiginlegt átak til að stuðla að varanlegri hagsæld í heiminum (Partnership for Sustainable Global Growth). Þessi yfirlýsing felur í sér endurskoðun og viðbót við svonefnda Madrídaryfirlýsingu sem samþykkt var á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1994. Í hinni nýju yfirlýsingu er lögð áhersla á virka þátttöku allra ríkja



í efnahagslífi heimsins, þar á meðal fátækustu landanna. Í yfirlýsingunni er greint frá markmiðum sem aðildarríkjum heims ber að leitast við að uppfylla svo að leggja megi grunn að varanlegri hagsæld í heimsbúskapnum.

Samstaða náðist á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um áætlun til aðstoðar skuldugustu og fátækustu aðildarríkjunum. Þetta er sameiginlegt verkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans við að koma fátækustu ríkjum heims til hjálpar úr djúpu skuldafeni. Af hálfu sjóðsins verður verkefnið fjármagnað í gegnum svokallaðan ESAF-lánaflokk (Enhanced Structural Adjustment Facility).

Á sama vettvangi hefur á undanförunum árum verið rætt um nýja úthlutun varasjóðseignar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, SDR eða sérstakra dráttarréttinda sem svo eru nefnd. Frá því að SDR var síðast úthlutað í byrjun árs 1981 hafa á fimmta tug landa bæst í hóp aðildarríkja sjóðsins, og hafa þau ekki fengið úthlutað SDR. Flest aðildarríki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa á vettvangi sjóðsins lýst sig fylgjandi nýrri úthlutun SDR, þar á meðal Norðurlönd og Eystrasaltsríkin. Mikilvægt skref var stigið í þá átt með samkomulagi um undirbúning að breytingum á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem heimila myndi úthlutun SDR til þeirra aðildarríkja sem ekki njóta þegar aðgangs að sérstökum dráttarréttindum.

Aukin áhersla hefur verið lögð á eftirlitshlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á undanförunum árum svo að koma megi í veg fyrir neyðarástand sem ógnað geti stöðugleika í alþjóðlegu efnahagslífi. Óvæntir efnahagserfiðleikar Mexíkó í byrjun árs 1995, sem leiddu til 12 milljarða SDR neyðarláns af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til stjórnvalda þar, minntu á mikilvægi reglubundins eftirlits með aðildarríkjum. Mikilvægur liður í þessu eftirliti er samræming hagtalna aðildarríkja og trygging þess að upplýsingar um stöðu efnahagsmála birtist tímanlega og séu aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Þýðingarmiklum áfanga var náð í september 1996 með opnun rafræns upplýsingabanka með tilvísunum í samræmdar hagtölur aðildarríkja samkvæmt nýjum staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um birtingu opinberra hagtalna, svonefndum SDDS-staðli (Special Data Dissemination Standard). Ísland hefur átt aðild að staðlinum frá upphafi.

Atburðirnir í Mexíkó minntu einnig á mikilvægi þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði aðgang að lánsfé sem mætt gæti mikilli fjárþörf með skömmum fyrirvara. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur frá árinu 1962 átt kost á lánsfé frá tíu stærstu iðnríkjum heims með svokölluðum GAB-samningi (General Arrangements to Borrow). Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að auka þá fjárhæð, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætti þannig aðgang að, með þátttöku fleiri landa. Samkomulag náðist um nýjan samning, svokallaðan NAB-samning (New Arrangements to Borrow), og var hann samþykktur í framkvæmdastjórn sjóðsins í lok janúar 1997. Samkvæmt honum hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn í neyðartilvikum aðgang að lánsfé sem nemur 34 milljörðum SDR frá hópi 25 landa, auk 17 milljarða SDR sam-

kvæmt GAB-samningnum og 1,5 milljarði SDR samkvæmt sérstökum samningi við Saúdí-Arabíu.

Framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins endurkausa Frakkann Michel Camdessus til starfs framkvæmdastjóra á vordögum 1996. Camdessus hóf þriðja kjörtímabil sitt í janúar 1997 til fimm ára.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fylgist grannt með framvindu efnahagsmála í aðildarríkjum og miðlar af þekkingu sinni og reynslu á sviði hagstjórnar. Að jafnaði eiga fulltrúar hans viðræður við stjórnvöld aðildarríkja einu sinni á ári hverju. Sendinefnd á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kom til Íslands í nóvember 1996 og átti viðræður við fulltrúa stjórnvalda um stöðu og horfur í efnahagsmálum hér á landi.

## **2. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGA-BREYTINGAR**

### **Seðlar og mynt**

Í árslok voru seðlar og mynt í umferð 6.521,5 m.kr. og höfðu aukist um 9,3% á árinu. Árið áður var aukningin 14,7% og árið 1994 20,6%. Vöxt seðla og myntar í umferð má eins og á síðasta ári rekja að miklu leyti til breytinga á seðla- og myntútgáfu í nóvember 1995, þegar nýr 2000 króna seðill var gefinn út og 100 króna mynt í stað seðils. Á árinu jukust seðlar í umferð um 430 m.kr., en að fjölda til fækkaði þeim um 602 þúsund. Aukning myntar í umferð nam 125,8 m.kr., og var aukningin öll í 100 króna mynt sem nú er um 42,6% af mynt í umferð eða 391,5 m.kr.

Seðlagreiningardeild bærust til vinnslu 28.053 m.kr. eða um 19 milljónir seðla, og var það um 4% aukning frá árinu áður. Af þessu magni voru liðlega 3 milljónir 100 króna seðla sem eingöngu voru taldir og síðan eytt.

Kostnaður við útgáfu seðla og myntar, annar en laun og húsnæði, nam 52,8 m.kr. Þar af nam framleiðslukostnaður á 1, 5 og 10 króna mynt 22,4 m.kr. og kostnaður við prentun á 3 milljónum 1000 króna seðla var 22,2 m.kr. Annar kostnaður var vegna búnaðar í tölvustýrðar seðlagreiningarvélar bankans, dreifingar, umbúða fyrir ný myntsett o.fl. Frá gjaldmiðilsskiptunum 1980 til ársins 1996 var 5 og 10 króna mynt slegin úr kopar/nikkel, en frá árinu 1996 úr nikkelhúðuðu stáli eins og 1 krónu mynt sem breytt var þannig á árinu 1989. Útlit og stærð 5 og 10 króna myntar er að öllu leyti óbreytt frá því sem var, en nýja myntin er 14% léttari, og framleiðslukostnaður hennar lækkaði um 35% með breytingunni. Einingarverð 10 krónu myntar er nú kr. 2,61, 5 króna myntar kr. 2,33 og 1 krónu myntar kr. 1,71.

### **Útgáfumál**

Seðlabankinn sinnir fjölþættri útgáfustarfsemi í því skyni að koma upplýsingum um efnahagsmál, stöðu fjármálastofnana og fleira á framfæri við almenning og ýmsa erlenda aðila. Árlega gefur bankinn út ársskýrslu á íslensku og ensku auk svokallaðrar haustskýrslu um peninga-

mál. Mánaðarlega gefur bankinn út Hagtölur mánaðarins og ársfjórðungslega stytta útgáfu af þeim á ensku, Economic Statistics. Fjármálátíðindi eru gefin út tvisvar á ári, og sama gildir um ritið The Economy of Iceland. Upplýsingar um rekstur og efnahag þeirra stofnana, sem bankaeftirlit Seðlabankans hefur eftirlit með, eru birtar í sérstökum skýrslum. Í september gaf bankinn út Skýrslu starfshóps um rafrænar greiðslur. Á árinu 1996 gaf Seðlabankinn út handbókina Iceland, the Republic, en í henni er safn greina um sögu, menningu og efnahag íslensku þjóðarinnar.

### **Lagabreytingar sem snerta fjármagnsmarkað**

Á árinu 1996 voru gerðar ýmsar veigamiklar breytingar á lögum um innlendan fjármagnsmarkað. Hér verður getið helstu laga og efni þeirra rakið í stuttu máli.

Lög nr. 9/1993, um verðbréfavíðskipti, voru endurskoðuð og endurútgefin sem lög nr. 13/1996. Með þeim er lögfest hér á landi tilskipun Evrópusambandsins um fjárfestingarþjónustu á verðbréfasviði í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Meðal breytinga, sem felast í lögnum, má nefna skilyrði fyrir veitingu starfsleyfa, verðbréfavíðskipti verða nú eingöngu stunduð af lögaðilum, sett hafa verið ákvæði um eigið fé og lágmarks eiginfjárhlutfall fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lögfest bann við viðskiptum með verðbréf eða öðrum aðgerðum til að hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfavíðskiptum, oft nefnt „market manipulation“ á ensku. Þá hefur upplýsingaskylda endurskoðenda gagnvart bankaeftirliti verið lögfest til samræmis við tilskipun í Evrópusambandinu.

Gerðar voru breytingar á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, sbr. lög nr. 21/1996. Breytingarnar eru að flestu leyti til komnar í kjölfar ábendinga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) auk þess sem tekið var mið af breytingum annarra laga á verðbréfasviði. Verðbréfasjóður verður nú eingöngu stofnaður sem hlutafélag, og rekstrarfélag verðbréfasjóðs getur verið hlutafélag eða einkahlutafélag. Hæfiskröfur stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eru auknar og upplýsingaskylda endurskoðenda gagnvart bankaeftirliti einnig. Loks voru gerðar breytingar á ákvæðum laganna um fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða.

Lög nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, voru einnig löguð að breytingum sem gerðar voru á löggjöf á verðbréfasviði, auk þess sem þeim var breytt að ýmsu öðru leyti. Hæfisskilyrði stjórnarmanna hafa verið aukin og ákvæðum um aðild að Verðbréfaþingi verið breytt og þau rýmkuð að hluta. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögnum skal ráðherra skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.

Lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var breytt með lögum nr. 40/1996 og þau endurútgefin sem lög nr. 113/1996. Ákvæðum um eigið fé og eiginfjárhlutfall hefur verið breytt nokkuð til



samræmis við nýja tilskipun Evrópusambandsins sem telst hluti af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Þá hafa ákvæði um Tryggingasjóð viðskiptabanka og Tryggingasjóð sparisjóða verið færð til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins um innlánatryggingakerfi. Loks hefur upplýsingaskylda endurskoðenda gagnvart bankaeftirliti verið augin.

Lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, var breytt með lögum nr. 20/1996. Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði vísa í veigamiklum atriðum til laga um viðskiptabanka og sparisjóði, og taka breytingar á þeim lögum því einnig til annarra lánastofnana og hvíla á sömu forsendum. Auk þess var tekið tillit til ábendinga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) við breytingar á lögum nr. 123/1993.

Lögum um Iðnþróunarsjóð var breytt með lögum nr. 63/1996 og starfsheimild sjóðsins framlengd til ársloka 1997, en þá er búist við að nýtt fyrirkomulag sjóðamála taki gildi. Auk þess fjalla lögin m.a. um framlög á afskriftareikning í samræmi við áhættu og takmörk áhættufjármögnunar.

Vorið 1996 samþykkti Alþingi lög um fjármagnstekjuskatt nr. 97/1996 og 137/1996. Með lögum þessum, sem koma til framkvæmda við staðgreiðslu gjalda á árinu 1997 og við álagningu gjalda á árinu 1998 fyrir tekjuárið 1997, er tekin upp samræmd skattlagning allra fjármagnstekna einstaklinga. Í þessu felst í fyrsta lagi að vaxtatekjur verða skattlagðar, en voru áður óskattskyldar, og í öðru lagi að aðrar fjármagnstekjur, þ.e. arður, söluhagnaður og leigutekjur, verða skattlagðar á sama hátt, en í því felst skattalækkun frá því sem var áður.

Lög nr. 94/1996, sbr. breytingalög nr. 133/1996, sem komu til framkvæmda 1. janúar 1997, fjalla um þær reglur sem gilda um staðgreiðsluskil skatts á fjármagnstekjur sem lög um tekjuskatt og eignarskatt (breytingarlög nr. 97/1996 og nr. 137/1996) kveða á um. Reglurnar taka til þess skatts sem reiknast á nafnvexti (að meðtöldum verðbótum) í innlánsviðskiptum bankastofnana og verðbréfa- og kröfumumsýslu þeirra og annarra fjármálastofnana. Einnig er kveðið á um staðgreiðslu skatts af arði af hlutabréfum. Utan staðgreiðsluskyldu fellur gengishagnaður, erlend viðskipti og viðskipti milli einstaklinga. Staðgreiðslan nær bæði til vaxta sem myndast í rekstri og utan rekstrar.

### **Þjóðhátíðarsjóður**

Árið 1996 var 19. starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar skv. skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað að verja skyldi allt að fimm milljónum króna á árinu 1996 til styrkja. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfrjár til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 19 styrkjum til umsækjenda, samtals að fjárhæð 2,5 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 62,9 m.kr.

## AFKOMA SEÐLABANKANS

# IX

Ársreikning bankans og skýringar við hann er að finna á bls. 123-131. Í öðrum köflum ársskýrslunnar hefur verið gerð grein fyrir þróun helstu liða efnahagsreikningsins. Hér verður gerð grein fyrir afkomu bankans árið 1996 og þróun eiginfjár.


### Rekstrarafkoma

Hagnaður fyrir skatt til ríkissjóðs var 463 m.kr. árið 1996, en 681 m.kr. árið 1995. Skattur til ríkissjóðs, sem reiknast sem 50% af meðalhagnaði næstliðinna 3 ára, þar sem hagnaður tvö hin fyrri ár er umreiknaður til verðlags í lok síðasta árs skv. lánskjaravísitölu, nú vísitölu neysluverðs, var rúmar 422 m.kr. árið 1996, en 805 m.kr. árið 1995. Skattur ársins 1996 svarar til um 90% af hagnaði ársins. Þetta háa hlutfall stafar af góðri afkomu ársins 1994, en umreiknaður hagnaður ársins 1994 á verðlagi í árslok 1996 var 1.375 m.kr., en 695 m.kr. árið 1995. Að teknu tilliti til skattgreiðslna var hagnaður bankans tæplega 41 m.kr. árið 1996, en árið 1995 var tap sem nam 123 m.kr. Nettóhagnaður kemur fram sem aukning á eigin fé bankans í efnahagsreikningi og tap sem rýrnun á eigin fé.

### Tekjur

Gengisbreytingar valda miklum sveiflum á afkomu bankans eins og fram kemur í línuriti á spássíu. Gengisendurmat, þ.e. nettóbreyting á erlendri eigna- og skuldastöðu vegna gengisbreytinga, var neikvætt um tæpar 253 m.kr. árið 1996, en var jákvætt um 170 m.kr. árið 1995. Gengisendurmat gengisbundinna eigna var neikvætt um 275 m.kr. árið 1996, en skulda jákvætt um 22 m.kr. Einnig kemur fram í þessum lið mismunur kaupgengis og sölugengis, þ.e. gengismunur í viðskiptum Seðlabankans með erlendan gjaldeyri.

Vaxtatekjur af innlendum lánum námu 1.503 m.kr. árið 1996, en 1.451 m.kr. árið 1995. Meginhluti vaxtatekna af innlendum lánum kemur frá markaðsskráðum verðbréfum og víxlum. Eign Seðlabankans á markaðsskráðum verðbréfum og víxlum er bókfærð á markaðsverði



þeirra samkvæmt skráningu á Verðbréfaþingi Íslands, en vaxtatekjur af þeim, ásamt hreyfingum vegna breytinga á markaðsverði, voru 1.351 m.kr. árið 1996 samanborett við 1.217 m.kr. árið 1995.

Vaxtatekjur af erlendum innstæðum námu 626 m.kr. og af erlendum verðbréfum 1.192 m.kr. árið 1996, en voru árið 1995 485 m.kr. af erlendum innstæðum og 1.205 af erlendum verðbréfum.

Aðrar tekjur bankans námu 148 m.kr. árið 1996, en voru 201 m.kr. árið 1995. Þetta eru aðallega tekjur vegna umsýslu spariskírteina ríkissjóðs og húsaleiga. Hinn 1. janúar 1996 hætti Seðlabankinn að innheimta umboðslaun af gjaldeyrisvirkislausum, en þau námu 108 m.kr. á árinu 1995. Í staðinn jók bankinn gengismun í gjaldeyrisviðskiptum.

### Gjöld

Heildarvaxtagjöld vegna innlendra lána námu 954 m.kr. árið 1996, en voru 1.108 m.kr. árið 1995. Vaxtagjöld vegna innlánsbindingar námu 363 m.kr. árið 1996, en voru 312 árið 1995. Vaxtagjöld vegna innlendra gjaldeyrisreikninga námu 241 m.kr. árið 1996, en voru 427 m.kr. árið 1995. Vaxtagjöld vegna innstæðna á viðskiptareikningum námu 200 m.kr. árið 1996, en voru 230 m.kr. árið 1995.

Vaxtagjöld af erlendum skuldum námu 419 m.kr. árið 1996, en 477 m.kr. árið 1995. Þessi lækkun á vaxtagreiðslum stafar af lækkun á erlendum skuldum til skamms tíma á árinu 1996, en erlendar skuldir í árslok 1996, námu 121 m.kr. samanborett við 6.699 m.kr. í árslok 1995.

Seðlabankinn stendur straum af rekstrarkostnaði Þjóðhagsstofnunar til jafns við ríkissjóð. Hlutur Seðlabankans í þessum kostnaði nam 45 m.kr. árið 1996, og voru tveir þriðju hlutar greiðslunnar í formi peninga, en þriðjungur í formi aðstöðu og þjónustu.

Rekstrarkostnaður bankans var 676 m.kr. árið 1996, en 651 m.kr. árið 1995. Þetta jafngildir um 1,1% raunlækkun á rekstrarkostnaði milli ára miðað við hækkun launavísitölu frá júlí 1995 til júlí 1996 (vegna launaliðar) um 5,9% og hækkun neysluverðvísitölu án húsnæðis (aðrir rekstrarliðir) um 2,9%. Stærstu þættirnir í rekstrarkostnaði bankans eru laun og launatengd gjöld. Laun og launatengd gjöld námu 69% af rekstrarkostnaði bankans árið 1996 samanborett við 67,4% árið 1995. Nánari sundurliðun á þessum kostnaðarlið er að finna í skýringum við ársreikning á bls. 131.

Opinber gjöld (önnur en skattur til ríkissjóðs) námu 33 m.kr. árið 1996, en 54 m.kr. árið 1995. Lækkunin milli ára stafar einkum af því að í ársbyrjun 1996 hætti ríkissjóður að innheimta gjöld af gjaldeyrisviðskiptum.

Samkvæmt mati tryggingarfræðings námu skuldbindingar Seðlabankans vegna eftirlauna 1.063,8 m.kr. í árslok 1996, en í árslok 1995 hafði bankinn fært til skuldar 944 m.kr. Er reiknaðir höfðu verið vextir og verðbætur vegna ársins 1996, 48,4 m.kr., er mismunurinn, 71,4 m.kr., færður til gjalda í rekstrarreikningi bankans.

Framlag í arðsjóð árið 1996 er 193,5 m.kr. og vextir og verðbætur 86,5 m.kr., alls 280 m.kr., en var 270,5 m.kr. árið 1995. Samkvæmt



lögum skal helmingur af tekjum arðsjóðs renna til Vísindasjóðs, og skv. ofanskráðu eru það 140 m.kr. árið 1996. Arðsjóður er talinn til eigin fjár Seðlabankans.

### Eigið fé

Eigið fé bankans í ársbyrjun 1996 nam 14.969 m.kr., en 15.435 m.kr. í lok þess árs eftir að reiknuð höfðu verið verðbreytingagjöld ársins, um 2,06% af eigin fé, alls 285,7 m.kr., ásamt hálfum tekjum arðsjóðs og tekjuafgangi ársins, 41 m.kr.

Eigið fé sem hlutfall af heildareign nam í árslok 1996 25,8% samanborið við 24,6% árið á undan.

### Starfslíð og deildaskipting


Í árslok voru starfsmenn Seðlabankans 143 að tölu, 83 karlar og 60 konur, og er það einum færra en í árslok 1995. Starfsgildi voru 131,1 en 15 starfsmenn eru í hlutastarfi eða í 10,1 starfsgildi og af 15 störfum við sameiginlegt mötuneyti, öryggis- og húsvörslu eru 7 vegna hlutdeildar Reiknistofu bankanna, Þjóðhagsstofnunar, Iðnþróunarsjóðs o.fl. Á árinu voru 8 nýir starfsmenn ráðnir til starfa og 9 létu af störfum, en starfsgildum fækkaði hins vegar um 2,3 milli ára. Til sumarstarfa voru ráðnir 24 starfsmenn og var það 3 færra en árið áður.

Skipting starfslíðs eftir viðfangsefnum í lok ársins 1996 er sýnd á meðfylgjandi yfirliti:

Meðal þeirra sem létu af störfum á árinu var Valdimar Kristinsson, ritstjóri við hagfræðisvið, en hann hafði starfað við bankann í 40 ár. Valdimar hóf störf í hagfræðideild Landsbanka Íslands, síðar Seðlabanka Íslands, eftir framhaldsnám í Bandaríkjunum 1956 og vann þar allan tímann, m.a. sem ritstjóri Fjármálatíðinda frá árinu 1962. Við starfi Valdimars tók Stefán Jóhann Stefánsson, hagfræðingur og deildarstjóri við hagfræðisvið.

Á undanförunum sex árum hefur starfsmönnum bankans fækkað um 17 einkum vegna breyttra verkefna og flutnings Ríkisábyrgðasjóðs til Lánasýslu í ársbyrjun 1994.

Samsetning starfslíðs hefur einnig breyst í þá veru að háskólamenntuðum starfsmönnum hefur fjölgað og eru þeir nú 54 talsins, eða 38% í stað 30% í árslok 1990. Má í þessu sambandi nefna að fyrir sex árum starfrækti bankinn gjaldeyriseftirlit með 11,5 starfsgildum sem nú heyrir nánast sögunni til. Hins vegar hafa aukin verkefni færst til bankaeftirlitsins og voru starfsgildi þar 11 í lok ársins 1990 en eru nú 13,4. Auk eftirlits með innlánsstofnunum hefur bankinn nú eftirlit með verðbréfamarkaðnum, svokölluðum öðrum lánastofnunum, Húsbréfadeild Húsnaðisstofnunar og að nokkru marki með starfsemi lífeyrisjóða, alls vel á annað hundrað stofnunum. Sú breyting sem orðið hefur á íslenskum fjármagnsmarkaði hefur einnig leitt til þess að fleiri sérfræðinga er þörf við bankann en áður, ekki síst í tengslum við markaðsstarfsemi bankans, upplýsingasöfnun og mat á stöðu peningamála hverju sinni. Í árslok 1990 voru 25,5 stöðugildi alls í hagfræði- og



	Starfs- menn	Starfs- gildi
Aðalskrifstofa		
/Lögfræðingar	28	26,9
Skrifstofa bankastjórnar	6	6
Erlend viðskipti	4	4
Lögfræðingar	3	3
Safnadeild	8	6,9
Tölvudeild	7	7
Alþjóðasvið	4	4
Bókhaldssvið	9	9
Eftirlitssvið	16	15,4
Bankaeftirlit	14	13,4
Gjaldeyriseftirlit	2	2
Hagfræðisvið	14	13,1
Peningamálasvið	7	7
Rekstrar- og afgreiðslusvið	50	40,7
Rekstrardeild	29	21,6
Fjárhirslur	12	11
Afgreiðsludeild	9	8,1
Tölfræðisvið	10	10
Endurskoðun	5	5
Alls	143	131,1

peningamáladeildum, en í lok ársins 1996 voru starfsgildi á hagfræði-, peningamála- og tölfræðisviðum 30,4 (verkefni tölfræðisviðs voru áður unnin í peningamáladeild). Auk verkefna sem tengjast beint viðskiptum á innlendum markaði hafa starfsmenn þessara sviða tekið virkan þátt í að undirbúa reglur og fyrirkomulag markaðsumhverfisins og í seinni tíð hafa bæst við aukin verkefni á sviði greiðslumiðlunar. Auk þess hefur umfang upplýsingaöflunar Seðlabankans vaxið eftir því sem fjármálastofnunum hefur fjölgað og markaðsstarfsemi vaxið fiskur um hrygg.

### **Jafnréttisáætlun**

Í lok apríl staðfesti bankastjórnin jafnréttisáætlun sem nær til allra starfsmanna Seðlabankans. Áætlunin gerir ráð fyrir ákveðinni starfsmannastefnu sem kveður á um að laun, aðbúnaður og umhverfi í bankanum skuli vera hið sama fyrir konur og karla og að hlutur kynjanna í stjórnunarstöðum og öðrum auglýstum stöðum í bankanum skuli jafnaður eins og kostur er. Stefnt er að því að í ársbyrjun 2003 verði hlutur hvors kyns um sig í þessum stöðum að lágmarki 30% af starfsmannafjölda í slíkum stöðum í heild. Leitast verður við að jafna möguleika kynjanna til þess að axla aukna ábyrgð, m.a. með setu í vinnuhópum og nefndum innan bankans. Stofnuð var jafnréttisnefnd og er hún skipuð til tveggja ára í senn og heyrir undir bankastjórn. Í henni sitja fjórir fulltrúar, tveir tilnefndir af bankastjórn og tveir tilnefndir af starfsmannafélagi bankans. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar bankans og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í Seðlabankanum.

## ANNÁLL PENINGAMÁLA 1996



### Janúar

Hinn 1. janúar var lágmarksbinditíma verðtryggðra útlána breytt úr tveimur árum í þrjú ár.

Nýir flokkar húsbrefa (1.-3. fl. 1996), samtals að fjárhæð 13,5 ma.kr., voru gefnir út. Húsbrefin eru til 15, 25 og 40 ára.

Húsnæðisstofnun gaf út nýja flokka húsnæðisbréfa að fjárhæð 1,3 ma.kr. Þau eru til 15 og 40 ára. Útboðið fór fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis sem veitti sölutryggingu, og hafði það verið valið að undangengnu útboði.

### Febrúar

Hinn 1. febrúar kom stór flokkur spariskírteina (1991-1D5) til innlausnar, alls að verðmæti um 8 ma.kr. Flokkurinn var endurfjármagnaður með sérstöku skiptiuppboði. Í uppboðinu var selt úr spariskírteinaflokknum 1990-2D10 sem upphaflega var seldur sem 10 ára bréf, en var enduroppaður og seldur síðar sem 5 ára bréf. Þetta er í fyrsta skipti sem svo er gert og er til marks um þá stefnu ríkissjóðs að fækka á næstu árum flokkum ríkisskuldabréfa.

Hinn 21. febrúar hætti Seðlabanki Íslands að vera viðskiptavaki fyrir spariskírteini, húsnæðisbréf og ríkisbréf. Í staðinn samdi Seðlabankinn við þrjú verðbréfafyrirtæki um fjárvörslu og hlutverk viðskiptavaka með ríkisskuldabréf. Seðlabankinn afhenti verðbréfafyrirtækjunum til fjárvörslu tiltekinn hluta af verðbréfasafni sínu sem þau munu nota til þess að fjármagna og stunda eftirmarkaðsviðskipti með langtímabréf ríkissjóðs. Verðbréfafyrirtækin munu hvert um sig annast hlutverk viðskiptavaka með tvo ríkisskuldabréfaflokka. Jafnframt var gert samkomulag um að verðbréfafyrirtækin annist hlutverk viðskiptavaka með aðra þá flokka spariskírteina og húsnæðisbréfa sem Seðlabankinn hefur sinnt til þessa.



Reglum um fyrirgreiðslu til viðskiptavaka ríkisskuldabréfa var breytt í þeim tilgangi að auðvelda verðbréfafyrirtækjum að gegna hlutverki viðskiptavaka.

### **Mars**

Bandaríska matsfyrirtækið Standard & Poor's hækkaði mat sitt á láns-hæfi Íslands hinn 15. mars. Einkunn á langtímaskuldbindingum var hækkuð úr A í A+ og einkunn á skammtímaskuldbindingum úr A-1 í A-1+. Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs í innlendri mynt fengu láns-hæfiseinkunnina AA+. Í frétt frá Standard & Poor's kemur fram að það er einkum bætt hagstjórn, styrkari stjórn á auðlindum sjávar og aukinn sveigjanleiki í peninga- og ríkisfjármálum sem veldur hækkun á láns-hæfismati.

### **Apríl**

Sala hófst á öðrum hluta skuldabréfaútboðs Húsnaðisstofnunar á húsnaðisbréfum að fjárhæð 1,3 ma.kr.

Hinn 10. apríl lækkaði Seðlabanki Íslands ávöxtun í viðskiptum bankans með ríkisvixla á Verðbréfaþingi Íslands um 0,75 prósentustig. Lækkunin átti rætur að rekja til betri þróunar á gjaldeyris- og peningamörkuðum sem birtist m.a. í bættri gjaldeyrisstöðu bankans og minni markaðsverðbréfaeign hans.

Hinn 15. apríl tóku gildi lög frá Alþingi um verðbréfavíðskipti og lög um breytingar á lögum um Verðbréfaþing Íslands og verðbréfasjóði. Aðaltilgangur lagasetningarinnar var að færa íslensk lög til samræmis við löggjöf Evrópusambandsins.

Hinn 18. apríl birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir því að meðalhækkun verðlags yrði 2,1% frá 1995 til 1996 og hækkun á árinu 1996 yrði 2,0%. Spáð var að verðlag á öðrum ársfjórðungi myndi hækka um 0,6% eða 2,3% á ársvarða.

### **Mái**

Hinn 10. maí tóku gildi lög um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Aðaltilgangur lagasetningarinnar var að samræma eiginfjárákvæði og innlánstryggingarákvæði íslenskra laga löggjöf Evrópusambandsins.

Hinn 15. maí tóku gildi nýjar reglur um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa, nr. 253/1996, sem gefnar voru út af Seðlabanka Íslands 2. maí 1996.

Hinn 15. maí tóku gildi breytingar á lögum nr. 34/1991 um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri.

Hinn 24. maí tilkynnti fjármálaráðuneytið að það myndi nýta sér heimild til að innleysa í júlí þrjá spariskírteinaflokkka sem voru með loka-gjalddaga árið 2000. Þessir flokkar báru 8% til 9% nafnvexti. Þessa flokka skyldi síðan endurfjármagna með sérstöku skiptiuppbóði.

### **Júní**

Alþingi samþykkti lög um skattlagningu fjármagnstekna. Frá 1. janúar 1997 verður 10% skattur lagður á fjármagnstekjur.

Hinn 20. júní var gengisskráningarvog breytt vegna árlegrar endurskoðunar í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta á árinu 1995.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service tilkynnti 24. júní að fyrirtækið hefði ákveðið að hækka lánshæfiseinkunn á erlendum langtímaskuldbindingum ríkissjóðs úr A2 í A1. Moody's gefur skammtímalánum ríkissjóðs hæstu einkunn sem fyrirtækið veitir slíkum skuldbindingum. Moody's taldi að skipulagsbreytingar stjórnvalda í efnahagslífinu á tíunda áratugnum hefðu aukið jafnvægi í þjóðarbúskapnum, halli í rekstri hins opinbera hefði minnkað, verðbólga væri lítil, raungengi stöðugt, atvinnuleysi lítið á alþjóðlegan mælikvarða og vænta mætti mikils hagvaxtar á Íslandi á næstu árum.

Hinn 30. júní tóku gildi reglur um árshlutauppgjör viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, nr. 341/1996, sem Seðlabankinn gaf út 21. júní. Samkvæmt reglunum er helstu lánastofnunum nú skylt í fyrsta sinn að skila hálfársuppgjóri miðað við 30. júní ár hvert.

Hinn 30. júní tóku gildi nýjar reglur um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, nr. 348/1996, sem Seðlabankinn gaf út 14. júní. Gildistakan gagnvart fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er þó miðuð við 31. ágúst. Með þessum reglum eru eiginfjárákvæði svonefndrar CAD-tilskipunar Evrópusambandsins komin til framkvæmda hér á landi. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eru nú í fyrsta sinn háð sambærilegum eiginfjárákvæðum og aðrar lánastofnanir.

### **Júlí**

Sala hófst á þriðja hluta skuldabréfaútboðs Húsnæðisstofnunar á húsnæðisbréfum að fjárhæð 1,3 ma.kr.

Hinn 11. júlí birti Seðlabanki Íslands verðbólguþá sem gerði ráð fyrir því að meðalhækkun verðlags yrði 2,2% frá 1995 til 1996 og hækkun á árinu 1996 yrði 2,0%. Spáð var að verðlag á þriðja ársfjórðungi myndi hækka um 0,4% eða 1,6% á ársvarða.

### **September**

Hinn 23. september hækkaði Seðlabanki Íslands vexti sína gagnvart

innlánsstofnunum og ávöxtun í tilboðum bankans á Verðbréfaþingi Íslands um 0,4 prósentustig. Jafnframt var ákveðið að hækka lausafjárhlutfall innlánsstofnana úr 10% í 12% frá 1. október.

Verðbréfafyrirtækið Kaupþing hf. stofnaði verðbréfasjóð í Lúxemborg. Stefnt er að því að sjóðurinn verði skráður á verðbréfaþingi í Lúxemborg.

### **Október**

Sala hófst á fjórða hluta skuldabréfaútboðs Húsnaðisstofnunar á húsnaðisbréfum að fjárhæð 1,3 ma.kr.

Nýtt viðskiptakerfi Verðbréfaþings Íslands var tekið í notkun 11. október.

Hinn 15. október birti Seðlabanki Íslands nýja verðbólguþá sem gerði ráð fyrir því að meðalhækkun verðlags yrði 2,3% frá 1995 til 1996 og hækkun á árinu 1996 yrði 2,2%. Spáð var að verðlag á fjórða ársfjórðungi myndi hækka um 0,4% eða 1,4% á ársvarða.

### **Nóvember**

Bankavíxlar voru í fyrsta sinn skráðir á Verðbréfaþingi Íslands.

Undirbúningsnefnd um stofnun verðbréfamiðstöðvar skilaði skýrslu sinni. Nefndin lagði til að stofnað yrði hlutafélag um rekstur verðbréfamiðstöðvar sem hæfi starfsemi árið 1999. Nefndin samdi drög að frumvarpi um verðbréfamiðstöð.

Hinn 11. nóvember tók gildi reglugerð um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, nr. 571/1996, sem gefin var út af viðskiptaráðuneytinu 25. október 1996. Reglugerðin er í aðalatriðum sambærileg fyrri reglum sem giltu eingöngu gagnvart lánastofnunum, en fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eru nú í fyrsta sinn háð sömu reglum og lánastofnanir.

### **Desember**

Ákveðið var að framlengja samninga um fjárvörslu spariskírteina og ríkisbréfa til 28. febrúar 1997, en þeir áttu að falla úr gildi 31. desember 1996.



## FRÉTTIR SEÐLABANKA ÍSLANDS ÁRIÐ 1996

- |       |               |  |
|-------|---------------|--|
| Nr. 1 | 9. janúar     | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 2   | 6. febrúar    | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 3   | 21. febrúar   | Greiðslujöfnuður við útlönd á árinu 1995                                   |
| - 4   | 23. febrúar   | Breytingar á eftirmarkaði fyrir langtímaverðbréf ríkissjóðs                |
| - 5   | 6. mars       | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 6   | 15. mars      | Hækkun á alþjóðlegu lánshæfismati Íslands                                  |
| - 7   | 28. mars      | Ársfundur Seðlabanka Íslands   |
| - 8   | 9. apríl      | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 9   | 10. apríl     | Seðlabanki Íslands hækkar vexti  |
| - 10  | 11. apríl     | Endurskoðun á alþjóðlegu lánshæfismati Íslands                             |
| - 11  | 18. apríl     | Verðlagsþróun og horfur á þessu ári  |
| - 12  | 7. maí        | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 13  | 29. maí       | Jafnréttisáætlun fyrir Seðlabanka Íslands                                  |
| - 14  | 6. júní       | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 15  | 10. júní      | Greiðslujöfnuður við útlönd  |
| - 16  | 13. júní      | ICELAND-The Republic   |
| - 17  | 20. júní      | Samsetning gengisskráningarvogar   |
| - 18  | 21. júní      | Breytt málminnihald 5 og 10 króna myntar                                   |
| - 19  | 26. júní      | Moody's tilkynnir hækkun á lánshæfismati Íslands                           |
| - 20  | 3. júlí       | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 21  | 11. júlí      | Verðlagsþróun á öðrum ársfjórðungi og spá til loka árs                     |
| - 22  | 19. júlí      | Íslenskur peningaseðill hlýtur alþjóðleg verðlaun                          |
| - 23  | 6. ágúst      | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 24  | 3. september  | Greiðslujöfnuður við útlönd  |
| - 25  | 4. september  | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 26  | 23. september | Seðlabanki Íslands hækkar vexti og lausafjárhlutfall innlánsstofnana       |
| - 27  | 4. október    | Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands                        |
| - 28  | 9. október    | Skýrsla bankaeftirlits Seðlabanka Íslands um lífeyrissjóði fyrir árið 1995 |

- 29 10. október Skýrsla bankaeftirlits Seðlabanka Íslands um lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóði árið 1995
- 30 15. október Verðlagshorfur til ársloka 1996
- 31 29. október Haustskýrsla Seðlabanka Íslands. Peningamál: þróun, horfur og stefna
- 32 5. nóvember Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands
- 33 19. nóvember Greiðslujöfnuður við útlönd, janúar-september 1996
- 34 5. desember Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands

TÖFLUVIÐAUKI





1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun

Verðlag hvers árs í m.kr.	Einka- neysla	Sam- neysla	Fjár- muna- myndun	Birgða- breyt- ingar	Þjóðar- út- gjöld	Útfl. vöru og þjón. <sup>1</sup>	Innfl. vöru og þjón. <sup>1</sup>	Verg lands- framl.	Þátta- tekjur nettó	Við- skipta- jöfn- uður <sup>2</sup>	Verg þjóðar- framl.
1988	161.068	50.537	50.498	-3.085	259.023	81.721	84.100	256.645	-6.506	-8.942	250.138
1989	190.254	60.341	58.698	-8.143	301.150	106.282	99.240	308.192	-11.164	-4.462	297.028
1990	223.729	69.989	70.102	-4.256	359.564	124.246	119.595	364.215	-12.401	-7.922	351.814
1991	248.999	78.157	76.153	-901	402.408	124.943	130.305	397.046	-12.686	-18.658	384.360
1992	249.044	80.375	69.554	-445	398.528	121.248	121.943	397.833	-11.305	-12.473	386.528
1993	248.952	84.818	64.176	1.127	399.074	134.972	122.493	411.553	-11.868	341	399.685
1994	257.461	89.424	65.877	8	412.770	156.478	134.631	434.617	-12.836	8.385	421.781
1995	274.195	94.080	65.951	2.374	436.600	160.019	144.725	451.894	-11.555	3.433	440.339
1996 <sup>3</sup>	299.526	101.860	84.934	-1.028	485.292	175.159	173.550	486.901	-10.268	-9.123	476.633
<i>Hlutföll af landsframleiðslu (%)</i>											
1988	62,8	19,7	19,7	-1,2	100,9	31,8	32,8	100,0	-2,5	-3,5	97,5
1989	61,7	19,6	19,0	-2,6	97,7	34,5	32,2	100,0	-3,6	-1,3	96,4
1990	61,5	19,2	19,3	-1,3	98,7	34,1	32,9	100,0	-3,4	-2,2	96,6
1991	62,8	19,7	19,2	-0,3	101,4	31,5	32,8	100,0	-3,2	-4,7	96,8
1992	62,6	20,2	17,5	-0,1	100,2	30,5	30,7	100,0	-2,8	-3,1	97,2
1993	60,5	20,6	15,6	0,3	97,0	32,8	29,8	100,0	-2,9	0,1	97,1
1994	59,2	20,6	15,2	0,0	95,0	36,0	31,0	100,0	-3,0	2,1	97,0
1995	60,7	20,8	14,6	0,5	96,6	35,4	32,0	100,0	-2,6	0,8	97,4
1996 <sup>3</sup>	61,5	20,9	17,4	-0,2	99,7	36,0	35,6	100,0	-2,1	-1,9	97,9
<i>Magnbreytingar frá fyrra ári í %</i>											
1988	-3,8	4,7	-0,2	.	-0,6	-3,6	-4,6	-0,1	.	-0,9	-0,6
1989	-4,2	3,0	-7,9	.	-4,4	2,9	-10,3	0,3	.	-1,6	-0,1
1990	0,5	4,4	3,0	.	1,5	0,0	1,0	1,2	.	0,6	1,2
1991	4,1	3,1	2,0	.	5,2	-5,8	5,5	1,3	.	2,6	1,1
1992	-4,4	-0,8	-11,3	.	-5,3	-1,7	-7,8	-3,3	.	-4,4	-3,5
1993	-4,5	2,3	-11,5	.	-4,1	6,6	-8,7	0,8	.	-0,9	0,8
1994	1,8	3,7	-1,1	.	1,5	9,8	4,1	3,5	.	3,5	3,8
1995	4,6	1,3	-2,8	.	3,4	-2,3	3,8	1,2	.	2,1	1,6
1996 <sup>3</sup>	6,5	2,5	23,5	.	7,4	9,9	16,0	5,7	.	4,4	6,0
<i>Verðbreytingar frá fyrra ári í %</i>											
1988	25,4	23,9	18,7	.	23,2	18,3	19,2	22,8	.	.	23,2
1989	23,3	15,9	26,2	.	21,6	26,3	31,5	19,8	.	.	18,8
1990	17,0	11,2	15,9	.	17,6	16,9	19,3	16,8	.	.	17,0
1991	6,9	8,3	6,5	.	6,5	6,7	3,2	7,7	.	.	8,1
1992	4,7	3,7	3,0	.	4,6	-1,3	1,5	3,7	.	.	4,2
1993	4,6	3,1	4,1	.	4,4	4,4	9,9	2,5	.	.	2,5
1994	1,6	1,7	3,7	.	1,9	5,6	5,5	2,0	.	.	1,7
1995	1,9	3,9	3,0	.	2,3	4,7	3,6	2,8	.	.	2,8
1996 <sup>3</sup>	2,6	5,6	4,3	.	3,4	-0,4	3,4	1,9	.	.	2,1

1. Að frátöldum vöxtum og öðrum þáttatekjum. 2. Rekstrarframlög meðtalin. Rekstrarframlög hvers árs eru birt í töflu 4 á bls. 102. 3. Bráðabirgðatölur skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar í mars 1997.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

2. tafla. Fjármunamyndun

M.kr.	Á verðlagi hvers árs							
	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 <sup>1</sup>
Fjármunamyndun alls.....	58.730	70.007	76.060	69.599	64.176	65.877	65.951	84.934
Atvinnuvegir .....	32.502	38.516	42.182	36.120	28.932	30.580	33.577	50.749
Landbúnaður .....	1.616	1.441	1.830	1.628	1.883	1.806	1.607	2.100
Fiskveiðar <sup>2</sup> .....	4.216	2.711	2.911	5.950	2.146	3.471	1.546	4.900
Vinnsla sjávarafurða .....	1.265	1.730	1.413	1.408	1.679	2.429	3.166	4.000
Álverksmiðja .....	430	930	901	342	579	265	405	6.200
Járnblendiverksmiðja.....	230	105	41	10	44	113	93	260
Annar iðnaður .....	5.205	4.352	5.700	5.080	4.797	4.969	5.616	6.600
Rafvirkjanir og rafveitur.....	3.103	4.881	5.651	2.352	2.052	1.609	1.833	3.500
Hitaveitur .....	1.970	1.040	730	956	897	973	1.115	1.100
Vatnsveitur.....	370	605	720	549	564	462	548	600
Byggingarstarfsemi (vinnuvélar).....	1.377	1.744	2.473	1.562	1.528	1.274	1.749	2.590
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl. ....	4.700	4.721	4.330	4.397	3.884	3.548	3.850	4.500
Samgöngur.....	5.280	10.941	11.348	7.387	3.952	2.825	4.642	5.100
Póstur, sími, útvarp, sjónvarp.....	905	1.003	1.466	1.854	2.036	2.909	2.659	3.000
Tölvu- og skrifstofubúnaður.....	1.835	2.312	2.668	2.646	2.892	3.925	4.747	6.299
Íbúðarhús.....	15.936	18.666	19.104	18.912	18.212	18.667	17.338	18.935
Starfsemi hins opinbera .....	10.293	12.825	14.775	14.568	17.033	16.630	15.036	15.250
Vegir og brýr .....	1.728	2.292	2.602	2.641	4.442	3.982	3.546	3.850
Götur og holræsi .....	2.221	2.563	3.373	3.156	3.291	3.548	2.690	2.700
Byggingar hins opinbera.....	6.344	7.970	8.800	8.770	9.300	9.100	8.800	8.700
Fjármunamyndun, % af VÞF .....	19,8	19,9	19,8	18,0	16,1	15,6	15,0	17,8
Fjárfesting, % af VÞF <sup>3</sup> .....	17,0	18,6	19,5	17,9	16,3	15,6	15,5	17,6
Innlendur sparnaður, % af VÞF <sup>4</sup> .....	15,6	16,4	14,7	14,7	16,4	17,6	16,3	15,7

Magnvísitölur, 1990 = 100<sup>5</sup>

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 <sup>1</sup>
Fjármunamyndun alls.....	97,1	100,0	102,0	90,5	80,2	79,3	77,1	95,2
Atvinnuvegir .....	94,3	100,0	103,7	85,5	64,4	64,8	69,5	101,4
Landbúnaður .....	113,5	100,0	120,7	94,8	106,6	97,2	81,7	104,7
Fiskveiðar <sup>2</sup> .....	182,1	100,0	101,5	201,8	66,5	100,2	44,8	134,5
Vinnsla sjávarafurða .....	82,8	100,0	77,7	74,4	83,5	115,3	147,3	181,2
Álverksmiðja .....	55,1	100,0	91,4	33,6	53,3	23,3	34,8	517,3
Járnblendiverksmiðja.....	260,0	100,0	36,8	8,4	35,8	87,9	71,1	193,1
Annar iðnaður .....	137,2	100,0	124,2	106,9	93,8	92,1	101,5	115,7
Rafvirkjanir og rafveitur.....	72,9	100,0	108,7	43,8	37,0	28,4	31,4	56,8
Hitaveitur .....	197,9	100,0	65,2	83,5	76,6	81,0	90,0	86,2
Vatnsveitur.....	77,4	100,0	110,6	82,3	82,8	66,2	76,0	80,8
Byggingarstarfsemi (vinnuvélar).....	80,2	100,0	135,9	82,5	72,5	56,2	76,4	109,8
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl. ....	106,7	100,0	85,2	84,5	73,1	65,2	68,5	77,7
Samgöngur.....	56,3	100,0	98,8	61,8	31,3	22,0	34,3	36,3
Póstur, sími, útvarp, sjónvarp.....	101,3	100,0	135,8	167,7	173,9	236,3	211,7	231,8
Tölvu- og skrifstofubúnaður.....	80,6	100,0	110,6	105,5	103,5	130,6	156,3	201,3
Íbúðarhús.....	100,6	100,0	95,1	91,9	86,7	86,7	78,1	81,2
Starfsemi hins opinbera .....	101,4	100,0	107,3	103,4	118,3	112,8	98,8	97,4
Vegir og brýr .....	95,1	100,0	106,0	105,5	173,3	151,7	130,9	138,5
Götur og holræsi .....	109,3	100,0	122,9	112,8	114,8	120,8	88,7	86,7
Byggingar hins opinbera.....	100,6	100,0	102,6	99,8	103,6	99,0	92,7	89,0

1. Bráðabirgðatölur. 2. Fiskeldisstöðvar meðtaldar. 3. Fjármunamyndun og birgðabreytingar. 4. Fjárfesting að frádrögnum viðskiptahalla. 5. Magnvísitölur árána 1990-1996 eru reiknaðar á grundvelli verðlags ársins 1990, en vísitölur ársins 1989 eru miðaðar við verðlag ársins 1980.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.



3. tafla. Vísitölur verðlags

*Vísitala neysluverðs. Maí 1988=100<sup>1</sup>*

<i>Ársmeðaltöl</i>			1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
1985	57,9	Janúar	139,3	149,5	160,2	164,1	169,3	172,1	174,9
1986	70,2	Febrúar	141,5	150,0	160,4	165,3	169,5	172,3	175,2
1987	83,4	Mars	142,7	150,3	160,6	165,4	169,7	172,0	175,5
1988	104,6	Apríl	143,1	151,0	160,6	165,9	169,9	171,8	175,8
1989	126,7	Maí	144,4	152,8	160,5	166,3	169,9	172,1	176,9
1990	145,5	Júní	145,4	154,9	161,1	166,2	170,1	172,3	176,7
1991	155,4	Júlí	146,4	156,0	161,4	167,7	170,4	172,8	176,9
1992	161,2	Ágúst	146,8	157,2	161,4	169,2	170,5	173,5	178,0
1993	167,8	September	146,8	158,1	161,3	169,8	171,0	174,1	178,4
1994	170,3	Október	147,2	159,3	161,4	170,8	170,8	174,9	178,5
1995	173,2	Nóvember	148,2	160,0	161,4	170,8	170,7	174,3	178,6
